SKOÐUN Heimili eflast með skuldaleiðréttingu, segja þrír framsóknarþingmenn. **14**

MENNING Spekingar spjalla um Sjálfstætt fólk í Stúdentakjallaranum. **20**

LÍFIÐ Frumkvöðullinn Fida Abu Libdeh framleiðir fæðubótarefni úr kísil. **28**

SPORT Fyrrum Evrópumeistari í fimleikum er í íslenska landsliðinu í handbolta. **24**

LÆGRA VERÐ OG BREIÐASTA BROSIÐ
WOW air

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

Miðvikudagur
19. nóvember 2014
272. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014

MARKAÐURINN

Sjö milljarðar í arð

Fimm kvótahæstu fyrirtækin högnuðust samtals um fimmtán milljarða í fyrra. Arðgreiðslurnar nema sjö milljörðum. Yfir 2.000 ársverk eru unnin hjá fyrirtækjunum.

FRÉTTIR

Sautján ára með ráðstefnu Unnur Lárusdóttir er aðeins sautján ára en stendur í dag fyrir ráðstefnu í Hörpu um styttingu framhaldsskólanna. **6**

Ekki lengur frítt Fríar ferðir til og frá Ásbrú á Keflavíkurflugvelli, sem leigjendum hafa staðið til boða, falla niður um áramót. **10**

Hryðjuverk í Jerúsalem Forsætisráðherra hefur fyrirskipað að hús hryðjuverkamanna sem felldir voru eftir mannskæða árás í Jerúsalem í gær verði rifin. **12**

14

Bolungarvík	6°		SA	8
Akureyri	5°		SA	6
Egilsstaðir	6°		SA	7
Kirkjubæjarkl.	8°		SA	7
Reykjavík	9°		SA	9

ÁFRAM MILT Í dag verða suðaustan 5-10 m/s en 8-13 V-til. Dálítil rigning eða súld syðra en bjartviðri fyrir norðan. Hiti víðast 4-10 stig. **4**

2 SÉRBLÖÐ

Markaðurinn | Fólk

Konur fá lægri vexti

Nýjum lánaflokki hjá Byggðastofnun er ætlað að auka umsvif kvenna í atvinnurekstri úti á landi. Vextirnir eiga að vera hagstæðir og slegið af kröfum um veð.

BYGGÐAMÁL Byggðastofnun hefur sett á laggirnar nýjan lánaflokk til þess að styðja sérstaklega við fyrirtækjarekstur kvenna. Lán þessi verða eingöngu veitt fyrirtækjum sem eru í að minnsta kosti helmingseigu kvenna og undir stjórn kvenna.

Allt að tíu milljóna króna lán eru veitt þar sem slegið er af kröfum um veð fyrir lánum auk þess sem vextir af þeim eru hagstæðari en gengur og gerist hjá Byggðastofnun.

Þóroddur Bjarnason, formaður stjórnar Byggðastofnunar, segir þetta marka tímamót í lánastarfsemi stofnunarinnar.

„Þessu verkefni Byggðastofnunar er ætlað að ýta sérstaklega undir sprotafyrirtæki kvenna, en konur eru aðeins um 5% aðalumsækjenda um lán hjá stofnuninni."

PÓRODDUR BJARNASON

„Ég styð allar góðar aðgerðir til að efla hlut kvenna í atvinnulífinu," segir Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, formaður Félags kvenna í atvinnurekstri.

„Ef þessi lánastarfsemi leiðir til aukinna umsvifa kvenna vítt og breitt um landið og eykur tækifæri þeirra þá er það fagnaðarefni."

Ef þessi lánastarfsemi leiðir til aukinna umsvifa kvenna vítt og breitt um landið og eykur tækifæri þeirra þá er það fagnaðarefni.

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, formaður Félags kvenna í atvinnurekstri.

- sa, gb / sjá síðu 6

FJÖLSKYLDAN Í SKÚTUNNI Fimm manna fjölskylda, sem siglt hefur um heiminn síðastliðin sex ár, hefur nú vetursetu í Reykjavík og býr í seglskútu sinni. Eldri stúlkurnar eru í Austurbæjarskóla, faðirinn leitar sér að vinnu og móðirin sinnir yngsta barninu auk þess sem hún á von á barni sem hún hyggst fæða í skútunni í mars. **Sjá síðu 4** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Uppbygging í Helguvík:

Tvö á sömu lóð

SKIPULAGSMÁL Fyrirtækinu Thorsil er ætluð sama lóð og áður var hugsuð fyrir Atlantic Green Chemicals.

Jón Jónsson, lögmaður Atlantic Green, telur bæjaryfirvöld í Reykjanesbæ skulda skýringu.

„Frummatsskýrslan sem birtist á vef Skipulagsstofnunar og gerir ráð fyrir kísilverksmiðju Thorsil í Helguvík kom fyrirsvarsmönnum Atlantic Green Chemicals í opna skjöldu," segir Jón.

Pétur Jóhannsson, framkvæmdastjóri atvinnu- og hafnasviðs Reykjanesbæjar, segir rétt að Thorsil sé sett á lóð sem var áður hugsuð fyrir Atlantic Green Chemicals. Þó sé ekkert að óttast fyrir Atlantic Green. „Fyrirtækinu standa nú til boða aðrar lóðir sem geta nýst því í þeirri starfsemi sem það hyggur á í Helguvík."

- sa / sjá síðu 8

HÆFILEIKARÍK Svava er ákveðin í því að verða leikkona. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Söng sigurlagið í Skrekk:

Þess virði að missa úr skóla

TÓNLIST „Atriðið okkar var um tækni og hvernig hún er að taka yfir allt hjá okkur og stjórnar öllu," segir Svava Sól Matthíasdóttir, nemandi í 9. bekk í Seljaskóla, sem sigraði í hæfileikakeppninni Skrekk á mánudagskvöld.

Svava vakti sérstaka athygli þegar hún söng lokalag atriðisins og þótti gera það einstaklega vel. Svava er vön að syngja og leika á sviði en þessa dagana æfir hún fyrir jólasýningu Þjóðleikhússins. „Þótt ég missi alveg svolítið úr skólanum vegna æfinganna, þá er það alveg þess virði," segir hún.

- asi / sjá síðu 28.

Framkvæmdastjóri Strætó segist ætla að borga fyrirtækinu eina milljón:

Eyðilagði forstjórajeppa í laxveiði

STJÓRNSÝSLA Reynir Jónsson, framkvæmdastjóri Strætó, ók í sumar jeppa í eigu fyrirtækisins út í Norðurá og eyðilagði hann.

Reynir hugðist aka yfir Norðurá í veiðiferð í júlí. „Ég fékk vatn inn á vélina. Ég keyrði út í á og olli því," segir Reynir um tjónið.

Aðspurður hvers vegna séu ekki til tjónaskýrslur vegna óhappsins segir Reynir það vera vegna þess að tjónið hafi ekki verið tryggingarhæft. „Þetta var utanvegarakstur og þar fyrir utan var bíllinn ekki í kaskó. Þó hann hefði verið í kaskó þá hefðu tryggingarnar ekki bætt tjónið," segir Reynir.

Bílinn var á endanum seldur á partasölu fyrir 350 þúsund krónur. „Við ákváðum þá að reyna að fá eins mikið fyrir hann og hægt var í þessu ástandi sem hann var í og ég myndi taka á mig mismuninn sem var í kringum ein milljón króna." segir Reynir sem kveðst þó enn ekki hafa gert upp þessa milljón við Strætó.

- vh / sjá síðu 2

Lagði ég þessar upplýsingar beint á borðið hér og þessu var aldrei leynt.

Reynir Jónsson, framkvæmdastjóri Strætó.

SPURNING DAGSINS

Guðlaug, er þetta heilbrigt ástand?

„Allavega finnst þeim sjúklega gaman í vinnu."
Um átta af hverjum tíu starfsmönnum BHM hafa unnið í veikindum eða með veikt barn. Guðlaug Kristjánsdóttir er formaður BHM.

Kennarasamband Íslands stóð fyrir samstöðufundi til stuðnings tónlistarskólakennurum:

Lengra verkfall ekki látið kjurt liggja

VINNUMÁL Frestað var til dagsins í dag samningafundi tónlistarskólakennara sem stóð hjá Ríkissáttasemjara frá klukkan ellefu til fjögur í gær. Tónlistarskólakennarar lögðu niður störf 22. október síðastliðinn og verkfall þeirra er því að teygja sig inn í fimmtu viku.

Kennarasamband Íslands (KÍ) stóð í gær fyrir samstöðufundi til stuðnings tónlistarkennurum. Með því segir Aðalheiður Steingrímsdóttir, varaformaður KÍ, hafnar aðgerðir til stuðnings félögum KÍ í verkfalli. Kennarar í Menntaskólanum á Akureyri og Verkmenntaskólanum lögðu niður störf klukkan tvö í gær til að sýna tónlistarkennurum stuðning í verki.

Aðalheiður segir KÍ hafa sent út áskorun til forystufólks félaga um land allt um að styðja tónlistarkennara. Hún segir hins vegar ekkert hægt að spá um frekari aðgerðir annarra hópa innan HÍ dragist verkfall tónlistarskólakennara enn á langinn. Hún sagði þó ljóst að það myndi ekki verða „látið kjurt liggja". Í ályktun samstöðufundar KÍ í Hörpu í gær var samþykkt ályktun þar sem segir: „Mál er að linni. Við krefjumst þess að samið verði strax við tónlistarkennara svo að þeir geti snúið aftur til sinna mikilvægu starfa." Á fundinum talaði fjöldi ræðumanna og tónlistarfólks.

„Fjögurra vikna verkfall! Nú er nóg komið, við viljum samninga strax," sagði Þórður Árni Hjaltested, formaður KÍ, á fundinum.

- óká

Á BARÁTTUFUNDI KÍ Í HÖRPU Fjöldi listamanna auk ræðumanna stigu á svið í Norðurljósasalnum síðdegis í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Í SÆVARHÖFÐA Deilt er um lóðarsamning. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Björgun mótmælir uppsögn:

Neita að víkja úr Sævarhöfða

SKIPULAGSMÁL „Ljóst er að tilgangslaust er að þræta um gildistíma lóðarleigusamnings," segir í bréfi lögmanns Björgunar þar sem harðlega er mótmælt ákvörðun Faxaflóahafna um að segja upp lóðarleigusamningi Björgunar í Sævarhöfða. Björgun segist vilja 50 þúsund fermetra lóð í Sundahöfn í staðinn. „Björgun mun ekki víkja af lóð þeirri sem fyrirtækið hefur nú til umráða nema framtíðarlausn finnist í staðsetningarmálum fyrirtækisins."

- gar

Hækkun á rafmagnsverði:

Niðurgreiða hitunina meira

ORKUMÁL Ríkisstjórnin mun leggja til að rúmum níutíu milljónum króna til viðbótar verði varið í niðurgreiðslur til húshitunar. Er það gert til að bregðast við fyrirhuguðum hækkunum á kostnaði við rafhitun húsnæðis. Alls er því áætlað að rúmlega einn og hálfur milljarður renni í málaflokkinn. Einn af hverjum tíu íbúum landsins hefur ekki kost á því að hita hýbýli sín með jarðvarma.

- joe

LEIÐRÉTT

Kamilla Ingibergsdóttir hefur hafið störf hjá hljómsveitinni Of Monsters and Men en þó ekki sem framkvæmda- og kynningarstjóri eins og kom fram í Fréttablaðinu á laugardag og mánudag.

Eyðilagði jeppann í laxveiði

Framkvæmdastjóri Strætó ók jeppa sem hann hafði til umráða út í Norðurá í sumar og eyðilagði í honum vélina. Ekki þótti taka því að gera við jeppann sem var seldur. Reynir segist ætla að greiða tjónið sem nemur einni milljón króna. Hann hefur skilað 10 milljóna króna jeppa sem keyptur var eftir tjónið og tekur nú strætó.

STJÓRNSÝSLA Reynir Jónsson, framkvæmdastjóri Strætó bs., varð sjálfur valdur að tjóni á bíl sem hann hafði til umráða og var í eigu fyrirtækisins. Mikið hefur verið fjallað um bílakaup Reynis undanfarið en eftir að tjónið á jeppanum varð keypti Reynir 10 milljóna króna jeppa sem hann hefur nú skilað.

Óhappið áðurnefnda varð með þeim hætti að vatn komst inn á vél bílsins, Grand Cheerokee-jeppa árgerð 2005, þegar Reynir var að keyra hann yfir Norðurá þar sem hann var í veiðiferð í júlí.

„Bíllinn er að upplagi tjónabíll þegar hann er keyptur, þess vegna er það skráð í skráningarskírteinið að hann sé tjónaður. Það sem gerist síðan er að ég lendi aftur í tjóni sem ég veld sjálfur á bílnum. Ég fékk vatn inn á vélina. Ég keyrði út í á og olli því," segir Reynir.

Þegar vatn komst inn á vélina stöðvaðist bíllinn og veiðifélagi Reynis sem var á öðrum jeppa hjálpaði honum að draga bílinn upp úr ánni. Aðspurður hvers vegna séu ekki til tjónaskýrslur vegna óhappsins segir Reynir það vera vegna þess að tjónið hafi ekki verið tryggingarhæft.

„Þetta var utanvegarakstur og þar fyrir utan var bíllinn ekki í kaskó. Þó hann hefði verið í kaskó þá hefðu tryggingarnar ekki bætt tjónið. Þess vegna lagði ég þessar upplýsingar beint á borðið hér og þessu var aldrei leynt."

Aðspurður segist Reynir hafa verið allsgáður þegar óhappið átti sér stað. „Ég var ekki undir áhrifum áfengis. Ég var bara í veiðiferð og var að keyra yfir á."

Farið hafi verið með bílinn á verkstæði í Reykjavík og ljóst hafi verið í ágúst að það tæki því ekki að gera við hann þar sem það hefði kostað 1.300 til 1.500 þúsund. Því hafi bíllinn verið seldur á partasölu fyrir 350 þúsund krónur. „Við ákváðum þá að reyna að fá eins mikið fyrir hann og hægt var í þessu ástandi sem hann var í og ég myndi taka á mig mismuninn sem var í kringum ein milljón króna."

TEKUR NÚNA STRÆTÓ Reynir skilaði 10 milljóna króna bílnum á mánudag og tekur nú strætó til vinnu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Reynir segist ekki enn hafa gert upp þessa milljón við Strætó því það eigi eftir að formgera með hvaða hætti það verði.

Mikil ólga hefur verið innan Strætó og hefur DV meðal annars fjallað um óánægju meðal starfsmanna í garð Reynis. Hann gerir lítið úr því og segist ekki óttast um stöðu sína innan fyrirtækisins.

„Ég fæ ekki alveg tengingu milli þess að fólk sé að nudda mér upp úr einhverjum bílakaupum og almennri óánægju starfsmanna. Ég les þetta frekar þannig að það eru einhverjir starfsmenn sem vilja koma á mig höggi. Það er allt í lagi, þá hafa þeir bara sínar aðferðir við það en ég hef ekki ástæðu til að óttast um stöðu mína. Ég hef ekki gert neitt rangt," segir Reynir.

Sem áður sagði skilaði Reynir bílnum á mánudag og segist sáttur við það.

„Bíllinn sem slíkur hefur ekkert persónulegt gildi fyrir mig. Þetta er bara bíll. Það er auðvitað ekki þar með sagt að ég sé að afsala mér hlunnindunum."

En sér Reynir eftir að hafa keypt svona dýran bíl?

„Ég skil alveg þau sjónarmið sem eru uppi. Ég legg alveg skilning í þau og þess vegna skilaði ég bílnum þegar þetta kom upp," segir Reynir en stjórn Strætó bs. fór fram á að hann skilaði bílnum. Reynir hefur ekki fest kaup á nýjum bíl og segist ekki vera farinn að hugsa svo langt. Meðan hann er bíllaus tekur hann strætó í vinnuna.

> **Ég hef ekki ástæðu til að óttast um stöðu mína. Ég hef ekki gert neitt rangt.**
> *Reynir Jónsson, framkvæmdastjóri Strætó bs.*

„Ég var að koma úr fríi á sunnudag, skilaði bílnum og tók strætó. Það er ófrágengið allt saman hvernig þetta verður. Ég er með bílahlunnindi en ef fyrirtækið vill fara með það í annan farveg þá er ég alveg opinn fyrir því en það er bara ófrágengið."

viktoria@frettabladid.is

Gísli Freyr ræddi tvisvar við lögreglustjóra Suðurnesja í kjölfar lekans:

Hringdi tvisvar í lögreglustjóra

STJÓRNSÝSLA Gísli Freyr Valdórsson, fyrrverandi aðstoðarmaður innanríkisráðherra, viðurkennir að hafa rætt við Sigríði Björk Guðjónsdóttur, fyrrverandi lögreglustjóra á Suðurnesjum og núverandi lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins, um málefni hælisleitandans Tony Omos daginn sem fréttir byggðar á lekanum voru birtar. Áður hafði hann neitað því.

SIGRÍÐUR BJÖRG GUÐJÓNSDÓTTIR

„Ég átti tvö símtöl við Sigríði þennan dag og í öðru þeirra ræddum við Omos," segir Gísli Freyr. Hann hafi spurt út í rannsóknina, hvernig hún stæði og hvenær henni ætti að ljúka. Það hafi verið lítið um svör og að hann hafi aldrei rætt við lögreglustjórann áður en hann lak minnisblaðinu úr ráðuneytinu. Hann bætir því við að auðvitað séu þetta hlutir sem hann hefði betur látið ógert líkt og annað sem tengist hans þætti í þessu máli.

Sigríður Björk sendi frá sér yfirlýsingu í gær vegna málsins en þar segir hún meðal annars að ekkert í samskiptum þeirra hafi gefið til kynna að Gísli Freyr hefði lekið upplýsingunum. Hún hafi fengið veður af málinu í kjölfar fjölmiðlaumfjöllunar um það. Sigríður hefur óskað eftir upplýsingum um umrædd símtöl úr gögnum Ríkissaksóknara.

- joe

FYRRVERANDI AÐSTOÐARMAÐUR Gísli Freyr ræddi við lögreglustjóra í kjölfar lekans. FRÉTTABLAÐIÐ/GUNNAR

Fylgstu með á Facebook Lindex Iceland
#WantIt
Skyrta,
1995
LINDEX

SVONA ERUM VIÐ

92 **þúsund færri varphæsni voru á Íslandi**

árið 2012 en árið 1982.

Á þessu tímabili fækkaði hænsnunum úr 292 þúsundum í 200 þúsund fugla. *Heimild: Hagstofa Íslands.*

Eitt samfellt starfsendurhæfingarkerfi í hættu ef ríkið greiðir ekki í verkefnið:

Ríkið standi við lög og samninga

ATVINNUMÁL Ekki verður mögulegt fyrir VIRK starfsendurhæfingarsjóð að taka við öllum einstaklingum sem þurfa á þjónustunni að halda, ef ríkið greiðir ekki með þeim einstaklingum. Þetta er mat forsvarsmanna starfsendurhæfingarsjóðsins.

VIRK starfsendurhæfingarsjóður bendir á lög og samninga þess efnis að ríkissjóður hafi ætlað að koma að fjármögnun starfsendurhæfingarsjóðsins til að tryggja eitt samfellt kerfi í starfsendurhæfingu. Fjármagn hefur ekki komið í sjóðinn frá ríkinu. Af þessum sökum telur sjóðurinn sig ekki geta tekið við öllum einstaklingum.

Í umsögn stjórnar VIRK til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis gagnrýnir stjórnin vinnubrögð ríkisvaldsins og skorar á stjórnvöld að standa við gerða samninga til þess að geta haldið úti starfsemi fyrir alla landsmenn. Fram hefur komið að ábati af starfsemi VIRK sé um 10 milljarðar á ári, ef marka má skýrslu Talnakönnunar ehf. - sa

VIRK STARFSENDURHÆFING Ábatinn af starfinu talinn 10 milljarðar á ári. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hagnaðist um 210 milljónir:

Afkoma Sjóvár verri en í fyrra

VIÐSKIPTI Rekstur Sjóvár-Almennra tryggginga hf. skilaði 210 milljóna króna hagnaði á þriðja ársfjórðungi miðað við 851 milljón á sama tímabili í fyrra.

Hagnaður Sjóvár á fyrstu níu mánuðum ársins hefur því dregist saman úr tæpum 1,7 milljörðum árið 2013 í 415 milljónir í ár.

„Enn sem komið er merkjum við ekki aukna tjónatíðni almennt, þótt reikna megi með slíkri þróun á næstu misserum," segir Hermann Björnsson, forstjóri Sjóvar. - hg

FUNDARMENN Ungmennin ræddu meðal annars menntamál, velferðarmál og eineltismál við ríkisstjórnina. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna verður brátt 25 ára:

Funduðu með ríkisstjórninni

STJÓRNMÁL Þann 20. nóvember næstkomandi á Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna 25 ára afmæli. Af því tilefni hittu sex ungmenni, á aldrinum fjórtán til átján ára, ríkisstjórnina og ræddu um málefni er varða sáttmálann og málefni barna.
Hópinn skipuðu Bjartur Thorlacius, Brynhildur Kristín Ásgeirsdóttir, Kristján Helgason, Lilja Hrund Ava Lúðvíksdóttir, Lilja Reykdal Snorradóttir og Sara Mansour. - joe

Ákærðu í Asertamálinu:

Njósnuðu um viðskiptavinina

DÓMSMÁL Ákæruvaldið í Asertamálinu lagði fram gögn við aðalmeðferð málsins í Héraðsdómi Reykjaness í gær sem benda til þess að tveir ákærðu í málinu hafi sett upp njósnabúnað í tölvum viðskiptavina sinna. Það eru þeir Gísli Reynisson og Karl Löve Jóhannsson en því neita þeir báðir. Verjendur hinna ákærðu sögðu þessi gögn ekki hluta sakarefna og að þau væru eingöngu lögð fram til að sverta mannorð skjólstæðinga. Dómari féllst á það og var málið ekki rætt frekar. - skh

Næsti fundur á föstudaginn:

Árangurslaus deilufundur

KJARAMÁL Samninganefndir lækna og ríkisins funduðu árangurslaust í gær í húsakynnum Ríkissáttasemjara. Fundurinn hófst klukkan fjögur og stóð í rúmar tvær klukkustundir. Næsti fundur hefur verið boðaður á föstudag.

Verkfall lækna og skurðlækna hefur nú staðið yfir í rúmar þrjár vikur og ekki sér fyrir endann á því. Fjölda aðgerða hefur verið slegið á frest, biðlistar lengjast og aðrir myndast þar sem engir voru fyrir. - joe

Fjórða barnið fæðist við Reykjavíkurhöfn

Fimm manna erlend fjölskylda býr í lítilli skútu rétt neðan við Kaffivagninn og ætlar að hafa vetursetu í Reykjavík. Sjötti fjölskyldumeðlimurinn er væntanlegur í mars og ætlar móðirin að fæða barnið í skútunni og faðirinn mun taka á móti því.

FÓLK Það tekur tímann sinn að finna skútuna sem fjölskyldan býr í, einfaldlega af því að blaðamanni dettur ekki í hug að fimm manna fjölskylda geti búið í svo lítilli skútu og horfir því fram hjá henni.

Hjónin Natasha og Jay Thompson González birtast svo glaðleg á dekkinu og bjóða blaðamanni inn. Gólfflöturinn í skútunni er í mesta lagi þrjátíu fermetrar en rýmið er ótrúlega vel nýtt. Börnin þrjú kúra í einu rúminu, eldri stelpurnar eru nýkomnar úr skólanum en sú yngsta er heima hjá foreldrum sínum yfir daginn.

Fjölskyldan hefur ferðast um heiminn í sex ár og sú yngsta fæddist um borð þegar þau höfðu vetursetu á eyjunni Martiník. Fjórða barnið er væntanlegt um miðjan mars og mun Jay þá taka á móti barninu í skútunni, eins og því síðasta.

„Þetta barn verður fætt á Íslandi," segir Natasha brosandi en ætlunin er að vera á Íslandi fram á næsta sumar.

Jay, sem er frá Bandaríkjunum, ferðaðist um heiminn á skútu og kynntist Natöshu, einstæðri tveggja barna móður, á Kosta Ríka.

„Og hún hoppaði um borð," segir Jay sem ættleiddi eldri dæturnar tvær. Síðan hefur fjölskyldan verið á sjó, þó aðallega í Suður- og Mið-Ameríku.

En af hverju veturseta á Íslandi? „Við eigum íslenskan vin og heilluðumst af landinu í gegnum hann. Við höfum heldur ekki orðið fyrir vonbrigðum," segir Natasha. „Stelpurnar eru byrjaðar í Austurbæjarskóla og þær ganga sjálfar í skólann héðan, það er bara hálftíma gangur."

INNI Í SKÚTUNNI Fjölskyldan les mikið, teiknar og spjallar saman. Hún er afar samhent og hjálpast að við verkefni daglega lífsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

→ Ítarlegra viðtal við fjölskylduna er að finna á Vísi.

Luna, sem er átta ára, grípur fram í og segir að það sé gaman í íslenskum skóla og hún kunni að telja upp í tíu á íslensku. Sem hún gerir svo með glæsibrag.

Skútulífið er lífsstíll þar sem samvera fjölskyldunnar er í hávegum höfð og börnin fá að kynnast heiminum af eigin raun

> **Stelpurnar eru byrjaðar í Austurbæjarskóla og þær ganga sjálfar í skólann héðan.**

„Við ætlum að vera á flakki þar til stelpurnar verða táningar en þá munum við koma okkur einhvers staðar fyrir," segir Natasha.

En hvernig hafa þau ráð á þessu? „Ég tek vinnutarnir inn á milli og er núna til dæmis að leita mér að vinnu á Íslandi," segir Jay. „Svo lifum við mjög sparlega, veiðum fisk í matinn og nóg er af honum hér." erlabjorg@frettabladid.is

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



LITLAR BREYTINGAR Áfram milt og fínt veður víða um land. Suðaustanáttin verður áfram ríkjandi með bjartviðri fyrir norðan en dálítil væta með köflum um sunnanvert landið.

Alicante	21°	Friedrichshafen	9°	New York	1°
Aþena	21°	Gautaborg	7°	Orlando	17°
Basel	13°	Kaupmannahöfn	7°	Ósló	4°
Berlín	5°	Las Palmas	23°	París	11°
Billund	7°	London	11°	San Francisco	16°
Frankfurt	9°	Mallorca	21°	Stokkhólmur	5°



Á MORGUN 8-13 m/s V-til, annars hægari.

FÖSTUDAGUR 5-10 m/s.

Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is
FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kkolbeins@365.is,
FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **PJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

E&Co. — eogco.is

• **Verið hjartanlega velkomin.** Geysir Skólavörðustíg, Akureyri og Haukadal. Sími 519 6000 — www.geysir.com — *Húfan Erna 5.800 kr.* •

VEISTU SVARIÐ?

1. Hversu útbreitt er þrælahald talið vera á jörðinni?
2. Hvað bætti sunddrottningin Eygló Ósk Gústafsdóttir mörg Íslandsmet um helgina?
3. Hver er formaður samninganefndar Læknafélags Íslands?

SVÖR
1. 36 milljónir manna eru taldar í ánauð.
2. Sex. **3.** Sigurveig Pétursdóttir.

Verslunarskólanema þótti tími til kominn að ræða framtíðarþróun skólamála og tók til sinna ráða:

Sautján ára stúlka með ráðstefnu í Hörpu

SAMFÉLAGSMÁL „Vandamálið er að nemendur eru ekki nógu upplýstir um styttinguna og vita í raun ekkert hvað koma skal," segir Unnur Lárusdóttir, sautján ára nemi í Verzlunarskóla Íslands, sem stendur í dag fyrir ráðstefnu í Hörpu sem ber yfirskriftina: Stytting framhaldsskólanna. Frábær eða fáránleg?

Forsagan er sú að Unnur fór til Bandaríkjanna í sumar á ráðstefnu þar sem krakkar frá bæði Evrópu og Ameríku hittust. „Ég fór að velta því fyrir mér hvaða vandamál mér fannst mest áberandi meðal krakka á mínum aldri á Íslandi," segir hún.

Umræðan í þjóðfélaginu varðandi styttingu framhaldsskólanna er ákaflega skipt að mati Unnar. „Mér finnst fólk annaðhvort alfarið á móti þessu eða alfarið með styttingunni. Fólk er svo mikið að mynda sína afstöðu út frá mismunandi mýtum í samfélaginu. Það er bein afleiðing af því að fólk er ekki nógu upplýst," útskýrir hún.

Unnur, sem stendur ein fyrir skipulagningunni, segist hafa fengið góð viðbrögð úr öllum áttum. Hennar ungi aldur hafi ekki verið fyrirstaða heldur drifkraftur.

Ráðstefnan verður milli fimm og sjö og er aðgangur ókeypis. Meðal ræðumanna eru menntamálaráðherra, skólastjóri Verzlunarskólans og prófessor við menntavísindasvið Háskóla Íslands. „Ég vona bara að mér takist að fylla salinn og að þetta hafi áhrif," segir Unnur.

- nej

GÓÐ VIÐBRÖGÐ „Öllum finnst þetta svo þarft í umræðunni. Þess vegna voru allir sem ég hef talað við mjög sáttir við þetta," segir Unnur Lárusdóttir.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

LÚÐRASVEIT Verkfall bitnar á 400 tónlistarnemum í Hafnarfirði.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Verkfall tónlistarkennara:

Skólagjöldin ekki innheimt

SKÓLAMÁL Fræðsluráð Hafnarfjarðar hefur samþykkt að felld verði niður skólagjöld sem nemur þeim tímafjölda sem fellur niður vegna verkfalls tónlistarkennara hjá nemendum sem verkfallið bitnar á.

Í Tónlistarskóla Hafnarfjarðar eru um sex hundruð nemendur og bitnar verkfallið á um fjögur hundruð nemendum að því er segir í fundargerð fræðsluráðsins. Af 49 kennurum skólans eru 33 í Félagi tónlistarkennara.

- gar

Viðræður hafnar á ný:

Styttist í lokafrest Íransdeilu

AUSTURRÍKI, AP Viðræður sex ríkja við Íransstjórn um kjarnorkuáætlun Írans eru að hefjast á ný, en aðeins vika er þangað til lokafrestur til þess að ná samkomulagi rennur út.

Það eru Bandaríkjamenn, Bretar, Rússar, Kínverjar, Frakkar og Þjóðverjar sem vilja að Íranar sýni fram á að þeir ætli ekki og geti ekki komið sér upp kjarnorkuvopnum.

Samskipti Írans og Vesturlanda hafa skánað töluvert síðan í sumar. Ekki er útilokað að fresturinn verði framlengdur.

- gb

Byggðastofnun býður ný lán eingöngu ætluð konum

Nýjum lánaflokki hjá Byggðastofnun er ætlað að styðja við atvinnustarfsemi kvenna úti á landi. Jafnréttismál eru meðal allra brýnustu byggðamála að mati stofnunarinnar. Slegið er af kröfum um veð fyrir lánum.

BYGGÐAMÁL Byggðastofnun hefur sett á laggirnar nýjan lánaflokk til þess að styðja við fyrirtækjarekstur kvenna. Lán eru veitt upp á allt að tíu milljónum þar sem slegið er af kröfum um veð fyrir lánum auk þess sem vextir af þessum lánum eru hagstæðari en gengur og gerist hjá Byggðastofnun. Lán þessi verða eingöngu veitt fyrirtækjum sem eru í að minnsta kosti helmingseigu kvenna og undir stjórn kvenna.

Þetta er liður Byggðastofnunar í því að sporna við einhæfu atvinnulífi á landsbyggðunum og skorti á atvinnutækifærum við hæfi vel menntaðs fólks af báðum kynjum. Því er settur á laggirnar þessi lánaflokkur fyrir fyrirtækjarekstur kvenna á starfsvæði þeirra í von um að ýta undir fjölbreyttari tækifæri fyrir konur í byggðum landsins.

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, formaður Félags kvenna í atvinnurekstri, fagnar þessum nýja lánaflokki. „Ég styð allar góðar aðgerðir til að efla hlut kvenna í atvinnulífinu. Ef þessi lánastarfsemi leiðir til aukinna umsvifa kvenna vítt og breitt um landið og eykur tækifæri þeirra þá er það fagnaðarefni."

Þóroddur Bjarnason, formaður stjórnar Byggðastofnunar, segir þetta marka tímamót í lánastarfsemi stofnunarinnar.

„Þessu verkefni Byggðastofnunar er ætlað að ýta sérstaklega undir sprotafyrirtæki kvenna, en konur eru aðeins um 5% aðalumsækjenda um lán hjá stofnuninni. Í mörgum byggðum er vinnumarkaðurinn tiltölulega einsleitur og oft mjög kynskiptur. Lítil sprotafyrirtæki geta auðgað atvinnulífið og skapað ný störf til viðbótar við hefðbundin störf dreifðari byggða. Það á ekki síst við um konur sem sjá tækifæri til að skapa sér þannig störf við hæfi á þeim stað sem þær vilja."

Fyrirtæki úti á landi sem eru í eigu kvenna eða er stýrt af konum eru í minnihluta þeirra sem eru í viðskiptum við fjármálafyrirtæki. Nokkrar ástæður eru taldar fyrir því, karllægur vinnumarkaður á landsbyggðunum, karlar séu ráðandi í stjórnun fyrirtækja og að lánareglur henti illa stærð og tegund fyrirtækja sem konur reka.

Verkefnið er aðeins lánshæft leiði það til aukinnar atvinnusköpunar kvenna á landsbyggðunum. Lánin sem veitt eru úr þessum flokki eru frá einni milljón króna til tíu milljóna. Ekki er gerð krafa um veð á lánum upp að fimm milljónum.

sveinn@frettabladid.is

BYGGÐASTOFNUN Ný lán eiga að rétta hlut kvenna.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

ÞÓRDÍS LÓA ÞÓRHALLSDÓTTIR

> **Þessu verkefni Byggðastofnunar er ætlað að ýta sérstaklega undir sprotafyrirtæki kvenna**
> *Þóroddur Bjarnason, formaður stjórnar Byggðastofnunar*

BAKSTURINN HEFST Í HAGKAUP

HNETUSMJÖRS-OG SÚKKULAÐIKÖKUR.

300 g smjör
200 g sykur
200 g púðursykur
2 dl hnetusmjör, ósætt
2 tsk. Vanilla extract eða vanillusykur
3 egg
500 g Finax fínt mjöl
2 tsk. Vínsteinslyftidft
200 g súkkulaði, saxað

Aðferð: Hitið ofninn í 180°C (blástur). Hrærið smjör, báðar tegundir af sykri, hnetusmjöri og vanillu þar til blandan er kremkennd. Bætið eggjum út í, einu í einu og hrærið vel á milli. Blandið hveitinu og lyftiduftinu saman við og hrærið vel í deiginu. Saxið súkkulaði og bætið við með sleif. Setjið bökunarpappír á ofnplötu og setjið deigið með 2 teskeiðum, með góðu millibili á plötuna. Bakið kökurnar í um það bil 10 - 12 mínútur. Kælið áður en þið þekjið helminginn með súkkulaði. Bræðið 150 g af súkkulaði yfir vatnsbaði, dýfið helmingnum af kökunni ofan í og leggið á bökunarpappír og leyfið súkkulaðinu að stífna áður en þið setjið kökurnar í kökubox.

Eva Laufey bakar og eldar af mikilli gleði og ástríðu. KORNAX sér um hráefnið.

SYSTU LAKKRÍSTOPPAR

3 stk eggjahvítur
200 gr púðusykur
150 g rjómasúkkulaði
2 pokar Appolo lakkrís kurl

Aðferð: Stífþeytið eggjahvítur og púðusykur hræra í 15 mín. Saxið rjómasúkkulaði smátt. Blandið lakkrískurli og súkkulaði saman með sleif við stífþeyttu eggjahvíturnar (ekki í hrærivél). Baka á smjörpappír, 2 plötur, látið á með skeið. Bakið við 150°C í 14 min.
Ath! Hiti og tími getur verið breytilegur eftir ofnum.

Skurðarmót í úrvali
T.d. engill, epli, jólabjalla, köttur, hundur, hreindýr
Verð frá 259 kr stk.

ALLT Í BAKSTURINN Á EINUM STAÐ

Westmark sigti 16 sm - 999 kr

Westmark sprautupoki með 5 stútum 1.199 kr

Gott verð
Lindu hvítt súkkulaði 200gr. **339 kr**

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Borgin styðji frumvarpið:

Áfengi fari í fleiri hverfi

STJÓRNMÁL **Hildur Sverrisdóttir**, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks, vill að borgarstjórn styðji frumvarp á Alþingi um breytingar á lögum um áfengisverslun.

Hildur lagði þetta til á borgarstjórnarfundi í gær. Hún vísar til þess að í aðalskipulagi Reykjavíkur er gert ráð fyrir áherslum sem kallast „Kaupmaðurinn á horninu“ og fela í sér að dagleg verslun og þjónusta sé í sem mestri nálægð við íbúana. Hildur segir að áfengisverslanir séu ekki í öllum hverfum borgarinnar.

- jhh

Steinmeier á fundum:

Vill láta skipta Úkraínu upp

RÚSSLAND, AP Frank-Walter Steinmeier, utanríkisráðherra Þýskalands, vill skipta Úkraínu með hraði á milli stjórnarinnar í Kænugarði og uppreisnarmanna í austurhlutanum, í von um að með því megi bjarga friðarsamkomulaginu sem gert var í haust.

Steinmeier hefur undanfarna daga verið á fundum til skiptis hjá stjórnvöldum í Moskvu og Kænugarði. Rússar hafa verið sakaðir um að brjóta friðarsamkomulagið með því að styðja uppreisnarmenn með því að senda þeim bæði hermenn og vopnabúnað.

- gb

Fengu lóð sem öðrum var útdeilt og heimta skýringu

Frummatsskýrsla Thorsil í Helguvík setur skipulagsmál í óvissu. Annað fyrirtæki, Atlantic Green Chemicals, hafði vilyrði fyrir lóðinni. Það fyrirtæki er með samþykkt umhverfismat vegna fyrirhugaðrar starfsemi sinnar.

REYKJANESBÆR Í frummatsskýrslu um umhverfismat Thorsil í Helguvík, sem birtist á vef Skipulagsstofnunar þann 24. október, sést að fyrirhuguð staðsetning þess er á sömu lóð og áður hafði verið hugsuð fyrir annað fyrirtæki.

Hitt fyrirtækið heitir Atlantic Green Chemicals og er með samþykkt umverfismat fyrir starfsemi sína á sömu lóð. Fyrirtækið hefur jafnframt fengið undirritaða staðfestingu fyrir vilyrði þeirrar lóðar.

Atlantic Green Chemicals er eitt af þeim fyrirtækjum sem ætla sér að byggja upp iðnað í Helguvík. Mun fyrirtækið nota varmaorku frá kísilverum í sína framleiðslu.

Jón Jónsson, lögmaður fyrirtækisins, telur bæjaryfirvöld þurfa að skýra frá því hvers vegna þetta hafi gerst

„Frummatsskýrslan sem birtist á vef Skipulagsstofnunar og gerir ráð fyrir kísilverksmiðju Thorsil í Helguvík kom fyrirsvarsmönnum Atlantic Green Chemicals í opna skjöldu. Verksmiðjan á að vera á þeirri lóð þar sem fyrirhuguð uppbygging Atlantic Green Chemicals á að vera. Við höfum klárað umhverfismat sem Skipulagsstofnun samþykkti í maí 2012. Því kemur þetta mjög á óvart. Við munum fara fram á svör vegna þessa,“ segir Jón.

Pétur Jóhannsson, framkvæmdastjóri atvinnu- og hafnasviðs Reykjanesbæjar, segir rétt að Thorsil sé sett niður á lóð sem var áður hugsuð fyrir Atlantic Green Chemicals. Þó sé ekkert að óttast fyrir síðarnefnda fyrirtækið þar sem fjöldi lóða standi því til boða og að samræður séu hafnar milli aðilanna um að finna farsæla lausn á lóðamálum Helguvíkur.

„Við munum nú fara í viðræður við Atlantic Green, fyrirtækinu standa nú til boða aðrar lóðir sem geta nýst því í þeirri starfsemi sem það hyggur á í Helguvík. Áformaður er fundur milli Atlantic Green og Reykjanesbæjar til þess að koma þessum málum á hreint,“ segir Pétur.

HELGUVÍK Fyrirhuguð staðsetning kísilvers Thorsil er á lóð sem búið var að úthluta til annars fyrirtækis.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Pétur telur að nú sé ákveðin stígandi í málefnum Helguvíkur og hjólin farin að snúast fyrir alvöru.

„Við höfum verið að bíða eftir því í nokkurn tíma að uppbyggingin færi á skrið og nú erum við farin að sjá fram á það. Framkvæmdir við kísilver United Silicon eru í fullum gangi og með þessari framkvæmd verða til hundruð starfa,“ segir Pétur.

> **Við höfum klárað umhverfismat sem Skipulagsstofnun samþykkti í maí 2012. Því kemur þetta mjög á óvart.**
>
> *Jón Jónsson, lögmaður Atlantic Green Chemicals.*

Kísilver United Silicon og Thorsil eru bæði með leyfi fyrir um 100 þúsund tonna framleiðslu. Einnig eru enn uppi áform um að álver rísi í Helguvík.

sveinn@frettabladid.is

www.volkswagen.is

VW SNJALL-BÍLAR

Snjallari kynslóð atvinnubíla
á rekstrarleigu

HEKLA býður nú fyrirtækjum Volkswagen Transporter og Volkswagen Caddy á einstaklega **hagstæðri rekstrarleigu**.

Í rekstrarleigu fá fyrirtæki bifreiðar til umráða í eitt ár* gegn föstu mánaðargjaldi sem gefur fyrirtækjum einstaklega gott svigrúm til að aðlaga bílaflotann að breyttum aðstæðum með lítilli skuldbindingu og lágmarksáhættu.

Nýjasta útfærslan af Caddy og Transporter er sú snjallasta til þessa og betur búin en nokkru sinni fyrr. Þú getur til dæmis tíma- og fjarstýrt olíumiðstöðinni og tryggt þér hlýja og notalega byrjun á vinnudeginum með snjallsímanum.

Aukabúnaður í Snjall-Transporter
- Þráðlaust símkerfi
- Fjarlægðarskynjarar að aftan
- Tveir fjarstýringarlyklar
- Þjófavörn
- Viðarklæðning á gólfi flutningsrýmis
- Hraðastillir (Cruise Control)
- Fjarstýrð Webasto olíumiðstöð með snjallsímabúnaði
- Sjúkrapúði

Aukabúnaður í Snjall-Caddy
- Þráðlaust símkerfi
- Fjarlægðarskynjarar að aftan
- Stigalúga**
- Tveir fjarstýringarlyklar
- Fjarstýrð Webasto olíumiðstöð með snjallsímabúnaði
- Sjúkrapúði
- Hraðastillir (Cruise Control)

			12 mán. rekstrarleiga	
Transporter	**Vél**	**Verð m. vsk**	**án vsk**	**m. vsk**
Transporter stuttur	2,0 TDI	4.490.000	79.602	99.900
Transporter langur	2,0 TDI	4.650.000	83.586	104.900
Transporter langur 4Motion	2,0 TDI	5.690.000	107.490	134.900
Caddy				
Caddy	1,2 TSI	3.250.000	79.602	99.900
Caddy	1,6 TDI	3.590.000	82.789	103.900
Caddy Maxi				
Caddy Maxi, sjálfskiptur	1,6 TDI	3.990.000	87.570	109.900
Caddy Maxi 4Motion	2,0 TDI	4.190.000	90.757	113.900

Volkswagen er mest seldi atvinnubíllinn á Íslandi

Atvinnubílar

*Einnig er hægt að velja 24 og 36 mánaða leigusamning. **Ekki mögulegur aukabúnaður í Caddy Maxi

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is

Umboðsmenn: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

Nýtt bað fyrir jólin!

Mikið úrval spegla með ljósi

Gæði

Baðinnrétting með handlaugum verð 64.900

Ceramics gala í 30 ár á Íslandi

Úrval

WC Gala með hæglokandi setu, verð frá 45.900

Lágur wc kassi, spjald að framan eða ofan

Hár wc kassi, breidd 40 eða 50 cm, spjald að framan

Djúpar og góðar skúffur

og gott verð!

Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga 11 - 15
Ármúla 31 - Sími 588 7332

i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

Utanríkisráðherra Rúmeníu segir af sér:

Sat viku í embætti

RÚMENÍA, AP Teodor Melescanu sagði af sér í gær sem utanríkisráðherra Rúmeníu eftir að hafa setið aðeins tæpa viku í embættinu. Ástæðan tengdist vandamálum með utankjörstaðaratkvæði í seinni umferð forsetakosninganna um helgina.

Forveri hans sagði af sér í síðustu viku af svipuðu tilefni, en þar voru það utankjörstaðaratkvæði í fyrri umferðinni.

Stjórnarandstæðingurinn Klaus Iohannis sigraði óvænt í seinni umferð forsetakosninganna, en hann hefur heitið því að berjast af alefli gegn spillingu. - gb

KLAUS IOHANNIS Nýkjörinn forseti Rúmeníu heitir því að berjast gegn spillingu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fríar strætóferðir frá Ásbrú verða lagðar af

Leigjendur fá ekki lengur ókeypis ferðir til og frá Ásbrú á Keflavíkurflugvelli. Samið hefur verið við Strætó bs. um rekstur almenningsvagna til og frá sveitarfélaginu. Ósáttir leigjendur segja þetta fela í sér mikinn aukakostnað fyrir þá.

SAMGÖNGUMÁL Háskólavellir, sem reka leiguíbúðir fyrir námsmenn á Ásbrú, hætta frá áramótum að bjóða upp á ókeypis ferðir milli svæðisins og Reykjavíkur.

Þjónustan hefur staðið leigjendum þar til boða og hafa margir sem stunda nám eða vinnu í Reykjavík nýtt sér hana. Í október skrifaði Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum undir samning við Strætó bs. um að annast skipulagningu og framkvæmd almenningssamgangna sem áður voru í höndum Reykjanes Express.

Ekki eru allir sáttir við þetta breytta fyrirkomulag. Leigjendur á Ásbrú sem Fréttablaðið ræddi við sögðust vera óánægðir með þessa breytingu þar sem þeir telja þessa þjónustu hafa verið hluta af leigusamningi þeirra. Þeir hafi gert leigusamninginn með þessi hlunnindi í huga og muni þetta þýða mikinn aukakostnað fyrir þá. Einn þeirra sem Fréttablaðið ræddi við sagðist hafa gert framhaldsleigusamning um mitt þetta ár og þá hafi ekki verið tekið fram að þjónustunni yrði hætt.

Ingvar Jónasson, framkvæmdastjóri Háskólavalla, segir breytinguna vera tilkomna vegna tvenns; sparnaðar í rekstri og vegna breytts fyrirkomulags, en Háskólavellir hafi haft samning

HÆTTA FRÍUM FERÐUM Leigjendur á Ásbrú munu frá áramótum ekki lengur eiga kost á fríum ferðum til og frá svæðinu líkt og boðið hefur verið upp á hingað til.

við Reykjavík Express um að bjóða leigjendum sínum upp á þessa þjónustu. „Við höfum verið að bjóða upp á þetta frá upphafi sem aukaþjónustu við okkar íbúa," segir Ingvar.

„Það hefur verið tekin ákvörðun um að þetta verður ekki með sama sniði og þetta er núna. Hvort eitthvað annað gerist eða hvernig akstri verður yfirleitt háttað hef ég ekki upplýsingar um."

Ingvar segist skilja að þetta muni koma illa við einhverja leigjendur en þetta hafi verið hlunnindi sem muni því miður líklega ekki vera hægt að bjóða upp á lengur.

> **Auðvitað skilur maður að þetta komi við þá sem hafa nýtt þetta.**
>
> *Ingvar Jónasson, framkvæmdastjóri Háskólavalla.*

„Við erum enn þá að veita íbúunum mjög góða þjónustu varðandi leigu og annað. Þannig að það er ekki að breytast. Við erum enn þá með mjög hagstæð kjör fyrir okkar viðskiptavini. Stundum verða breytingar," segir Ingvar.

viktoria@frettabladid.is

ENNEMM / SÍA / NM65719

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri. / Núllvextir BL gilda ekki með öðrum tilboðum.

Nýr og glæsilegur Nissan Note tekur forystu sem öruggasti bíllinn í sínum flokki. Myndavélar á öllum hliðum fylgjast með hreyfingum allt í kringum bílinn og aðvara ökumann þegar nauðsyn krefur. Safety Shield myndavélabúnaður er staðalbúnaður í Nissan Note Acenta PLUS.

- **BLINDHORNAVIÐVÖRUN** lætur vita með ljósi í hliðarspegli og viðvörunarhljóði ef ökutæki er hættulega nærri hliðum bílsins þegar skipta á um akrein.
- **VEGLÍNUVIÐVÖRUN** fylgist með veglínu vegarins og lætur ökumann vita með viðvörunarhljóði ef bíllinn er á leið út af veginum.
- **BAKKVIÐVÖRUN** fylgist með hreyfingum fyrir aftan bílinn þegar bakkað er og gerir ökumanni viðvart.

NISSAN NOTE dísil
Eyðsla: 3,2 l/100 km*
Verð frá: 3.090.000 kr.

BL

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BÆTTU VIÐ ÞIG ÞEKKINGU

Ég var mjög ánægð með námskeiðið, frábært að geta verið heima og læra í gegnum netið. Það var líka svo gott að geta nýtt sér sveigjanleikann í mætingu þar sem ég var í vaktavinnu. Ég er í alla staði mjög ánægð með þjónustuna hjá Promennt og á klárlega eftir að nýta mér það að fara á fleiri námskeið.“

Sólveig Pétursdóttir, bókhald – grunnur og Excel

Námið var fjölbreytt, skemmtilegt og mun án efa nýtast mér vel í framtíðinni. Ég var í fullri vinnu með náminu, en námið var svo vel uppsett að það gekk allt saman vel upp. Promennt fær fullt hús stiga hjá mér, skólinn er með fyrsta flokks kennara og starfsfólk. Takk fyrir mig.

Sonja G. Ólafsdóttir, markaðs- og sölunám, 2013

www.promennt.is

OPIÐ FYRIR SKRÁNINGAR Á VORÖNN 2015

Við hjá Promennt bjóðum upp á mikið úrval sérstaklega skemmtilegra og hagnýtra námskeiða og námsbrauta. Þeir sem vilja bæta við sig þekkingu með upplýsingatæknina að vopni ættu ekki að láta þetta framhjá sér fara.

Brot af námsúrvali Promennt. Sjá nánar á promennt.is

FRAMABRAUT – SKRIFSTOFUNÁM

Öflug námsbraut sem skilar strax árangri. Nám á þessari braut hentar fólki á öllum aldri sem vill styrkja stöðu sína enn frekar á vinnumarkaði með aukinni menntun. Þetta nám hentar einnig vel sjálfstæðum atvinnurekendum sem vilja vera sem mest sjálfbjarga í allri tölvuvinnu og við bókhaldið. Þetta nám er einnig tilvalið sem grunnur fyrir frekara nám.

VIÐFANGSEFNI NÁMSBRAUTARINNAR

- Námstækni og verkefnastjórnun með MindManager (forritið, að verðmæti 32.000 kr., fylgir frítt með).
  Tölvugreinar: Windows tölvugrunnur og skjalavarsla. Ritvinnsla í Word,
- Excel, PowerPoint og Outlook tölvupóstur, dagbók og skipulag.
  Viðskiptagreinar: Verslunarreikningur, virðisaukaskattur og meðferð VSK, bókhaldsgrunnur og tölvubókhald í Navision. Tollskýrslugerð.

Hefst **28. janúar** • Morgun- og kvöldhópur • Lengd: **200 std.** • Verð: **167.000 kr.**
Vaxtalausar léttgreiðslur í 6 mánuði **27.834 kr.** á mánuði

BÓKHALD – GRUNNUR

Hnitmiðað nám fyrir starfandi skrifstofu- og verslunarfólk eða þá sem hafa hug á að starfa á þeim vettvangi. Námið hentar einnig einstaklingum með sjálfstæðan atvinnurekstur og þeim sem eru að hefja rekstur og vilja vera sem mest sjálfbjarga við bókhaldið.

Hefst **27. febrúar** • Morgun- og kvöldhópur • Lengd: **110 std.** • Verð: **124.000 kr.**
Vaxtalausar léttgreiðslur í 6 mánuði **20.667 kr.** á mánuði

BÓKARANÁM FYRIR LENGRA KOMNA

Viltu dýpka þekkingu þína í bókhaldi eða ertu jafnvel á leiðinni í námið Viðurkenndur bókari? Þá er þetta kjörinn undirbúningur fyrir þig!
Bókaranám fyrir lengra komna er hagnýtt framhaldsnámskeið í bókhaldi sem hentar þeim sem hafa einhverja bókhaldsreynslu eða hafa lokið tölvu-, skrifstofu- og bókhaldsnámi og vilja ná dýpri þekkingu og færni í bókhaldi. Námskeiðið er einnig hugsað sem aðfararnám fyrir þá sem stefna á námið Viðurkenndur bókari.
Kennsla fer að mestu leyti fram í formi verklegra æfinga með raunhæfum verkefnum.

Hefst **10. febrúar** • Kvöldhópur • Lengd: **100std.** • Verð: **124.000 kr.**
Vaxtalausar léttgreiðslur í 6 mánuði **20.667 kr.** á mánuði

MARKAÐS- OG SÖLUNÁM, HRAÐFERÐ

Sérstök áhersla á upplýsingatækni og stafræna markaðssetningu. Skemmtilegt en um leið krefjandi einnar annar nám fyrir þá sem vilja afla sér öflugrar þekkingar á sviði markaðs- og sölumála. Hér fléttast saman gamalgróin sölu- og markaðsfræði við nýjustu tækni sem í boði er.

Hefst **12. febrúar** • Kvöldhópur • Lengd: **156 std.** • Verð: **174.000 kr.**
Vaxtalausar léttgreiðslur í 6 mánuði **29.000 kr.** á mánuði

GRAFÍSK HÖNNUN

Vinsælt og sérlega hagnýtt nám í grafískri hönnun ætlað þeim sem eru að stíga fyrstu skrefin í grafískri vinnslu eða fólki sem vill skapa sér forskot í frekara hönnunarnámi (t.d. á háskólastigi). Þetta nám hentar einnig þeim sem vilja hanna sínar auglýsingar sjálfir. Kennt er á forritin Photoshop, Illustrator og InDesign.

Hefst **3. febrúar** • Kvöldhópur • Lengd: **105 std.** • Verð: **169.000 kr.**
Vaxtalausar léttgreiðslur í 6 mánuði **28.167 kr.** á mánuði

VEFSÍÐUGERÐ – ALLUR PAKKINN

Sérlega hagnýtt og vandað námskeið fyrir alla sem vilja koma sér upp einfaldri og smekklegri heimasíðu sem auðvelt er að uppfæra í notendavænu vefumsjónarkerfi. Námskeiðið hentar þeim sem eru að stíga fyrstu skrefin í gerð vefsíðna eða vilja bæta og uppfæra fyrri síður.
Viðfangsefni: Photoshop, HTML og CSS, Dreamweaver, WordPress og lokaverkefni.

Hefst **9. febrúar** • Kvöldhópur • Lengd: **115 std.** • Verð: **147.000 kr.**
Vaxtalausar léttgreiðslur í 6 mánuði **24.500 kr.** á mánuði

EQM VOTTUN
Gæðavottun fræðsluaðila

MICROSOFT VOTTUN
Promennt er eini Microsoft-vottaði skólinn á Íslandi.

FJARKENNSLA Í BEINNI
Hjá Promennt er einnig boðið upp á fjarkennslu í beinni.

DAG- OG KVÖLDNÁM
Hjá Promennt er boðið upp á dag- og kvöldnám.

PROMENNT
Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550 • promennt@promennt.is • **promennt.is**

Skráning fer fram á **www.promennt.is** og þar má einnig finna allar nánari upplýsingar.

PROMENNT

PIPAR\TBWA • SÍA •

Á VETTVANGI Ísraeli á bæn meðan björgunarfólk hreinsar vettvang árásarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Átök í kjölfar árásar

Hörð átök brutust út í Jerúsalem og Ramallah í gær milli Palestínumanna og ísraelskra lögreglumanna. Fyrr um daginn höfðu tveir Palestínumenn myrt fjóra Ísraela í samkunduhúsi. Þeir féllu síðan báðir fyrir skotum lögreglunnar.

ÍSRAEL Fjórir ísraelskir gyðingar létu lífið í samkunduhúsi í Jerúsalem í gærmorgun, þegar tveir Palestínumenn réðust þangað inn vopnaðir byssu og hnífum. Árásarmennirnir tveir féllu síðan í skotbardaga við lögregluna.

Hörð átök brutust út síðar um daginn milli Palestínumanna og ísraelskra lögreglumanna, bæði í Jerúsalem og einnig í borginni Ramallah á Vesturbakkanum.

Þetta er mannskæðasta árásin sem Palestínumenn hafa gert í Jerúsalem árum saman.

Hinir látnu voru allir með tvöfaldan ríkisborgararétt. Þrír þeirra voru bandarískir ríkisborgarar en sá fjórði breskur ríkisborgari auk þess að vera Ísraelar.

Benjamín Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, sagði nauðsynlegt að hefna frekar fyrir árásina og lét strax það boð út ganga að jafna skyldi hús árásarmannanna við jörðu. Sama skyldi gert við heimili nokkurra annarra Palestínumanna sem gert hafa árásir nýverið.

Vaxandi spenna hefur verið í Jerúsalem undanfarnar vikur, og má rekja hana ekki síst til langvarandi ólgu meðal Palestínumanna vegna stórtækrar landtöku Ísraela í byggðum Palestínumanna. Deilur um helga staði í austurhluta Jerúsalemborgar hafa svo magnað upp spennuna.

Netanjahú kennir æsingatali og undirróðri leiðtoga Palestínumanna um árásirnar. Mahmúd Abbas, forseti Palestínu, fordæmdi hins vegar árásina á samkunduhúsið í gær.

Árásarmennirnir voru báðir búsettir í austurhluta Jerúsalemborgar. Samtök herskárra Palestínumanna, sem nefnast Abu Ali Mustafa-herdeildirnar, lýstu svo yfir ábyrgð á árásinni.

gudsteinn@frettabladid.is

Tölum aðeins um okkur

Markaðsfyrirtæki ársins 2014

Nova var valið markaðsfyrirtæki ársins 2014 á Markaðsverðlaunum ÍMARK og auðvitað erum við að springa úr ánægju með það.

Opinn fundur ÍMARK og MBA náms við HÍ verður haldinn í hátíðarsal Háskóla Íslands **fimmtudaginn 20. nóvember frá kl. 12-13.**

Fjallað verður um markaðsstefnu Nova og skyggnst baksviðs á stærsta skemmtistað í heimi.

Fundarstjóri er Þórhallur Guðlaugsson, dósent við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands.

Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir!

IMARK HÁSKÓLI ÍSLANDS | MBA

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Jólin eru komin í BAUHAUS®

Flashlight útisería
Með 100 hvítum LED-perum.
20% af perunum blikka. 10 m. 230 V.
6.995.-

Playlight útisería
Með 100 hvítum eða marglitum LED-perum. 10 m.
8 stillingar, 10 m. 230 V. **5.995.-**

LED-stjarna
53 x 57 cm, með 72 LED-perum. 230 V.
3.995.-

LED-snjókorn
Snjókorn til að skreyta með bæði innan- og utanhúss.
Stærð 61 x 53 cm, hvít. **7.995.-**

LED-netsería
2 x 2 m, með 144 hrímhvítum LED-perum. 230 V.
4.995.-

LED-grýlukertasería
3 x 0,7 m, með 150 LED-perum. Fæst í hvítu og hrímhvítu.
8.995.-

LED-snjóberjatré
Með 300 hrímhvítum LED-perum. Hæð 2 metrar, þvermál stofns 5 cm. Hægt er að taka berin af. Á málmfæti – IP44-vottað til notkunar utanhúss.
16.995.-

LED-kirsuberjatré
Hæð 2 metrar, þvermál stofns 5 cm. Með 300 rjómahvítum LED-ljósum. Hægt er að taka blómin af. IP44-vottað til notkunar utanhúss. Málmfótur og 4 teinar.
16.995.-

Skrauttré 120 cm
Hæð 120 cm, með 100 LED-perum. IP44-vottað.
4.995.-

LED Snjótré
Hæð 120 cm, með 64 LED-perum. IP44-vottað.
6.995.-

Hæð 150 cm – með 90 LED-perum.12.995.-
Hæð 180 cm – með 120 LED-perum. 18.995.-
Hæð 210 cm – með 180 LED-perum. 19.995.-

Gervijólatré
Á málmfæti með hvítum LED-perum. IP44.
HÆÐ 120 CM
7.995.-

Hæð 180 cm – með 120 LED-perum. 18.995.-

Gervijólatré
Á málmfæti með margl. LED-perum. IP44.
HÆÐ 150 CM
12.995.-



Novalight útisería 40
Með 40 hvítum LED-perum, lengd 6 m.
1.995.-



Novalight útisería 80
Með 80 hvítum eða marglitum LED-perum, lengd 12 m.
2.495.-



Novalight útisería 160
Með 160 hvítum eða marglitum LED-perum, lengd 24 m.
3.995.-



Maxilight útisería 300
Með 300 hvítum eða marglitum LED-perum, lengd 20 m.
4.995.-

BAUHAUS®

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - info@bauhaus.is - www.bauhaus.is

SKOÐUN

Styrmir Gunnarsson njósnari Sjálfstæðisflokksins:

Gluggagægir var í ímynduðu stríði

Styrmir Gunnarsson, fyrrverandi ritstjóri Morgunblaðsins, sér sig knúinn til að opinbera að hafa stundað njósnir um fólk, sem trúlega hafði pólitískar skoðanir aðrar en féllu forystu Sjálfstæðisflokksins í geð. Enginn rak á eftir Styrmi að játa á sig glæpinn. Það gerir hann ótilkvaddur. Styrmir stundaði njósnir fyrir Morgunblaðið, Sjálfstæðisflokkinn og sendiráð Bandaríkjanna.

Allt var þetta gert undir yfirskyni ímyndaðs stríðs. Í öðrum bókum hefur komið fram að gögnum um fólk var safnað og þær upplýsingar notaðar gegn viðkomandi. Til dæmis hvað varðar möguleika til atvinnu.

Sigurjón Magnús Egilsson
sme@frettabladid.is

Heimildarmanni sínum greiddi Styrmir peninga. „Hvaðan komu peningarnir? Ég tel, en hef ekki vissu fyrir því, að framan af og lengst af hafi þeir komið úr bandaríska sendiráðinu. Seinni hluta þessa tímabils, sem segja má í stórum dráttum að hafi staðið yfir frá 1961 og fram undir stofnun Alþýðubandalagsins 1968, komu þeir frá Sjálfstæðisflokknum og undir lokin frá Morgunblaðinu," skrifar Styrmir um njósnirnar.

Þeir sem borguðu fengu afraksturinn til sín í skýrsluformi. Fyrst ber að nefna Bjarna Benediktsson, dómsmálaráðherra og síðar forsætisráðherra, og Geir Hallgrímsson borgarstjóra, ritstjóra Morgunblaðsins og svo bandaríska sendiráðið. Styrmi fannst ekkert og finnst ekkert að því að hafa njósnað um íslenska ríkisborgara fyrir leyniþjónustu erlends ríkis. Allt í krafti ímyndaðs stríðs.

„Þetta er náttúrulega bara bull í Styrmi," segir Svavar Gestsson í samtali við DV um þetta og hvers vegna Styrmir taldi sig þurfa eða eiga að njósna um fólk. „Ég velti því einnig fyrir mér hvað var það eiginlega sem hann var að grafast fyrir um? Þetta er einhver uppblásinn kaldastríðsheimur þeirra sjálfra," segir Svavar í sama viðtali.

Aftur og aftur opinberast njósnir Sjálfstæðisflokksins í fortíðinni. Menn á vegum flokksins virðast ekki hafa hikað við að njósna um fólk og safna þannig upplýsingum sem síðan voru notaðar til að draga úr möguleikum fólks til atvinnu og margs annars. Nú er svo komið að einn njósnaranna stígur fram og viðurkennir að hafa vanhelgað einkalíf fólks. Hann nánast lá á gluggum fólks, færði til bókar það sem hann varð áskynja. Og allt var gert í nafni þessa ímyndaðs stríðs. Þvílík skömm.

Annars er merkilegt að þegar frásögn og játningar Styrmis eru opinberaðar, gerist það á sama tíma og lögreglan á eftir að bíta úr nálinni með að hafa njósnað um fólk í áraraðir, frá hruni og nánast til dagsins í dag. Vonandi sjá sem flest okkar hversu frekt og alvarlegt brot þetta er. Það er ekki við það unandi að Sjálfstæðisflokkurinn, Morgunblaðið eða lögreglan safni saman upplýsingum um fólk sem hefur aðrar stjórnmálaskoðanir en viðurkenndar eru í þessum hópum. Tilgangur með njósnunum var og er að færa skoðanir og athafnir saklauss fólks til bókar. Væntanlega til að grípa til, þegar þurfa þykir.

Styrmir segir í bók sinni: „Kalda stríðið var stríð sem háð var með öðrum hætti en með vopnum." Og svo þetta: „En eðlis þess vegna er rétt og sjálfsagt að velta upp nokkrum siðferðilegum spurningum í því sambandi."

Gerum ráð fyrir að fátt hafi breyst og enn sé njósnað á Íslandi.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Sigurjón M. Egilsson *sme@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Illugi og Ríkisútvarpið

Við lestur Staksteina Morgunblaðsins kemur fram, með réttu eða röngu, að dagskrárvald Ríkisútvarpsins er að hluta til í menntamálaráðuneytinu. Staksteinar undrast þátttöku Illuga Jökulssonar í mótmælum á Austurvelli. Illugi sagði í lok ræðu sinnar við mótmælin: „Við þurfum ekki bara að losna við Hönnu Birnu, við þurfum að losna við þessa stjórn alla." Við þessu segir Morgunblaðið: „Það skýtur óneitanlega skökku við að einmitt Illugi Jökulsson, sem getur þakkað þessari ríkisstjórn sérstaklega að hafa nú frjálsar hendur á kostnað skattgreiðenda í Efstaleitinu, skuli fara fram á að losna við stjórnina." Já, þakkað ríkisstjórninni að mega tala í Ríkisúrvarpinu.

Illugi og vanþakklætið

Staksteinar fjalla meira um Illuga Jökulsson og dagskrárdeild ríkisstjórnarinnar og þykir greinilega nóg um. „Til þess fær hann mikið svigrúm, en eins og bent hefur verið á eru laun heimsins vanþakklæti svo að ríkisstjórnin þarf ekki að undrast að hann þakki ekki hið óvænta tækifæri og uppreisn." Staksteinar Morgunblaðsins ljúka skrifunum svona: „En það hlýtur að vera umhugsunarvert þó að engar berist þakkirnar að þessi gamli ritstjóri DV skuli nú ganga aftur um viðtæki landsmanna með þeim hætti sem raun ber vitni og taka svo undir kveðjurnar sem krotaðar voru svo smekklega á styttu Jóns forseta."

Illugi og Illugi

Af því sem sagt var í Staksteinum gærdagsins má ætla að Illugi Gunnarsson menntamálaráðaráðherra, glími við drjúgan vanda. Vandinn er nafni hans Jökulsson, sem að mati fyrrverandi húsbónda Gunnarssonar er vanþakklátur, hann lætur í ljós skoðanir sínar verandi umsjónarmaður klukkustundar þáttar sem er á dagskrá Ríkisútvarpsins, útvarps þar sem ætla má að endanlegt dagskrárvald sé í menntamálaráðuneytinu við Sölvhólsgötu. Eins og segir í Staksteinum: „Það skýtur óneitanlega skökku við að einmitt Illugi Jökulsson, sem getur þakkað þessari ríkisstjórn sérstaklega," það er fyrir að fá að tala í Ríkisútvarpið. Nú er spurt, hvað verður um Illuga, það er Jökulsson?

sme@frettabladid.is

HALLDÓR

Hverjir fá?

STJÓRNMÁL

Willum Þór Þórsson

Þorsteinn Sæmundsson

Þórunn Egilsdóttir
alþingismenn

Fjölmörg heimili fá nú leiðréttingu á verðtryggðum húsnæðislánum sínum. Markmiðið er að skila til baka því „tjóni" sem heimilin urðu fyrir og færa lánin í þá stöðu sem þau hefðu verið í ef óvænt og mikil verðbólga hefði ekki sett skuldastöðu þeirra í uppnám á árunum 2008 og 2009. Einungis 10% íslenskra heimila nutu 110% leiðar fyrri ríkisstjórnar eða um sjö þúsund heimili og 1% þeirra fékk helminginn af niðurfærslunni. Þau heimili sem voru með gengistryggð lán fengu leiðréttingu í gegnum dómstóla en heimili með verðtryggð húsnæðislán sátu eftir.

Hversu margir fá?

Niðurstaðan nú er sú að yfir 90.000 manns fá leiðréttingu og enn getur bæst í hópinn. Ef við tökum með þá sem nýta sér að auki séreignarsparnaðarleiðina njóta yfir 120.000 einstaklingar aðgerðanna og geta náð allt að 20% leiðréttingu eða því sem nemur allri óvæntri verðbólgu á umræddu tímabili umfram 4%, sem eru eftir vikmörk Seðlabankans.

Hvert fer leiðréttingin?

Meðaltal leiðréttingar á umsækjanda er 1.350 þúsund krónur og tíðasta gildi leiðréttingar til hjóna er 1.400 þúsund krónur og 800 þúsund krónur fara til einstaklinga. Meirihluti leiðréttingarinnar fer sannarlega til fólks sem hefur meðaltekjur eða þaðan af minna. Einstaklingur með 330 þúsund í mánaðartekjur er tíðasta gildi leiðréttingarinnar. Til samanburðar er vert að geta þess að meðal heildarlaun á íslenskum vinnumarkaði árið 2013 voru 526.000 krónur. Rúmlega helmingur leiðréttingarinnar rennur til einstaklinga sem eiga minna en fjórar milljónir króna í eigið fé og heimila sem eiga minna en 13 milljónir króna í eigið fé. Einstaklingar sem skulda minna er 15 milljónir króna og heimili sem skulda minna en 30 milljónir króna fá 70% af fjárhæð leiðréttingarinnar

Áhrif leiðréttingarinnar?

Tökum dæmi af heimili sem tekur 15 milljóna króna lán til 40 ára á 4,15% vöxtum og meðalverðbólgan á tímabilinu er 6%. Fjölskyldan mun þurfa að greiða 22 milljónum króna minna þegar upp er staðið. Þessir peningar fara ekki til bankanna heldur nýtast fjölskyldunni beint í daglegu lífi. Ráðstöfunartekjur heimilanna aukast og viðnámsþróttur þeirra eykst. Minni skuldsetning heimila eflir allt hagkerfið.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARFRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is*
MENNING: Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

Hvar erum við stödd í dag?

KAUPMÁTTUR

Ólafía B. Rafnsdóttir, formaður VR

Staðan í efnahagslífinu er mikið til umræðu þessa dagana, allt á uppleið og bjart framundan segja margir. Kaupmáttarvísitala Hagstofu Íslands bendir til þess að kaupmáttur launa í dag sé á svipuðu róli og á fyrri hluta árs 2008, skömmu fyrir hrun. Vísitalan þarf að hækka um minna en 1% til að ná sínu hæsta gildi frá upphafi birtingar.

Ég held hins vegar að margir séu sammála mér þegar ég segi að ég finn ekki fyrir því að kaupmáttur minn sé nánast sá sami og skömmu fyrir hrun – langt í frá. En hvernig má það vera, ef vísitalan sýnir okkur þessa stöðu?

Kaupmáttur tímakaups

Kaupmáttur segir til um hversu mikið af vöru og þjónustu hægt er að kaupa fyrir laun eða tiltekna upphæð. Kaupmáttarvísitala Hagstofu Íslands lýsir hins vegar kaupmætti á takmarkaðan hátt. Hún tekur eingöngu tillit til reglulegra launa, en þau fela ekki í sér neina yfirvinnu. Hún tekur ekki tillit til starfshlutfalls – þó allir launamenn á íslenskum vinnumarkaði færu úr fullu starfi í 80% starf myndi það ekki hafa áhrif á Kaupmáttarvísitölu Hagstofunnar. Vísitalan tekur heldur ekki tillit til breytinga á sköttum sem sannarlega hafa áhrif á útborguð laun okkar.

Kaupmáttur ráðstöfunartekna

Kaupmáttarvísitala Hagstofunnar lýsir þannig kaupmætti tímakaups fyrir skatt. Þegar við tölum um kaupmátt lítum við hins vegar flest til þess hvað við getum fengið fyrir heildarlaun okkar eftir skatt, peningana sem verða eftir í buddunni. Við viljum skoða kaupmátt ráðstöfunartekna okkar.

Þetta er ástæða þess að VR hefur tekið saman upplýsingar um kaupmátt ráðstöfunartekna félagsmanna VR og birtir nú Kaupmáttarvísitölu VR. Vísitalan tekur til heildarlauna félagsmanna, þ.e. allra launatekna. Hún tekur tillit til þess ef breyting hefur orðið á starfshlutfalli eða ef vinnustundum hefur fækkað eða þeim fjölgað. Hún tekur tillit til áhrifa af breytingum á skattkerfinu, eins og þeirra sem urðu í kjölfar hrunsins þegar tekið var upp þriggja þrepa skattkerfi. Hún sýnir okkur einfaldlega hvar við erum stödd.

Við erum á sama stað og árið 2005

Og þegar við skoðum Kaupmáttarvísitölu VR sjáum við aðra mynd en þá sem Kaupmáttarvísitala Hagstofunnar sýnir. Kaupmáttarvísitala VR bendir til þess að kaupmáttur félagsmanna VR sé á svipuðu róli og árið 2005, ekki fyrri hluta árs 2008 eins og Kaupmáttarvísitala Hagstofunnar segir til um. Kaupmáttarvísitala VR þarf að hækka um 10% til að ná sínu hæsta gildi samanborið við 1% fyrir Kaupmáttarvísitölu Hagstofunnar.

Til að vita hvert við viljum fara, verðum við fyrst að vita hvar við erum stödd. Kaupmáttarvísitala VR sýnir stöðuna hjá okkur í VR, við höfum stigið nær áratug aftur í tímann hvað kaupmátt ráðstöfunartekna okkar varðar. Þetta hlýtur að vera upphafsstaða okkar fyrir næstu kjarasamningagerð.

Þróun Kaupmáttarvísitölu VR má sjá á heimasíðu félagsins, www.vr.is. Þar er einnig að finna ítarlegar upplýsingar um vísitöluna.

KAUPMÁTTARVÍSITALA VR



➜ Kaupmáttarvísitala Hagstofu Íslands lýsir hins vegar kaupmætti á takmarkaðan hátt. Hún tekur eingöngu tillit til reglulegra launa, en þau fela ekki í sér neina yfirvinnu.

Af hverju viljiði ekki peningana okkar?

MENNING

Margrét Örnólfsdóttir formaður Félags leikskálda og handritshöfunda

Ekki ætla ég að þykjast vita hvernig á að stýra ríkisfjármálum, en eitt veit ég að peningar eru jafnverðmætir sama hvaðan þeir koma, svo fremi sem þeirra hefur verið aflað með heiðarlegum og virðingarverðum hætti. Og þó ég sé eins langt frá því að vera fjármálasnillingur og hugsast getur þá veit ég þó að það borgar sig að fjárfesta í arðvænlegum verkefnum.

Hvernig stendur þá á því að þrátt fyrir að stjórnvöldum hljóti að vera orðið löngu ljóst (nógu oft er nú búið að segja þeim það) að fjárfesting í kvikmyndagerð margborgar sig þá heykjast þau á að veita íslenskri kvikmyndagerð þann stuðning sem henni er nauðsynlegur eigi hún á annað borð að eiga sér einhverja alvöru framtíð. Viljiði ekki peningana okkar? Af hverju ekki?

Fimmfalt til baka

Eftir að hafa verið hafður í svelti árum saman hillti loks undir betri tíma þegar ákveðið var að stórauka framlag til Kvikmyndasjóðs árið 2013. Gerð var framtíðaráætlun um stigvaxandi aukningu til næstu ára, enda sýndu niðurstöður skýrslna sem gerðar höfðu verið um hagræn áhrif kvikmyndagerðar svart á hvítu að virðisauki íslenskrar kvikmyndagerðar er umtalsverður – hver króna sem ríkið veitir til kvikmyndagerðar skilar sér fimmfalt til baka sem hreinar tekjur. Beint í ríkiskassann. Þessar tölur eru meira að segja varlega áætlaðar.

Í síðustu fjárlögum var Kvikmyndasjóður skertur um 40% og nú, samkvæmt fjárlagafrumvarpinu sem lagt hefur verið fyrir, stendur til að halda honum áfram undir fátækramörkum. Það þarf ekki að tíunda hversu mikið áfall þetta er fyrir greinina og alveg ljóst að afleiðingarnar verða mjög slæmar. Strax í ágúst á þessu ári var Kvikmyndasjóður orðinn tómur.

Þeir sem eiga verkefni sem þegar eru til meðferðar hjá sjóðnum sem og þeir sem eru tilbúnir að sækja um styrki verða því að bíða fram yfir áramót eftir frekari afgreiðslu. Ef upphæðin sem Kvikmyndasjóði er ætluð samkvæmt fjárlagafrumvarpinu verður ekki lagfærð er alveg ljóst að fjöldi verkefna kemst ekki af stað. Sum munu kannski frestast um óákveðinn tíma en önnur daga uppi. Verkefni sem annars myndu skapa ríkinu framtíðartekjur. Bíómyndir og sjónvarpsþættir og heimildamyndir sem almenningur fær aldrei að sjá. Af hverju viljiði ekki þessa peninga?

➜ ... hver króna sem ríkið veitir til kvikmyndagerðar skilar sér fimmfalt til baka sem hreinar tekjur. Beint í ríkiskassann. Þessar tölur eru meira að segja varlega áætlaðar.

Ég bara skil það ekki.

Ég hef meðvitað haldið aftur af mér að minnast á menningarlegt gildi, heimildagildi (því við erum jú skrásetjarar sögunnar) og fleira sem stundum er kallað óáþreifanleg verðmæti. En nú er ég búin að gera það. Ástæðan fyrir því að ég gerði það ekki fyrr er sú að það er stundum eins og fólkið sem heldur um budduna hreinlega taki ekki mark á neinu nema það sé sett í efnahagslegt samhengi. Eins og að um leið og hugtök eins og menningarlegt gildi eða andleg verðmæti heyrist þá slái það skyndilegt og algert heyrnarleysi. Þess vegna endurtek ég spurninguna: Af hverju viljiði ekki peningana okkar?!

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
SAFT

FUDGE Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
FUDGE
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010

GOTT ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA
Skoðaðu úrvalið á bilaland.is
ALLT AÐ 80% LÁNAMÖGULEIKAR

HYUNDAI SANTA FE III
Nýskr. 11/12, ekinn 48 þús. km. dísil, sjálfskiptur.
Rnr. 120526.
Frábært verð! 5.890 þús.

NISSAN QASHQAI SE
Nýskr. 06/13, ekinn 36 þús km. dísil, beinskiptur.
VERÐ kr. 4.130 þús.
Rnr. 142545.

RENAULT MEGANE SP. TOURER
Nýskr. 06/13, ekinn 55 þús. km. dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 2.990 þús.
Rnr. 142531.

SUZUKI SWIFT 4WD
Nýskr. 06/13, ekinn 39 þús km. bensín, beinskiptur.
VERÐ kr. 2.490 þús.
Rnr. 142447.

DACIA DUSTER 4x4
Nýskr. 06/13, ekinn 55 þús. km. dísil, beinskiptur.
VERÐ kr. 2.960 þús.
Rnr. 142534.

HYUNDAI i20
Nýskr. 09/13, ekinn 39 þús. km. bensín, beinskiptur.
VERÐ kr. 1.990 þús.
Rnr. 120479.

NISSAN NV200 SENDIBÍLL
Nýskr. 01/14, ekinn 25 þús. km. dísil, beinskiptur.
VERÐ kr. 2.790 þús.
Rnr. 282223.

bílaland
Kletthálsi 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is

Elskuleg móðir mín og tengdamóðir,

GUÐBJÖRG HALLVARÐSDÓTTIR
hjúkrunarfræðingur í Hafnarfirði,

lést á Hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð þriðjudaginn 11. nóvember. Útför hennar fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 21. nóvember kl. 13.00.

Sólveig Magnea Jónsdóttir
Anna Sigríður Sigurjónsdóttir

Ástkær eiginmaður minn, sonur, faðir, tengdafaðir og afi,

UNNAR JÓN KRISTJÁNSSON
Kambahrauni 26, Hveragerði.

lést sunnudaginn 9. nóvember. Útförin fer fram frá Digraneskirkju föstudaginn 21. nóvember kl. 13.00. Jarðsett verður í Kotstrandarkirkjugarði.

Guðný Einarsdóttir
Ragnhildur Magnúsdóttir
Kristján Óðinn Unnarsson
Unnur Sylvía Unnarsdóttir
Unnar Logi Sigfússon
Birgitta Dröfn Sölvadóttir

Elskulegur eiginmaður minn og besti vinur, sonur og bróðir,

VIÐAR JÓNSSON
Skyggnisbraut 22, Reykjavík,

varð bráðkvaddur á heimili sínu 13. nóvember sl. Útför hans fer fram frá Guðríðarkirkju föstudaginn 21. nóvember kl. 13.00. Blóm og kransar eru afþökkuð en þeim sem vilja minnast hans er bent á ABC barnahjálpina, reikn. 0334-26-1000, kt.: 690688-1589.

Kristín Sóley Kristinsdóttir
Kjartanía Vilhjálmsdóttir
og systkini.

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

ÁSBJÖRG FRÍÐA LÁRUSDÓTTIR
frá Efri-Brúnavöllum á Skeiðum,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir 13. nóvember. Útför hennar fer fram frá Ólafsvallakirkju laugardaginn 22. nóvember kl. 13.00.

Lárus Hjartarson
Ólöf Hjartardóttir
Ólafur Már Hjartarson
Jóhanna Sigríður Hjartardóttir
barnabörn og barnabarnabörn.
Rósar Aðalsteinsson
Bragi Hjartarson

LEGSTEINAR
MIKIÐ ÚRVAL AF FYLGIHLUTUM
VÖNDUÐ VINNA
Steinsmiðjan Mosaik
Stofnað 1952
Hamarshöfði 4 - sími 587-1960 - www.mosaik.is

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi • Símar 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
STOFNUD 1996



ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242
STOFNUD 1996

ÞETTA GERÐIST: 19. NÓVEMBER 2013

Draumurinn úti um leik á HM 2014

Draumur Íslendinga um að komast á HM í knattspyrnu í Brasilíu sumarið 2014 varð að engu þennan mánaðardag árið 2013. Þá töpuðu þeir landsleik gegn Króatíu í Zagreb. Markastaðan var 2-0 að leik loknum.

„Ég er ansi hræddur um að þetta hafi verið minn síðasti landsleikur," sagði Eiður Smári Guðjohnsen í viðtali við RÚV skömmu eftir að leikurinn var flautaður af. En við tíðindamann Fréttablaðsins sagði hann: „Ég held við ættum að reyna að halda upp á þann árangur sem við náðum. Strákarnir eiga hrós skilið og svo sjáum við til hvað gerist."

Eiður Smári lék sinn fyrsta landsleik árið 1996 þegar hann kom inn á sem varamaður fyrir Arnór, föður sinn, í 3-0 sigri á Eistlandi ytra þann 24. apríl. Hann er markahæsti leikmaður íslenska landsliðsins frá upphafi með 24 mörk í 78 landsleikjum.

SELLÓLEIKARINN „Ég ætla bara að hafa eitthvað smávægilegt í dag með fjölskyldunni en ætli ég haldi svo ekki partí í desember," segir Bryndís Halla. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Giftu sig á afmælinu en muna ekki hvaða ár

Sellóleikarinn Bryndís Halla Gylfadóttir er fimmtug en bíður með partí fram í desember. Eitt sinn létu hún og maður hennar pússa sig saman hjá dómara þennan dag.

Þegar Bryndís Halla Gylfadóttir er spurð út í eftirminnilegasta afmælið fer hún að hlæja. „Ætli það sé ekki þegar ég og maðurinn minn ákváðum að gifta okkur? Við vorum búin að vera saman lengi og þetta var á afmælinu mínu en það er svo fyndið að við munum hvorugt hvaða ár það var!"

Eiginmaður Bryndísar Höllu er Þórður Magnússon tónskáld, sonur Megasar. Þau hjón eiga fimm börn og Bryndís Halla segir flest þeirra hafa verið fædd þegar brúðkaupið fór fram. „Við foreldrarnir skildum börnin eftir heima meðan við skruppum til dómara og létum hann pússa okkur saman. Mamma hringdi meðan við vorum í ferðinni og spurði hvort ég væri heima, „Nei," svaraði lítill sonur okkar „Hún er að gifta sig!" Við vorum á kafi í framkvæmdum á þessum tíma og maðurinn minn sem hefur mjög gaman af gömlum húsum fann eitthvert húsablað á biðstofunni hjá dómaranum. Þegar við vorum kölluð til athafnarinnar gat hann ekki slitið sig frá lestrinum svo dómarinn sagði: „Þú mátt bara eiga þetta blað. Komdu nú!"

Nú er afmælisbarnið innt eftir upprunanum að íslenskum sið. „Ég hef verið svo mikið úti um allt að ég veit ekki hvaðan ég er," svarar það í hálfkæringi. „Ég er dóttir Gylfa Baldurssonar, heyrnar-og talmeinafræðings, og Þuríðar Rúríar Jónsdóttur taugasálfræðings og er auðvitað alíslensk en ég fæddist í Ameríku og svo bjuggum við lengi í Kanada."

> **Við foreldrarnir skildum börnin eftir heima meðan við skruppum til dómara og létum hann pússa okkur saman.**

Annatími er hjá Bryndísi Höllu um þessar mundir eins og svo mörgu tónlistarfólki. Því verður hálfrar aldar afmælið hófstillt að hennar sögn. „Ég ætla bara að hafa eitthvað smávægilegt í dag með fjölskyldunni en ætli ég haldi svo ekki partí í desember. Síðustu ár hef ég passað að taka ekki of mörg verkefni að mér á aðventunni svo lífið róast hjá mér þegar nær líður jólum."

gun@frettabladid.is

Eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

RAGNA IÐUNN BJÖRNSDÓTTIR
Ytra-Hóli 2, Eyjafjarðarsveit,

lést á hjúkrunarheimilinu Hlíð 15. nóvember. Útförin mun fara fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Innilegar þakkir til starfsfólks á Grenihlíð fyrir frábæra umönnun.

Hreiðar Kristinn Sigfússon
Hrefna Hreiðarsdóttir
Sigurlína Hreiðarsdóttir
Sigfús Hreiðarsson
Frosti Hreiðarsson
Hreiðar Hreiðarsson
Bára Hreiðarsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.
Ólafur Helgi Theodórsson
Magnús Oddsson
Fanney Harðardóttir
Heiða Hrönn Theodórsdóttir
John Miller

Ástkær eiginmaður minn, faðir, fósturfaðir, tengdafaðir og afi,

GUÐMUNDUR ÓLI GUÐMUNDSSON
lögfræðingur,

lést á heimili sínu í Herlev, Danmörku, föstudaginn 14. nóvember sl. Bálför fer fram í Danmörku, minningarathöfn verður auglýst síðar.

Guðbjörg Antonsdóttir
Erna Guðmundsdóttir
Tómas Búi Kemp
Úlfhildur E.Þ. Bjarnasen
Matthildur Sunna Þorláksdóttir
Gunnhildur Geira Þorláksdóttir
Þórey Rut Jóhannesdóttir
og barnabörn.
Ingólfur Már Grímsson
Óskar H. Bjarnasen

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 19. nóvember 2014 | 32. tölublað | 10. árgangur

Sími: 512 5000 | visir www.visir.is

FYRSTA FLOKKS ÞJÓNUSTA
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN

TVÖ ÞÚSUND STÖRF HJÁ FIMM STÆRSTU ÚTGERÐUNUM

- Fimm stærstu útgerðirnar högnuðust um fimmtán milljarða á síðasta ári
- Félögin greiddu eigendum sínum tæpa sjö milljarða í arð
- Fimmta stærsta félagið með 91 prósent eiginfjárhlutfall

SÍÐA 4

Vann hjá GlaxoSmithKline

Guðrún M. Ásgrímsdóttir, framkvæmdastjóri Lipid Pharmaceuticals (LP), vinnur nú að hlutafjáraukningu sprotafyrirtækisins. Fyrirtækið hefur þróað lyf til meðhöndlunar á hægðatregðu og gert er ráð fyrir að það verði komið á markað innan þriggja ára.

„Við ætlum nú að tala við fjárfesta og safna fjármagni svo við getum unnið að fyrirliggjandi verkefnum," segir Guðrún.

SÍÐA 8

Myndform ræðir við Netflix

Myndform hefur átt í viðræðum við Netflix um sölu á ýmsu myndefni sem kvikmyndafyrirtækið á sýningarrétt á hér á landi. Viðræðurnar hafa staðið yfir síðan í ágúst.

„Það er verið að vinna í þessu á fullu en þetta er flókið mál. Við eigum rétt til að sýna mjög mikið af efni hér á landi en það er misjafnt út á hvað þau réttindi ganga," segir Magnús Gunnarsson hjá Myndformi.

SÍÐA 2

Bæta þjónustu á leigumarkaði

Almenna leigufélagið hefur tekið yfir eignir Leigufélags Íslands. Félagið, sem nú hefur yfir tæplega 400 eignum að ráða á höfuðborgarsvæðinu, býður nú langtímaleigu, sólarhringsþjónustu í neyðartilvikum og möguleika á tilfærslu í nýja íbúð breytist fjölskylduaðstæður. Breytingarnar, segir María Björk Einarsdóttir, framkvæmdastjóri Almenna leigufélagsins, ekki hafa önnur áhrif á leigjendur Leigufélags Íslands en að þjónusta við þá aukist.

SÍÐA 4

STJÓRNARMAÐURINN
@stjornarmadur

Meginástæða lystarleysis einstaklinga á hlutabréfamarkaði er sú að traust þeirra á markaðnum er í sögulegu lágmarki.

SÍÐA 12

Samtímaheimildir betri en seinni tíma

Skjóðan



HÆSTARÉTTARLÖGMENNIRNIR Ragnar H. Hall og Helgi Sigurðsson fjölluðu um símtalið mikla, sem forsætisráðherra og seðlabankastjóri áttu mánudaginn 6. október 2008 um 500 milljón evra lánveitingu til Kaupþings, í grein sem birtist nýlega í Fréttablaðinu. Þeir varpa fram þeirri spurningu hvort verið geti að þeir menn sem tóku ákvörðunina um lánveitinguna hafi ekki áttað sig á því að samþykkt neyðarlaganna myndi kippa fótunum undan alþjóðlegri bankastarfsemi á Íslandi, gjaldfella allar skuldbindingar Kaupþings og fella bankann. Þeir velta fyrir sér hvers vegna ekki megi birta símtalið, sem var tekið upp og getur varpað ljósi á þetta mál.

UM HELMINGUR gjaldeyrisvarasjóðs Íslands var notaður í Kaupþingslánið. Ragnar H. Hall benti á það í sjónvarpsþættinum Eyjunni á Stöð 2 um helgina að varla hefði hálfum gjaldeyrisforða þjóðarinnar verið varið í lán til Kaupþings nema menn hefðu fulla trú á því að Kaupþing væri lífvænlegur banki. Samt stóðu þessir sömu lánveitendur að því að setja lög síðar sama dag, sem brugðu fæti fyrir Kaupþing.

RAGNAR BENTI Á að stjórnendur Kaupþings og fleiri íslenskra banka hafa verið sóttir til saka m.a. á þeim forsendum að ýmsar ráðstafanir sem þeir gripu til í störfum sínum fyrir bankana fram í september á árinu 2008 hafi verið ólöglegar þar sem þeim hafi verið ljóst að bankarnir væru í raun gjaldþrota og eignir þeirra verðlausar. Samt lána Seðlabankinn og stjórnvöld hálfan gjaldeyrisforðann til Kaupþings í október.

KORTER Í HRUN Forsætisráðherra og seðlabankastjóri á ársfundi Seðlabankans í mars 2008.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

SÍMHLERUNUM hefur verið beitt gegn bankastjórnendum mörgum árum eftir að meint lögbrot þeirra áttu sér stað. Nú liggur fyrir að til er hljóðupptaka af símtalinu milli seðlabankastjóra og forsætisráðherra sem getur varpað ljósi á það hvernig ákvörðunin um lánið var tekin. Upptakan getur skýrt út hvort ráðherranum og seðlabankastjóranum hafi yfirleitt verið ljóst hverjar afleiðingar gjörða þeirra gætu orðið.

VARLA er til of mikils mælst að gera kröfu um að símtalið verði birt í heild sinni. Eðlilegt er að þjóðin fái að heyra það sem æðstu embættismenn hennar voru að véla í aðdraganda hrunsins og hruninu sjálfu. Það getur ekki verið í valdi þeirra einstaklinga sem ræddust við í síma mánudaginn 6. október og ákváðu að lána hálfan gjaldeyrisforðann að ákveða hvað þjóðin fær að vita um það mál, sérstaklega í ljósi þess að seinna sama dag kipptu þeir fótunum undan bankanum sem fékk lánið. Þetta símtal er mikilvæg samtímaheimild um athafnir og dómgreind íslenskra ráðamanna á ögurstundu.

SKJÓÐAN er frekju- og leiðindaskjóða, sem lætur ekkert mannlegt sér óviðkomandi.

Gengi félaga í Kauphöll Íslands

9 Á UPPLEIÐ
Félög sem hækkuðu í verði

4 Á NIÐURLEIÐ
Félög sem lækkuðu í verði

1 STÓÐU Í STAÐ
Félög sem stóðu í stað

MESTA HÆKKUN
ÖSSUR 59,0% frá áramótum
VÁTRFÉL. ÍSLANDS 6,9% í síðustu viku

MESTA LÆKKUN
TM -19,2% frá áramótum
BANK NORDIC -0,5% í síðustu viku

Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq OMX Iceland

Félag	Gengi í gær	Frá áramótum	Vikubreyting
Bank Nordic (DKK)	106,0	-18,5%	-0,5%
Eimskipafélag Íslands	228,50	-12,8%	2,7%
Fjarskipti (Vodafone)	35,40	29,9%	2,3%
Hagar	42,35	10,3%	1,1%
HB Grandi*	29,90	7,9%	-0,2%
Icelandair Group	19,00	4,4%	3,5%
Marel	128,50	-3,4%	4,9%
N1	19,55	3,4%	0,6%
Nýherji	5,75	57,5%	0,0%
Reginn	14,25	-8,4%	-0,3%
Sjóvá*	12,47	-7,6%	3,6%
Tryggingamiðstöðin	25,90	-19,2%	5,3%
Vátryggingafélag Íslands	8,95	-17,1%	6,9%
Össur	364,00	59,0%	-0,3%
Úrvalsvísitalan OMXI8	1.236,17	-1,9%	3,2%

First North Iceland

Century Aluminum	3.500,00	204,3%	40,0%
Hampiðjan	21,00	58,5%	4,0%
Sláturfélag Suðurlands	1,85	51,6%	39,1%

*upphafsverð m.v. útboð í apríl

Dagatal viðskiptalífsins

keldan dagatal viðskiptalífsins

MIÐVIKUDAGUR 19. NÓVEMBER
Hagstofan - Vinnumarkaður í október 2014
Þjóðskrá - Upplýsingar um leiguverð íbúðarhúsnæðis
FIMMTUDAGUR 20. NÓVEMBER
Eimskip - Uppgjör 3. ársfjórðungs 2014 kynnt
Hagstofan - Vísitala byggingarkostnaðar fyrir desember 2014
FÖSTUDAGUR 21. NÓVEMBER
Hagstofan - Vísitala kaupmáttar launa í október 2014
Hagstofan - Mánaðarleg launavísitala í október 2014
MÁNUDAGUR 24. NÓVEMBER
N1 - Uppgjör 3. ársfjórðungs 2014
ÞRIÐJUDAGUR 25. NÓVEMBER
Þjóðskrá - Viðskipti með atvinnuhúsnæði í október
MIÐVIKUDAGUR 26. NÓVEMBER
Hagstofan - Vísitala neysluverðs í nóvember 2014
FIMMTUDAGUR 27. NÓVEMBER
Hagstofan - Nýskráningar og gjaldþrot í október 2014

Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á visir

Myndform og Netflix reyna að ná samningi

Fyrirtækin hafa ekki komist að samkomulagi um það myndefni sem Myndform á sýningarrétt á hér á landi. Viðræðurnar hafa staðið yfir í þrjá mánuði. Hafa rætt við þrjú stærstu kvikmyndafyrirtækin.

AFÞREYING
Haraldur Guðmundsson | haraldur@frettabladid.is

Netflix hefur átt í viðræðum við Myndform um kaup á ýmsu myndefni sem íslenska fyrirtækið á sýningarrétt á hér á landi. Viðræðurnar hafa staðið yfir síðan í ágúst. Fyrirtækin hafa ekki enn komist að samkomulagi en ljóst er að Netflix á í viðræðum við þrjú stærstu kvikmyndafyrirtæki landsins.

MAGNÚS GUNNARSSON

„Það er verið að vinna í þessu á fullu en þetta er flókið mál. Við eigum rétt til að sýna mjög mikið af efni hér á landi en það er misjafnt út á hvað þau réttindi ganga. Stundum hefur Myndform keypt öll réttindi vegna tiltekinnar bíómyndar en í öðrum tilvikum einungis kvikmyndahúsaréttindin," segir Magnús Gunnarsson, yfirmaður kvikmyndadreifingar Myndforms og framkvæmdastjóri Laugarásbíós.

Myndform á meðal annars sýningarrétt á kvikmyndum bandarísku framleiðslufyrirtækjanna Universal, Lionsgate og Metro-Goldwyn-Mayer (MGM). Fyrirtækið er einnig í samstarfi við sænska dreifingarfyrirtækið Svensk Filmindustri og selur að auki mikið af erlendu barnaefni.

MYNDFORM Fyrirtækið á meðal annars sýningarrétt á kvikmyndum Universal.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Við funduðum með Netflix og Svensk Filmindustri í Stokkhólmi ágúst og þá vorum við fyrsta íslenska fyrirtækið sem ræddi við Netflix um þessi mál. Okkur líst vel á þetta því öll lögleg sala á þessu efni er okkur til hagsbóta," segir Magnús. Hann nefnir að Myndform á réttinn á kvikmyndum eins og Dumb and Dumber To, Nightcrawler, John Wick og þríleiknum um Hobbitann.

„Þannig að það er eftir miklu að slægjast. En Netflix er að opna í svo mörgum löndum núna, og Ísland er bara einn lítill markaður, þannig að þetta gerist ekki á einni nóttu," segir Magnús.

Eins og komið hefur fram vinnur Netflix að því að opna fyrir þjónustu sína hér á landi en fyrirtækið hefur undanfarið unnið að því að hasla sér völl í Evrópu. Fréttavefurinn Nútíminn greindi fyrst frá þreifingum Netflix hér á landi þann 16. október síðastliðinn. Þann sama dag var sagt frá því á mbl.is að Sena ætti í viðræðum við bandaríska fyrirtækið og um tveimur vikum síðar fylgdi fréttavefurinn Kjarninn málinu eftir með frétt um að viðræður Netflix og Sam-félagsins, sem á og rekur Sambíóin og Samfilm, væru langt komnar.

MARKHÓPADREIFÐUR FJÖLPÓSTUR

HVAÐ ER ÞAÐ?

Fyrir jólin!

Brúar bilið á milli fjölpósts og markpósts og sameinar því kosti beggja leiða sem ódýr og markviss leið til að ná í rétta hópinn.

- Nýtir dreifingargrunn Póstdreifingar til að flokka hverfi niður eftir hinum ýmsu breytum.
- Gefur möguleika á að ná til rétta hópsins samkvæmt staðfestri tölfræði varðandi búsetuform og mögulegri kaupgetu.

– Til dæmis er Ingimundur forstjóri líklegri til þess að kaupa demantsskreytta velúrinniskó en Jobbi á verkstæðinu... ekki satt?

22%
Versla auglýsta vöru úr fjölpósti *

* Könnunin Gallup lesa 61% fjölpóst, af þeim kaupa 22% auglýsta vöru/þjónustu.

Í fyrsta sinn er í boði þjónusta sem sameinar kosti beggja fjölpósts og markpósts þar sem hnitmiðuð skilaboð og hagkvæmt verð er lykillinn að árangri! :)

61%
Skoða fjölpóst

29%
Skoða sjaldan fjölpóst

10%
Skoða aldrei fjölpóst

Pantið tímanlega dreifingu fyrir jólin!

Póst dreifing

Póstdreifing ehf | Vatnagörðum 22 | 104 Reykjavík | S. 585 8300
www.postdreifing.is | sala@postdreifing.is

LBI vill svör fyrir áramót

Slitastjórn Landsbankans (LBI hf.) og Landsbankinn hf. hafa komist að samkomulagi um að framlengja aftur frest sem Seðlabankinn fékk til að taka afstöðu til undanþága frá gjaldeyrislögum sem LBI hefur farið fram á.

Fresturinn hefur verið framlengdur til 31. desember. Landsbankinn og LBI sömdu í maí um breytingar á 226 milljarða uppgjörsskuldabréfum. - hg

Þrjú fyrirtæki á sviði laxavinnslu í Noregi eru komin með vinnslukerfi frá nýsköpunarfyrirtækinu Völku í Kópavogi:

Selja 300 milljóna kerfi til Noregs

Hátæknifyrirtækið Valka ehf. í Kópavogi samdi nýlega við norska fyrirtækið Slakteriet AS um kaup á heildarkerfi fyrir flokkun og pökkun á heilum laxi í vinnsluhús félagsins í Florø í vestur Noregi.

Kerfið mun auka sjálfvirkni í vinnslunni frá því að laxinn er slægður þangað til hann er kominn í lokaðan kassa á bretti. Að auki verður verksmiðjunni stýrt af Rapidfish framleiðslu- og pöntunarkerfinu frá Völku.

HELGI HJÁLMARSSON framkvæmdastjóri.

Kerfið býður upp á ýmsar nýjungar sem veita stjórnendum og öðrum starfsmönnum upplýsingar í rauntíma. Til að mynda er mögulegt að nota bæði spjaldtölvur og farsíma til fylgjast með framleiðslunni, skrá pantanir, framkvæma gæðaskoðanir og fleira. Þá fylgir kerfinu nýr svokallaður SCADA-módúll, sem gefur upplýsingar um allar bilanir í kerfinu á grafískan hátt og gerir starfsmönnum kleift að bregðast samstundis við.

Með þessari sölu eru laxavinnslurnar í Noregi, með heildarkerfi frá Völku, orðnar þrjár. „Þessi samningur er kærkomin viðbót í sókn okkar inn á laxamarkaðinn," segir Helgi Hjálmarsson, framkvæmdastjóri Völku. „Við opnuðum nýverið útibú í Noregi og viðskiptin hafa farið vaxandi bæði í laxa- og hvítfiskkerfum. Við leggjum áherslu á vandaðar vörur og á nýsköpun sem skilar auknu virði til viðskiptavinanna," bætir Helgi við.

Áætluð uppsetning og gangsetning á nýja kerfinu er í mars. - jhh

ARION Um 6,6 milljarða hagnaður af aflagðri starfsemi bankans er nær eingöngu tilkominn vegna sölu á 18,8 prósenta eignarhlut bankans í HB Granda á öðrum ársfjórðungi.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Fyrirtækið hagnaðist um 22,6 milljarða á fyrstu níu mánuðum 2014:

Arion banki hagnast um rúma 5 milljarða

Hagnaður Arion banka á þriðja ársfjórðungi nam 5,2 milljörðum króna samanborið við 4,2 milljarða gróða á sama tímabili í fyrra.

HÖSKULDUR H. ÓLAFSSON

Fyrirtækið hagnaðist því um 22,6 milljarða króna á fyrstu níu mánuðum ársins sem er aukning um 124 prósent milli ára. Eignir bankans fóru úr 938,9 milljörðum í fyrra í 942,2 milljarða og eigið fé hans var 159,8 milljarðar.

Rekstrartekjur fyrirtækisins námu 38,3 milljörðum króna og hækkuðu um 6,7 milljarða milli ára. Rekstrarkostnaður nam 18,6 milljörðum samanborið við 18,2 milljarða á sama tímabili 2013.

„Þetta er sterkt uppgjör og er arðsemi bankans á tímabilinu rétt um 20 prósent. Vissulega er það svo að óreglulegir liðir hafa jákvæð áhrif á uppgjörið og vegur þar þyngst sala bankans á hlut í HB Granda og skráning félagsins á markað í apríl," segir Höskuldur H. Ólafsson, bankastjóri Arion banka, í uppgjörstilkynningu fyrirtækisins. - hg

Tekur yfir eignir Leigufélags Íslands

Sjóðir Gamma láta til sín taka á leigumarkaði. Almenna leigufélagið býður nú langtímaleigu, sólarhringsþjónustu við leigjendur og íbúðaskipti. Félagið hefur tekið yfir eignir Leigufélags Íslands.

HÚSNÆÐISMARKAÐUR
Óli Kristján Ármannsson | olikr@frettabladid.is

Með áherslu á langtímaleigu, aukna þjónustu og möguleika á að færa sig til innan leigufélagsins kveðst Almenna leigufélagið brjóta blað á leigumarkaði. Í dag kynnir félagið að það hafi tekið við leiguumsýslu íbúða sem áður voru í umsjón Leigufélags Íslands. Bæði félög eru í eigu sjóða sem Gamma rekur.

„Núna erum við með tæplega 400 íbúðir í rekstri, en félagið sér um umsýslu leiguíbúða sem eru í eigu ýmissa fjárfesta," segir María Björk Einarsdóttir, framkvæmdastjóri Almenna leigufélagsins. Með því að taka yfir íbúðir Leigufélags Íslands megi segja að félagið komi hlaupandi inn á leigumarkaðinn. „Það verða hins vegar engar breytingar á högum fólks sem þar leigði, aðrar en að þjónustan eykst."

Tilganginn segir hún meðal annars vera að koma á aukinni formfestu á leigumarkaði. sem í dag einkennist oft af óöryggi, brotum á réttindum leigjenda, ósveigjanleika og skammtímaleigu. „Það eru í gildi margvísleg lög og reglur til að vernda hagsmuni bæði leigusala og leigutaka og við ætlum að vera í fararbroddi við að framfylgja þeim." Félagið sé þjónustufyrirtæki sem keppi á almennum markaði og þar séu ánægðir viðskiptavinir grundvallaratriði. Nálgun félagsins segir María Björk hins vegar alveg nýja hér á landi. „Við bjóðum upp á leigusamninga til allt að þriggja ára í senn," segir hún, en sterk krafa hafi verið um slíkt. „Til dæmis frá fjölskyldufólki sem ekki vill hrekjast milli hverfa."

Þá bjóði félagið upp á meiri þjónustu við leigjendur en alla jafna hafi tíðkast hér. Samstarf sé við Securitas um símsvörun allan sólarhringinn. Komi upp neyðartilvik á borð við vatnsleka eða hvað eina annað sé alltaf einhver til að bregðast við. „Þriðja áherslan hjá okkur er svo aukinn sveigjanleiki," bætir hún við. Þurfi fólk að stækka eða minnka við sig geti það óskað eftir nýrri íbúð sem henti betur.

NÝR FRAMKVÆMDASTJÓRI ALMENNA LEIGUFÉLAGSINS María Björk Einarsdóttir hefur tekið við stjórn Almenna leigufélagsins. Hún er með B.Sc.-gráðu í rekstrarhagfræði frá HR og hefur lokið prófi í verðbréfaviðskiptum.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Leiguverðið eigi svo að vera samkeppnishæft þegar horft sé til alls þess kostnaðar sem fylgi því að eiga fasteign.

„Þetta á að vera sambærilegur kostur," segir María Björk, en leigan fylgir líka markaðsverði á hverju svæði. Íbúðakostur félagsins nái nú yfir allt höfuðborgarsvæðið, allt frá 101 og yfir í Hafnarfjörð. „Þetta er mjög dreift og við erum núna að bæta við okkur íbúðum bæði í Úlfarsárdal og Breiðholti. Við viljum geta mætt þörfum allra," segir hún.

Þakkar fjölgun erlendra ferðamanna að reksturinn er í góðu standi:

Reðasafnið skilaði 1,4 milljóna hagnaði

Hið íslenska reðasafn var rekið með 1,4 milljóna króna hagnaði í fyrra. Fyrirtækið skilaði einnig hagnaði árið 2012 en þá var afkoman jákvæð um 368 þúsund krónur.

„Þetta hefur gengið vel en útkoman var í mínus árið 2011 þegar við töpuðum rúmum 1,3 milljónum. Þetta er búið að snúast við og þar spilar inn í fjölgun ferðamanna sem við njótum góðs af," segir Hjörtur Gísli Sigurðsson, forstöðumaður og eigandi Hins íslenska reðasafns.

Fyrirtækið átti við árslok 2013 eignir upp á 2,9 milljónir króna. Skuldirnar námu þá 357 þúsund krónum. Hjörtur segir að viðskiptavinum fyrirtækisins hafi fjölgað enn frekar á þessu ári.

VIÐ LAUGAVEG Safnið var áður á Húsavík en var flutt í miðborgina árið 2011.

„Við erum með 283 alvörugripi eins og staðan er í dag auk fullt af listmunum og skemmtilegheitum sem tengjast okkar viðfangsefni og litla minjagripabúð og bókasafn," segir Hjörtur. - hg

AGFA PHOTO Wild ThingTOP

Myndavél
- Full HD
- 12 Mpix
- 4xZoom
- CMOS
- USB 2.0
- HDMI
- Þyngd: 85 grömm
- IP68 högg- og vatnsvörn
- Mikill fjöldi aukahluta fylgir

Verð: 44.866 kr.

AGFAPHOTO

AGFA PHOTO Wild Thing FUN

Myndavél
- HD
- 13 Mpix
- 4xZoom
- CMOS
- USB 2.0
- Þyngd: 48 grömm
- Mikill fjöldi aukahluta fylgir

Verð: 15.173 kr.

NEO

LED LENSER NEO

Höfuðljós - 5 litir
- Allt að 90 lumens
- Drægni: allt að 600 metrar
- 90 grömm
- 16:9 breiður ljósgeisli
- Rautt blikkljós að aftan

Verð: 5.553 kr.

LED LENSER®

LED LENSER X21.2

Vasaljós
- Allt að 1600 lumens
- Drægni: allt að 600 metrar
- Allt að 100 klst. ending
- AFS (Advance Focus System)

Verð: 49.541 kr.

Gaman úti með góðum búnaði

Með góðum búnaði í útivistinni ertu öruggari og nýtur þín enn betur. Agfa myndavélar til að setja á hjálma, mælaborð, reiðhjólastýri eða hvað sem hentar. Höfuðljós frá gæðamerkjunum Fenix og Led Lenser og hnífar og fjölverkfæri frá Bear Grylls.

Fenix HP25

Höfuðljós
- Allt að 180 lumens
- Drægni: Allt að 153 metrar
- Allt að 220 klst. ending
- Vatnsvörn: IPX-6

Verð: 11.766 kr.

FENIX

FENIX HP30

Höfuðljós
- Allt að 900 lumens
- Drægni: Allt að 153 metrar
- Allt að 220 klst. ending
- Vatnsvörn: IPX-6

Verð: 16.880 kr.

Hnífur

GERBER Bear Grylls Ultimate Knife ™

Verð: 9.883 kr.

BEAR GRYLLS GERBER SURVIVAL

Fjölverkfæri

GERBER Bear Grylls Ultimate Multi-Tool™

Verð: 11.107 kr.

PIPAR\TBWA

VÉLAR & VERKFÆRI

Skútuvogi 1c 104 Reykjavík Sími 550 8500 Fax 550 8510 www.vv.is

HB Grandi með tíu skip og fjárfestir fyrir milljarða

HB GRANDI
Kvótahæsta fyrirtækið

HB Grandi, hagnaðist um 35,4 milljónir evra, eða 5,74 milljarða íslenskra króna miðað við að meðalgengi evrunnar í fyrra var 162 krónur. HB Grandi hefur 50.439 þorskígildistonn sem er 11,78 prósent af heildinni. Mikil kvótaeign félagsins er ekki síst vegna sterkrar stöðu í karfaveiðum, með 31,7 prósent af gullkarfakvótanum og 33,6 prósent af djúpkarfa.

Fyrirtækið gerði út tíu fiskiskip í fyrra og vinnur fiskafurðir í Reykjavík, á Akranesi og Vopnafirði. HB Grandi gerir út þrjá frystitogara, fjóra ísfisktogara og þrjú uppsjávarfiskveiðiskip. HB Grandi er eina fyrirtækið sem hefur verið skráð á hlutabréfamarkað eftir bankahrun. Bréfin voru skráð á aðallista Kauphallar Íslands þann 25. apríl síðastliðinn en höfðu fram að því verið skráð á svokallaðan First North-markað. Félagið greiddi eigendum sínum 17,2 milljónir evra í arð fyrir árið 2013, sem er um 2,7 milljarðar króna, miðað við gengi evrunnar í lok ársins. Um 1,7 milljarðar voru greiddir til hluthafa árið á undan.

Fyrir hlutafjárútboð voru stærstu eigendurnir Vogun hf., Arion banki og fiskveiðihlutafélagið Venus. Stærsti eigandi Vogunar er Hvalur hf., sem aftur er í eigu Kristjáns Loftssonar. Eftir skráningu á markað eru stærstu eigendur HB Granda Vogun með tæplega 34 prósent hlut, Arion með 9,03 prósent hlut og Hampiðjan með 8,8 prósent hlut.

HB Grandi hefur ráðist í ýmsar aðgerðir á árinu til þess að treysta reksturinn. Þann 21. maí var gengið frá kaupum á 76,2% hlut í Norðanfiski ehf. en fyrir átti HB Grandi 23,8% eignarhlut. Norðanfiskur er ungt fullvinnslufyrirtæki í sjávarútvegi, sem framleiðir vörur í stóreldhús og neytendapakkningar. Þann 21. ágúst 2014 samþykkti stjórn félagsins síðan samningsdrög um smíði á þremur nýjum ísfiskstogurum fyrir 43.950 þúsund evrur, andvirði um 6,8 milljarða króna á gengi dagsins í dag. Að auki hefur verið fjárfest fyrir 12.321 þúsund evrur, um 1,9 milljarða, í nýjum uppsjávarskipum.

FISKVINNSLA HB GRANDA Stærsta sjávarútvegsfyrirtækið er með yfir átta hundruð starfsmenn í vinnu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Greiddu eigendum sjö milljarða kró

Hagnaður fimm kvótahæstu útgerðanna á Íslandi nam rúmum fimmtán milljörðum á síðasta ári og fengu eigendur sa í arð. HB Grandi er langstærsta félagið miðað við kvótaeign. Félagið hefur 11,78 prósent heildarkvótans miðað við þor næsta fyrirtæki, Samherji Ísland, hefur 6,44 prósent kvótans. Ársverkin hjá félögunum eru samtals 2.035 og er um 41 hjá HB Granda. Störfin hjá HB Granda eru um það bil tvöfalt fleiri en hjá Samherja Íslandi. Öll fyrirtækin nema FISK erlendum gjaldmiðlum. FISK sker sig líka úr hópnum að því leytinu til að fyrirtækið er með langsterkasta eiginfjárhlu

BÖRKUR NK Eitt af skipum Síldarvinnslunnar hélt til síldveiða vestur fyrir land í vikunni og er þar um að ræða síðustu veiðiferð vertíðarinnar á Íslandssíldinni hjá skipum Síldarvinnslunnar. MYND/ KRISTÍN SVANHVÍT HÁVARÐSDÓTTIR

5,6 milljarða hagnaður Síldarvinnslunnar

SÍLDARVINNSLAN
Þriðja kvótahæsta fyrirtækið

Síldarvinnslan rekur fiskvinnslu og útgerð. Höfuðstöðvarnar eru í Fjarðabyggð, en fyrirtækið starfar víðar. Síldarvinnslan er afkastamikil í veiðum og vinnslu á uppsjávarfiski og framleiðir fiskimjöl og lýsi. Samkvæmt vefsíðu Síldarvinnslunnar gerir félagið út fimm skip. Kvóti fyrirtækisins jafngildir 22.309 þorskígildistonnum, sem er 5,21 prósent af heildinni. Síldarvinnslan á einnig smærri fyrirtæki, meðal annars 100 prósenta hlut í útgerðarfélaginu Berg – Huginn ehf., 67 prósenta hlut í Fóðurverksmiðjunni Laxá hf., Fjárfestingafélaginu Vör ehf., Seley ehf., SVN eignafélagi og Snæfelli ehf.

Síldarvinnslan gerir upp í dollurum og námu rekstrartekjur félagsins í heild 194 milljónum dollara á síðasta ári, eða um 23,7 milljörðum króna miðað við að meðalgengi dollara hafi verið 122 krónur á síðasta ári. Hagnaður félagsins nam 5,6 milljörðum íslenskra króna. Tillaga var gerð um að félagið greiddi út 18 milljónir dollara í arð vegna síðasta árs, eða um tvo milljarða miðað við gengi dollarans um síðustu áramót, en árið á undan voru greiddar 16,6 milljónir dollara í arð vegna ársins 2012. Síldarvinnslan er að stærstum hluta til í eigu Samherja hf., Gjögurs hf. og Samvinnufélags útgerðarmanna. Samherji á stærsta hlutann, eða rétt innan við 45 prósent, Gjögur á liðlega þriðjung og þriðja félagið á tæplega ellefu prósent. Samanlagt eiga félögin þrjú því um níutíu prósenta eignarhlut í Síldarvinnslunni. Störfin hjá Síldarvinnslunni voru að meðaltali 271 á síðasta ári og greiddi félagið 34 milljónir dollara, eða rúmlega 4,1 milljarð króna, í laun og launatengd gjöld.

Þorbjörn í G stærstur í þ

ÞORBJÖRN HF.
Fjórða kvótahæsta fyrirtækið

Útgerðarfyrirtækið Þorbjörn hf. í Grindavík er að langstærstum hluta í eigu eignarhaldsfélaganna Blika, Skagen og Tabula Rasa. Þessi þrjú félög eiga samanlagt um það bil 97,2 prósent eignarhlut í fyrirtækinu. Fyrirtækið gerir út þrjú frystiskip, fjóra línubáta og rekur fiskvinnslu í Vogum og Grindavík og frystihús í Grindavík.

Þorbjörn er með 20.846 þorskígildistonna kvóta, sem er 4,87 prósent hlutfall af heildinni. Félagið er með stærri hlut í þorski en nokkurt annað sjávarútvegsfyrirtæki eða um 5,16 prósent, en einnig með sterka stöðu í grálúðu og karfa.

Hagnaður Þorbjarnar hf. á árinu 2013 nam 4,67 milljónum evra. Það samsvarar um 757 milljónum íslenskra króna, miðað

Skagfirðing á sínu útger

FISK SEAFOOD
Fimmta kvótahæsta fyrirtækið

Fimmta kvótahæsta fyrirtækið er FISK Seafood, sem er að 98,6 prósenta í eigu Kaupfélags Skagfirðinga. Félagið á svo 1,39 prósent hlut í sjálfu sér. Kvóti félagsins er 19.436 þorskígildistonn eða 4,54 prósent af heildarafla. Skip félagsins veiða einkum bolfisk. Það á og rekur tvo ísfisktogara, þrjá frystitogara og fiskvinnslu á Sauðárkróki og rækjuvinnslu í Grundarfirði. Ólíkt hinum fimm áðurnefndu félögum er reikningsár félagsins frá 1. september til 31. ágúst. Félagið hefur þó ekki birt ársreikning fyrir tímabilið 2013-2014.

Velta félagsins 2012-2013 var 8,96

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ

SAGA FERÐAÞJÓNUSTU

Í tilefni af afmæli Samtaka ferðaþjónustunnar er komin út bókin „Það er kominn gestur" – saga ferðaþjónustu á Íslandi. SAF gefa bókina út en höfundar hennar eru Helga Guðrún Johnson og Sigurveig Jónsdóttir.



GOTT ÚRVAL
„Á jólahlaðborðinu er karrísíld og rauðrófusíld, djúpsteiktar rækjur, kjúklingur, purusteik og hangikjöt. Meðlætið er ríkulegt; heit sósa, brúnaðar kartöflur, kartöflujafningur, fjölbreytt grænmeti, ferskt salat og kaldar sósur."
MYND/K.MAACK

JÓLAHLAÐBORÐ Á AÐEINS 1.990 KR.!

MÍNIR MENN KYNNA *Veisluþjónusta Magnúsar Inga Magnússonar, Mínir menn, býður upp á girnilegt heitt og kalt jólahlaðborð heima, í veislusal eða á vinnustað.*

Jólahlaðborð hlaðið kræsingum á aðeins 1.990 kr. ætti að hljóma vel í eyrum flestra. Mínir menn, veisluþjónusta Magnúsar Inga Magnússonar, veitingamanns á Sjávarbarnum, hefur sett saman einfalt en einstaklega girnilegt hlaðborð á þessu verði fyrir hópa og fyrirtæki sem er upplagt í jólagleðina á vinnustaðnum, í veislusal eða heima. Þar er byggt á langri reynslu Magnúsar Inga sem séð hefur um veislur af öllum stærðum og gerðum af ólíku tilefni í gegnum árin.

„Þetta er klassískt heitt og kalt jólahlaðborð," segir Magnús Ingi. „Við vitum hvað fólk er sólgnast í og veljum réttina eftir því. Þetta hlaðborð var mjög vinsælt þegar við byrjuðum með það í fyrra og það er mikið búið að panta fyrir þessi jól, enda er verðið sanngjarnt."

Á jólahlaðborðinu er karrísíld og rauðrófusíld, djúpsteiktar rækjur, kjúklingur, purusteik og hangikjöt. Meðlætið er ríkulegt; heit sósa, brúnaðar kartöflur, kartöflujafningur, fjölbreytt grænmeti, ferskt salat og kaldar sósur. Lágmarksfjöldi er tíu manns og Magnús Ingi og hans fólk mætir á staðinn með veisluföngin ef fjöldinn nær þrjátíu eða fleirum.

Ef óskað er eftir annars konar samsetningu á jólaborðið eða meira úrvali er það lítið mál gegn aukagjaldi. „Svo er hægt að velja eitthvað allt annað í jólaveisluna, til dæmis sambland af smáréttahlaðborði og pottrétti á 1.990 kr. Við veitum viðskiptavinum okkur alla nauðsynlega ráðgjöf og mætum einfaldlega óskum þeirra."

Nánari upplýsingar er að finna á Facebook og vef Sjávarbarsins, sjavarbarinn.is.

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
Kolbeinn Kolbeinsson, kkolbeins@365.is, s. 512 5447

JÓLABÖRN Norðmenn eru ekki síður jólabörn en Íslendingar. Mikið er um að vera í Ósló á næstu vikum sem gaman gæti verið að kynnast.

SÆLKERABORGIN ÓSLÓ

ÁHUGAVERT *Íslendingar hafa í stórum stíl flutt til Noregs á undanförnum árum. Flugfélagið Norwegian hefur í haust boðið ódýrar ferðir frá Íslandi til Óslóar sem fjölmargir hafa nýtt sér til að heimsækja ættingja og vini.*

Ósló hefur breyst mikið á undanförnum árum. Mikil uppbygging hefur átt sér stað og stórborgarbragur farinn að einkenna hana. Ósló er undurfögur á sumrin þegar mannlífið fyllir göturnar. Yfir vetrartímann er ekki síður skemmtilegt að heimsækja borgina, veitinga- og kaffihúsamenningin er fjölskrúðug. Þótt vetur sé í lofti bjóða mörg veitingahús gestum sínum að sitja utandyra, á gæru með teppi og hitalampa allt um kring. Einnig er algeng sjón að sjá logandi kyndla við bari og veitingahús þegar rökkva tekur. Kaffihúsamenningin blómstrar í borginni og þar er víða hægt að setjast niður með gott kaffi. Nú fer jólastemningin að setja svip sinn á borgina, enda Norðmenn mikil jólabörn.

MATHALLEN Hvað er skemmtilegra en að vera umvafinn sælkeramat? Í Mathallen finna allir matgæðingar eitthvað við sitt hæfi.

FALLEGAR VERSLANIR

Íslendingar vita að Ósló er dýr borg. Norska krónan hefur þó lækkað gagnvart þeirri íslensku og er núna rúmar 18 krónur. Það gerir verðlagið örlítið viðráðanlegra fyrir Íslendinga. Fólk fer líklegast ekki í verslunarferðir til frænda vorra í Noregi en í Ósló eru mjög fallegar H&M-verslanir sem bjóða gott verð. Margar glæsilegar verslanir eru í Ósló og fjölbreytt úrval. Bæði er skemmtilegt að ganga eftir hinni sögufrægu verslunargötu Karl Johan og heimsækja verslunarmiðstöðvar sem eru allnokkrar.

Fyrir matgæðinga er Ósló frábær heim að sækja. Mörg afbragðs veitingahús eru þar og metnaður mikill í matreiðslunni. Á Aker-brygge sem er tiltölulega nýuppbyggt svæði við höfnina eru til dæmis fjölmörg glæsileg veitingahús. Vel hefur tekist til að hanna þetta svæði en þar eru einnig íbúðir fyrir auðkýfinga. Verðið á þeim er frá 2-300 milljónum upp í milljarð. Gaman er að rölta um þetta svæði, sérstaklega að sumri þegar ferjurnar ganga út í eyjarnar allt um kring.

SÆLKERALAND

Matgæðingar gætu líka haft mikla ánægju af því að heimsækja Mathallen. Þar svigna borðin undir sælkeramatnum. Þarna má finna mat beint frá bónda og sælkeramat frá öðrum löndum. Undir Mathallen er bar sem talinn er vera sá lengsti í Evrópu. Þar er oft boðið upp á lifandi tónlist. Vinsælt kaffihús, Kaffebrenneriet, var opnað árið 1994 í Ósló en það er hannað eftir hugmyndum frá Seattle og San Francisco. Núna er Kaffebrenneriet á meira en tuttugu stöðum í borginni, þar á meðal í Mathallen, þar sem einungis er boðið upp á eðalbaunir. Kaffibaunirnar þykja svo góðar að það þykir dónaskapur að biðja um mjólk í kaffi – ekkert kaffi latte þar.

AÐVENTAN Í ÓSLÓ

Það er ýmislegt að gerast í Ósló á aðventunni, þar á meðal ýmsir jólamarkaðir. Má þar nefna árlegan jólamarkað í Norsk Folkemuseum. Þar koma saman um eitt hundrað aðilar sem selja jólaskreytingar, sælgæti, kökur, handverk og ýmislegt til jólagjafa. Norðmenn hafa ríkar jólahefðir líkt og Íslendingar. Þeir kveikja á jólatré í miðbænum fyrsta sunnudag í aðventu. Ekki má gleyma að það eru Norðmenn sem færa okkur jólatréð á Austurvelli.

Flest veitingahús bjóða upp á jólahlaðborð á aðventunni og jólaglögg er sömuleiðis vinsælt. Þá eru margir jólatónleikar í boði og borgin er fallega skreytt. Það getur því verið skemmtilegt

ÚTIVIST Það þarf ekki að fara langt til þess að komast á skíði í Ósló, enda heimamenn miklir útivistarmenn.

að fara í helgarferð þangað á aðventu.

Það sem vekur hvað mesta athygli fólks sem kemur í fyrsta sinn til Óslóar eða hefur ekki heimsótt borgina í mörg ár er uppbyggingin. Segja má að Ósló sé orðin borg samtímaarkitektúrs, háar og glæsilegar byggingar rísa víða. Þá hafa umferðarmannvirki verið bætt og endurnýjuð. Lestakerfið er með miklum sóma. Ósló er sú borg á Norðurlöndum þar sem framkvæmdir eru hvað mestar um þessar mundir, þær hafa veitt þúsundum Íslendinga í bygginga- og tækniiðnaði störf á undanförnum árum. Ekkert lát virðist á þessari uppbyggingu svo búast má við að Ósló sé enn að breytast.

■ elin@365.is

METSÖLULISTI
Bókabúðar Máls og menningar

1. **You are nothing**
Hugleikur Dagsson

2. **Kamp Knox**
Arnaldur Indriðason

3. **Öræfi**
Ófeigur Sigurðsson

4. **Reykjavík sem aldrei varð**
Anna Dröfn og Guðni Valberg

5. **I hate dolphins**
Hugleikur Dagsson

6. **Iceland small world**
Sigurgeir Sigurjónsson

7. **Yahya Hassan – ljóð**
Yahya Hassan

8. **Freyja Dís, sem vildi bara dansa...**
Birgitta Sif

9. **Englaryk**
Guðrún Eva Mínervudóttir

10. **Núvitund**
Chade-Meng Tan

5.-11. Nóvember 2014

BÓKABÚÐ MÁLS & MENNINGAR
LAUGAVEGI 18



BÍLAR & FARARTÆKI

Bílalíf

TILBOÐ 2.490.000.-
SKODA OCTAVIA AMBIENTE COMBI. Árg.'10,ek.127.þ km,dísel, 5 gíra,er á staðnum.Rnr.126056.S:562-1717.

7 MANNA - SJÁLFSKIPTUR !
Dísel - HYUNDAI Terracan glx.7 manna Árgerð 2005, ekinn 148þ.km. DÍSEL sjálfskiptur. Tilboðsverð 1.890þ. Rnr.390929. Er á staðnum - Bílalíf

Bílalíf
Kletthals 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
Opið virka daga 10-18
www.bilalif.is

bilfang.is
S. 567 2000

DIESEL !
BMW X5 Diesel 03/2004 , sjálfskiptur , leður , lúga ofl góð þjónusta góður bill verð 2490 þús !!!

GOTT VERÐ !
Ford Transit Connect DIESEL 08/2013 ek aðeins 8 þ.km Verð 2450 þús með VSK !!!

DIESEL !
VW Transporter Diesel 06/2011 ek 88 þ.km Góður bill sem er á staðnum verð 2450 þús + VSK !!!

Bílasalan Bílfang
Malarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 567 2000
Seljum í dag !
www.bilfang.is

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

PLANIÐ bílasala 517 0000

NISSAN Patrol gr. Árgerð 2000, ekinn 191 Þ.KM, dísel, 5 gírar. „35 breyttur. Verð 1.175.000. Rnr.301184. Á staðnum.

Bílasalan Planið
Korputorgi, Reykjavík
Sími: 517 0000
Opið virka daga mán - fös 10-18.
Lokað á laugardögum.
www.planid.is

STÓRA BÍLASALAN

Nissan Patrol GR Árgerð 2008. Ekinn 92þ.km. Sjálfsk. 5 manna. Gott viðhald. Er á staðnum. Tilboðsverð aðeins 2.990þ.kr stgr. Raðnr 156171. Sjá nánar á www.stora.is

Stóra bílasalan
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
http://www.stora.is

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR

NISSAN Qashqai SE. Árgerð 2013, ekinn 36 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 3.990.000. Rnr.210604.

HONDA Accord. Árgerð 2013, ekinn 32 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.990.000. Rnr.991037.



KIA Rio LX 1.4. Árgerð 2013, ekinn 76 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 2.190.000. Rnr.991023. 6 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.

MERCEDES-BENZ C 200 CDI. Árgerð 2013, ekinn 15 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.590.000. Rnr.240411.

ASKJA notaðir bílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 590 2160
www.notadir.is

bílaplan.is

FLOTTUR SPARNEYTINN
M.BENZ C 220 CDI árg. 2010 ek. 186 Þkm. 5 gíra, leður ofl. eyðsla ca 5L verð 3790 Þús #107455 gsm 896-1191

GÆÐAGRIPUR
M.BENZ E 200 KOMPRESSOR AVANTGARDE árg. 2007 ek. 154 Þkm, tilboðverð 2190 þús #147988 gsm 896-1191

STATION SPARIBAUKUR
M.BENZ C200 CDI árg. 2010 ek. 175 þkm Sjálfskiptur ofl, eyðsla 5L, verð 3790 Þús # 107510 gsm 896-1191

STATION DISEL
VW PASSAT HIGHLINE DISEL árg. 2011 ek. 127 Þkm. 5 gíra, Panoramaþak, álfelgur ofl ofl. tilboðsverð 3290 Þús #147939 gsm 896-1191

Bílaplan.is
Við Breiðhöfða, 110 Reykjavík
Sími: 552 6000
www.bilaplan.is

BÍLALIND.is

RENAULT Master van. Árgerð 2004, ekinn 140 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Lækkað verð, með VSK 790.000. Rnr.152018.

Bílalind
Funahöfði 1, 110 Reykjavík
Sími: 5808900
www.bilalind.is

VAKA

Vinnuvéla- Lyftara- og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

Vaka
Skútuvogi 8, 104 Reykjavík
Sími: 567 6700
24 tíma þjónusta
http://www.vakahf.is

KRÓKUR

KRÓKUR
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

Krókur
Sími: 522 4600
http://www.krokur.net

ÍSLENSK BANDARÍSKA BÍLAINNFLUTNINGUR

NÝJIR DODGE DURANGO CITADEL 4X4
Með öllum aukahlutum, V8 Hemi, 360hö, 7 manna, Sjón er sögu ríkari, Rosalega flottir bílar, Aðeins 1 eftirársbíll eftir, Verð áður 11.490þkr, Tilboðsverð 9.990þkr, Eru í salnum,

Íslensk-Bandaríska ehf
Þverholt 6, 270 Mosfellsbæ
Sími: 534 4433
Opið virka daga 10-18.00 og lau 11-15
http://www.isband.is

100 bílar.is bílasala

Toyota Yaris Terra, árg. 5/2005, ek 149þkm, bensín, beinskiptur, Góður bíll og gott eintak, Ásett verð 780þ.kr, Er á staðnum hjá okkur,

100 bílar ehf
Þverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.00, Lau 11-15
www.100bilar.is

Bílar til sölu

Toyota Yaris árg 2011 beinsk. Ekinn 73.000km bíll í toppstandi og lítur vel út. Verð 1.690. þ.kr. Uppl. í s. 820 0051

Seldur.is

KAUPUM BÍLA HÆRRA UPPÍTÖKUVERÐ
Við staðgreiðum bílinn þinn og þú getur þar með fengið staðgreiðsluafslátt af nýja bílnum. Sendu okkur upplýsingar í gegnum www.seldur.is og við sendum þér staðgreiðslutilboð.

500-999 þús.

TILBOÐ 790 PÚS
PEUGEOT 407 STW 2005 e.103 þús, Panorama glerþak, beinsk, búið að skipta um tímareim, vetrardekk, sk.15 Glæsilegur bíll, ásett verð 1290 þús TILBOÐ 790 PÚS möguleiki á 100% visalán í 36 man s.841 8955

GÓÐUR SPARIBAUKUR Á 690 PÚS!
NISSAN MICRA 2005 ek.142 þús, 5 dyra, beinsk, sk.15 tímakeðja, heill og góður bíll sem eyðir litlu (ca 5ltr/100) ásett verð 790 þús TILBOÐ 690 PÚS möguleiki á visaláni í 36 man s.841 8955

MJÖG GOTT EINTAK !
Hyundai Santa fe 2.4 árg ,04, bsk. 4x4. ek 178þús km. ný yfirfarinn á verkstæði. ný skoðaður. ný heilsársdekk. smurbók frá upphafi. Tilboðsverð 690þús stgr. vísa lán í boði. s:659-9696

Bílar óskast

BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

Sendibílar

568 5000 NS NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Hópferðabílar

Bova 70 manna árg. 1997. Ný vél og ný klæddur að innan. S: 892 3102

Vörubílar

VÖRUBÍLASTÖÐ HAFNARFJARÐAR
Getum útvegað sand og önnur fyllingarefni og fjarlægt efni úr lóðum. Höfum trailera, kranabíla og vörubíla. Getum útvegað gröfur.
Upplýsingar veittar í síma 555 0055

FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS
gjofsemgefur.is
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar

Bílaþjónusta

BendPak

Hágæða bandarískar vökvadrifnar bílalyftur.
Stál og Stansar ehf.
VAGNHÖFÐI 7 • SÍMI 517 5000
stalogstansar@stalogstansar.is

Varahlutir

SMÁPARTAR.IS
Eigum orðið mikið úrval notaðra og nýja varahluta í margar gerðir bíla. Tökum einnig að okkur viðgerðir. Upplýsingar á Smápartar.is eða í síma 5675040-7785040

Viðgerðir

AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Þar á meðal pústviðgerðir, bremsur og allar viðgerðir. Uppl. s. 555 6020.

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, mmc carisma, kangoo. Renni diska og skálar. Sérgrein bremsuviðgerðir. S. 892 7852.

ÞJÓNUSTA

Pípulagnir

FAGLÆRÐIR PÍPARAR
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

VY-ÞRIF EHF.
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 662 4010 www.vy.is

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

SENDIBILL.IS
Búslóðaflutningar, pianóflutningar, gerum tilboð í búslóðaflutninga út á land. Almenn sendibílaþjónusta. S. 772 3222

Húsaviðhald

k2 LOFTÆTIÐNAÞREINSUN

Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

BÍLL DAGSINS

Suzuki SX4 GLX 4WD

Nýskráður 2/2008, ekinn 175 þús.km., bensín, sjálfskiptur.

Tilboð dagsins kr. **1.050.000**

TOYOTA

Aygo Terra

Nýskráður 12/2011, ekinn 50 þús.km., bensín, 5 gírar.

Verð kr. 1.650.000

PEUGEOT

208 Active Navi

Nýskráður 11/2014, sýningareintak, bensín, 5 gírar.

Verð kr. 2.550.000

NISSAN

Patrol SE 3.0

Nýskráður 4/2008, ekinn 56 þús.km., dísel, sjálfskiptur.

Verð kr. 3.650.000

MITSUBISHI

Pajero GLX 2.5TDi

Nýskráður 1/2004, ekinn 121 þús.km., dísel, 5 gírar.

Verð kr. 1.590.000

MAZDA

3 Advance

Nýskráður 7/2010, ekinn 99 þús.km., bensín, 5 gírar.

Verð kr. 1.890.000

HYUNDAI

i30 Comfort Wagon

Nýskráður 3/2011, ekinn 83 þús.km., dísel, sjálfskiptur.

Verð kr. 2.190.000

HONDA

308 Access

Nýskráður 3/2014, ekinn 1 þús.km., bensín, 5 gírar.

Verð kr. 3.190.000

HYUNDAI

Boxer L1H1

Nýskráður 5/2005, ekinn 138 þús.km., dísel, 5 gírar.

Verð kr. 1.280.000

Opnunartími

Mánudaga - föstudaga milli kl. 10:00 og 18:00

Laugardaga milli kl. 12:00 og 16:00

BERNHARD NOTAÐIR BÍLAR

Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

Húsaviðhald

TRÉSMÍÐI
ÖLL ALMENN TRÉSMÍÐA-VINNA INNAN SEM UTAN.
20 ÁRA REYNSLA.
TILBOÐ/TÍMAVINNA
UPPL. HJÁ GUÐMUNDI Í S. 895 6820
ALPARSLF@HOTMAIL.COM

Get bætt við mig verkefnum. Viðhald. Endurbætur. Öll almenn smíða vinna. Tilboð, tímavinna. Er til í að fara út á land. Uppl. í síma 893 5374, Björn

Spádómar

KÆRLEIKS-LJÓSIÐ
Spámiðill Tarot lestur og kristalkúla
Vísa 566 7311 Fróði
Tímapantanir í síma 8694650

SPÁSÍMINN 908 5666

Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

KEYPT & SELT

Til sölu

VERSLUNARTÆKNI
Hjólavagn rauður opinn 62x42 cm
5.900.- +vsk
tilboð
www.verslun.is
Pöntunarsími: 5351300

Inni og útiskilti
SAMSKIPTI
prentlausnir fyrir skapandi fólk

Við erum með mikið úrval af gæða úti og inni skiltum. Verð frá 19.900 kr S:580-7820. Sendu okkur fyrirspurn á netfangið sala@samskipti.is

FRÁBÆRT VERÐ Á LOPAGARNI

Álafosslopi 429 kr. Léttlopi 259 kr. Plötulopi 399 kr. Gefjun.is

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

Til bygginga

HARÐVIÐUR TIL HÚSBYGGINGA.

SJÁ NÁNAR Á: WWW.VIDUR.IS

Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

HEILSA

Nudd

TANTRA NUDD

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Til leigu björt og rúmgóð tveggjagerbergja kjallaraíbúð í Garðabæ. laus nú þegar sími:8619966

Til leigu björt og rúmgóð tveggjagerbergja kjallaraíbúð í Garðabæ. laus nú þegar sími:8619966

Til leigu húsnæði fótaaðgerðarstofu í félagsmiðstöðinni við Lönguhlíð 3, frá og með janúar 2015. Möguleiki á að kaupa stól og áhöld. Uppl. í s. 411-2550.

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.COM

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

GEYMSLULAUSNIR.IS

Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS

Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

ATVINNA

Atvinna í boði

APOTEK RESTAURANT

APOTEK RESTAURANT ÓSKAR EFTIR ÞJÓNUM

Við erum að leita eftir hressum og metnaðarfullum þjónum í hlutastarf. Reynsla af þjónustu er æskileg.

Sendu ferilskrá á apotek@apotekrestaurant.is eða hringdu í síma 697-5739 fyrir frekari upplýsingar.

N1

óskar eftir að ráða útimann til starfa á þjónustustöð félagsins á höfuðborgarsvæðinu. Starf útimanns felst í sölu og þjónustu til viðskiptavina á útisvæði. Um er að ræða fullt starf, 12 tíma vaktir. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Aldurstakmark er 20 ár.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Helga Kristín Kristmundsdóttir í síma 660 3255.

TILKYNNINGAR

Einkamál

Rauða Torgið
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynlísögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999

Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi
www.hagvangur.is

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

Samherji Ísland með sex skipa útgerð og landvinnslu

SAMHERJI ÍSLAND

Næst kvótahæsta fyrirtækið

Samherji Ísland hefur 27.578 þorskígildistonn eða um 6,44 prósent af heild. Næstum því helmingi minni kvóta en HB Grandi. Samherji á Íslandi hagnaðist um 25,4 milljónir evra eða 4,1 milljarð miðað við gengið um síðustu áramót en hagnaðurinn árið á undan var um 25,5 milljónir evra. Eignir félagsins námu um 29,3 milljörðum króna miðað við gengi í lok ársins og var eigið fé um 11 milljarðar.

Lagt var til við aðalfund að félagið myndi greiða eigendum sínum um 12,8 milljónir evra í arð vegna rekstrarársins 2013, sem samsvarar um tveimur milljörðum króna, en það er svipuð upphæð og greidd var árið á undan. Samherji Ísland gerir út sex skip og rekur landvinnslu í Dalvíkurbyggð. Félagið greiddi 35,85 milljónir evra í laun og launatengd gjöld í fyrra, eða 5,8 milljarða króna. Ársverk hjá félaginu voru að meðaltali 402.

LANDVINNSLA Auk útgerðar á sex skipum rekur Samherji Ísland landvinnslu á Dalvík.

MÓÐURFÉLAGIÐ MEÐ 22 MILLJARÐA HAGNAÐ

Þrátt fyrir mikil umsvif HB Granda er risinn í íslenskum sjávarútvegi Samherji hf., móðurfélag Samherja Íslands. Dótturfélög Samherja eru fjórtán; auk Samherja Íslands á félagið 45 prósenta hlut í Síldarvinnslunni, Útgerðarfélagi Akureyringa ehf., Krossanesi ehf., Oddeyri ehf., Íslandslaxi og fleiri félögum. Þá á Samherji hf. sjávarútvegsfyrirtæki, eða hlut í sjávarútvegsfyrirtækjum, í Þýskalandi og Bretlandi.

Hagnaður félagsins nam 134,8 milljónum evra á síðasta ári, sem er um 21,7 milljarðar íslenskra króna miðað við að meðalgengi evrunnar var 162 krónur í fyrra. Hagnaður samstæðunnar árið á undan var aftur á móti 97,8 milljónir evra. Hagnaðurinn jókst því um 38 prósent á milli ára.

Eins og fram kom í afkomutilkynningu félagsins í haust var árið í fyrra fimmta árið í röð þar sem allar afkomueiningar samstæðunnar skila hagnaði. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar í lok ársins 2013 alls 110,7 milljörðum króna. Heildarskuldir og skuldbindingar á sama tíma voru 45,9 milljarðar og bókfært eigið fé 64,8 milljarðar króna.

na í arð

amtals um 7 milljarða
rskígildistonn á meðan
prósent þeirra, eða 828,
Seafood gera upp í
utfallið, um 91 prósent.

Grindavík er orskinum

757 milljóna króna hagnaður

við að meðalgengi evrunnar á síðasta ári var 162 krónur. Hagnaður félagsins dróst verulega saman á milli ára. Hann var 7,68 milljónir evra á árinu 2012 og er samdrátturinn um 39 prósent. Velta félagsins nam 51, 98 milljónum evra, eða um það bil 8,4 milljörðum króna, en var 54,68 milljónir árið á undan. Fyrirtækið greiddi 23 milljónir evra í laun í fyrra eða um 3,7 milljarða króna og er meðalfjöldi starfa 284. Félagið greiðir hluthöfum sínum engan arð vegna ársins 2013 og greiddi engan arð árið á undan heldur.

ar þéna vel rðarfélagi

FISK **91%** eiginfjárhlutfall

milljarðar króna, og er samdráttur um um það bil 800 milljónir króna frá reikningsárinu á undan. Hagnaðurinn var 1,34 milljarðar króna, sem er samdráttur um rúmar fjögur hundruð milljónir. Félagið sker sig úr með sterkan efnahag, en eignirnar nema samtals 16,85 milljörðum og skuldirnar 1,45 milljörðum. Það er 91 prósents eiginfjárhlutfall. Fyrirtækið greiddi 2,97 milljarða í laun og launatengd gjöld á reikningsárinu 2012-2013 og var meðalfjöldi starfsmanna á tímabilinu 250.

Vann hjá GlaxoSmithKline í London

Guðrún M. Ásgrímsdóttir, framkvæmdastjóri Lipid Pharmaceuticals, vinnur nú við að koma hlutafjáraukningu fyrirtækisins af stað. Hún lærði lyfjafræði við HÍ og University of London. Veturnir snúast um að komast á skíði.

SVIPMYND
Haraldur Guðmundsson | haraldur@frettabladid.is

„Við ætlum nú að tala við fjárfesta og safna fjármagni svo við getum unnið að fyrirliggjandi verkefnum," segir Guðrún M. Ásgrímsdóttir, framkvæmdastjóri sprotafyrirtækisins Lipid Pharmaceuticals (LP) sem hefur þróað lyf til meðhöndlunar á börnum og fullorðnum sem þjást af hægðatregðu.

Áform LP gera ráð fyrir að lyfið verði komið á markað innan þriggja ára en Guðrún vinnur nú að hlutafjáraukningu fyrirtækisins.

„Við erum komin langt með þessar rannsóknir en þurfum að klára ákveðna þætti í þeim til að fá lyfið skráð."

Guðrún hefur starfað hjá LP frá árinu 2010 og í lyfjageiranum frá 1997. Hún lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri árið 1990. Eftir það fór hún á námsstyrk til Bandaríkjanna þar sem hún lærði við Valdosta State University í Georgia í Bandaríkjunum í eitt ár.

„Eftir það kom ég aftur til Íslands og kláraði lyfjafræðina árið 1997 en námið hét þá lyfjafræði lyfsala og er í dag það sama og meistarapróf í lyfjafræði," segir Guðrún.

LYFJAFRÆÐINGUR Guðrún hefur starfað í lyfjageiranum í sautján ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hún starfaði hjá fyrirtækinu Omega Pharma frá 1997 til 2000. Eftir það var hún ráðin til eins stærsta lyfjafyrirtækis heims, GlaxoSmithKline, og vann á rannsóknarstofu fyrirtækisins í úthverfi London.

„Þar var ég í eitt ár og svo var ég að vinna á spítala í London sem klínískur lyfjafræðingur og kláraði diplómapróf í klínískri lyfjafræði við University of London. Árið 2005 byrjaði ég svo að vinna hjá GlaxoSmithKline á Íslandi við sölu- og markaðsmál og var þar þangað til ég hóf störf hjá LP."

Guðrún er í sambúð með Sigurði Herði Kristjánssyni skipstjóra og þau eiga tvær dætur, sjö og fjórtán ára.

„Veturnir snúast um að fara á skíði og svo reyni ég að komast í líkamsrækt og í göngur á sumrin. Svo sit ég heima og prjóna þegar ég hef tíma til þess en starfið og barnauppeldið tekur mest af mínum tíma," segir Guðrún.

„Svo er fram undan að undirbúa aðventuna og jólin og einnig að sinna öðrum verkefnum LP eins og þróun nýs smyrsls sem við erum með í pípunum."

ATORKUMIKILL FRUMKVÖÐULL

„Guðrún er sérlega atorkumikil manneskja og hefur mikinn áhuga á viðfangsefninu hverju sinni. Hún er ósérhlífin þegar kemur að því að koma hlutunum í verk, gerir það sem þarf að gera þegar þess þarf. Ég hitti hana á stjórnarfundi Lipid Pharmaceuticals um daginn og þá var hún að segja mér af miklum eldmóði að hún væri að fara austur fyrir fjall til að hitta dýralækna og kanna möguleika á notkun á lýsiskremi fyrir júgur á kúm vegna ástigssára. Já, það þarf líka að huga að blessuðum skepnunum og drífa sig þá bara austur. Ég kann nú bara ekki að segja frá neinum göllum í hennar fari enda ekki orðið vör við neina. Guðrún er bara toppmanneskja."

Katrín Pétursdóttir, forstjóri Lýsis.

„Hún er einn af þessum frumkvöðlum sem nýi sjávarútvegurinn þarf á að halda. Hún er eldklár og með metnað til að gera t.d. omega-lyf og heilsuefni úr fiskinum okkar. Þannig getum við margfaldað verðmæti sjávarafurða okkar. Hún er fylgin sér og vinnur vel í teymi. Við vorum í Boston að kynna nokkur framúrskarandi íslensk líftæknifyrirtæki í síðasta mánuði, þar á meðal Lipid Pharmaceuticals og Codland. Þarna stóðu upp m.a. Guðrún fyrir Lipid og Erla Ósk Pétursdóttir, framkvæmdastjóri Codlands, og kynntu fyrirtæki sín. Maður gat ekki annað en fyllst stolti að eiga svona flotta fulltrúa nýja sjávarútvegsins."

Þór Sigfússon, framkvæmdastjóri Íslenska sjávarklasans.

TÓMAS TÓMASSON

Var blankur þegar Búllan var stofnuð

Tómas Tómasson hefur áratuga reynslu af veitingahúsa- og hótelrekstri. Hann stofnaði Tommaborgara árið 1981 á Íslandi, opnaði Hard Rock Café árið 1987 og stofnaði og rak fjölda annarra veitinga og skemmtistaða, eins og Kaffibrennsluna, Ömmu Lú og Hótel Borg svo fátt eitt sé nefnt. Tómas átti endurkomu í veitingabransann fyrir áratug þegar hann opnaði Hamborgarabúllu Tómasar hinn 10. apríl 2004 sem hefur notið ótrúlegra vinsælda en í dag eru sjö Búllustaðir á Íslandi og tveir í Lundúnum auk staða í Berlín og Kaupmannahöfn sem eru reknir undir merkinu Tommi's Burger Joint. Staðirnir eru ýmist reknir af Tómasi eða á grundvelli sérleyfissamninga (e. franchise agreement). Fyrirtæki Tómasar, Hamborgarabúlla Tómasar ehf., skilaði 9,9 milljóna króna hagnaði í fyrra og var með 71 milljón króna í jákvætt eigið fé í lok árs 2013. Tómas er gestur í nýjasta þætti Klinksins.

Hvar og hvenær fæðist hugmyndin að Búllunni?

„Eftir að ég seldi Hótel Borg snemma árs 2003 þá lét ég mig dreyma um að ég gæti farið að gera minna og setjast hálfpartinn í helgan stein. Ég fór til Argentínu í tvo mánuði að reyna að læra spænsku og tangó og uppgötvaði þegar ég kom til baka að ég var blankur maður. Mómentið var þetta: Ég fór í sturtu daglega og notaði eyrnapinna í sitt hvort eyrað. Ég uppgötvaði einn daginn að ég var farinn að nota einn pinna til að spara í staðinn fyrir tvo. Svo þurfti ég að fylla á símann minn og lægsta áfylling er 500 kall og ég þurfti að fara inn á þrjá bankareikninga til þess að finna 500 kall til að setja inn á símann. Þá áttaði ég mig á því að ég þurfti að fara að gera eitthvað. Á fjölskyldufundi var stungið upp á því hvort ég ætti ekki að fara í hamborgarabransann aftur en mér fannst það út í hött af því mér fannst ég vera búinn að ljúka því tímabili í lífi mínu. En þegar fólk heyrði að Tommi ætlaði að fara í hamborgarana þá lifnaði yfir öllu. Þetta þróaðist síðan þannig að ég fór að kíkja í kringum mig eftir húsnæði."

Vissir þú að þú gætir látið vörumerki Búllunnar dafna hraðar með franchise-samningum?

„Svona rekstur er svo persónubundinn að ef eigandinn er ekki meira og minna sjálfur á staðnum að hugsa um þetta þá meira og minna koðnar þetta niður. Það er betra að vera með nokkra staði og eigendurna sjálfa við búðarborðið."

Þetta hráa útlit á staðnum er mjög meðvitað?

„Kristín, tengdadóttir mín, er hönnuður og kom með þá tillögu að við notuðum eins mikið og hægt væri af gömlu dóti sem var til og hafði verið notað á hinum ýmsu stöðum sem ég hafði opnað um ævina og var afgangs. Þetta er svona skipulagt reiðuleysi sem okkur líður vel innan um."

„Eftir að staðurinn í London fór að ganga svona vel, það er með ólíkindum hvað okkur var vel tekið þar, þá hafa alls kyns menn haft samband og vissulega er það ánægjulegt að fá svona seinni 15 mínútur af frægð á þessum aldri. En ætlum við að opna fleiri staði erlendis? Það er mjög líklegt að það gerist því það er mikill áhugi fyrir þessu. Iðulega koma menn og ræða við rekstraraðila staðarins í London og vilja taka þátt. Þetta er eins og í sögunni um Litlu gulu hænuna. Um leið og brauðið er bakað vilja allir koma og taka bita."

„Í London vorum við lengi að finna rétta kjötið. Við vorum búnir að prófa 10-12 mismunandi kjötkaupmenn sem voru búnir að reyna að selja okkur kjöt. Loksins duttum við niður á HG Walter, sem við köllum slátrara, og kjötið sem hann útvegar okkur er skoskt og það er svo gott að við notum sama kjötið í bæði Berlín og Kaupmannahöfn og flytjum það bara inn þar. Það er 20-22% fita en bragðið kemur úr fitunni."

„Það er mikilvægt að þetta sé allt eins alls staðar."

klinkið
Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@365.is

Viðtalið við Tómas Tómasson er hægt að sjá í þættinum **Klinkinu á www.visir.is.**

ÖRUGGAR GAGNAGEYMSLUR OG AFRITUNARLAUSNIR

ÖRUGG HÝSING FYRIR MIKILVÆG GÖGN

Að tapa mikilvægum gögnum getur haft í för með sér töluverðan kostnað og tekjumissi í rekstri fyrirtækja. Örugg afritun og varðveisla gagna með NAS hýsingu getur reynst lykillinn í að tryggja sig gegn óhöppum eða óafturkræfum gagnamissi.

Öflug NAS hýsing getur einnig aðgangsstýrt gögnum fyrirtæksins þannig að hægt sé að nálgast þau hvar sem er yfir netið, stýrt öryggismyndavélakerfi og vistað heimasíðu fyrirtækisins.

Tölvulistinn býður fjölbreytt úrval NAS hýsinga frá traustum og heimsþekktum framleiðendum sem hafa um árabil reynst íslenskum fyrirtækjum vel í varðveislu og miðlun gagna.

tl.is

TÖLVU LISTINN

FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA

414-1710 / sala@tl.is

Er þetta hættuspil?

Skoðun
Jón Sigurðsson
fyrrverandi rektor og ráðherra

Eftir að gengistrygging lána var dæmd ógild telja margir ekki ósanngjarnt að aðrir fái almenna höfuðstólslækkun verðtryggðra húsnæðisskulda. En fleiri hliðar eru á málinu.

Bankar og aðrar lánastofnanir tengja fjárþörf og fjármagn. Meginverkefni eru að tengja ólíkar tímalengdir, ólíkar fjárhæðir, og mismikla áhættu. „Bankaleg“ ákvörðun er fjárhagsmat byggt á raunsæi án tillits til einstaklinga eða pólitískra óska. Hún miðast við verðbréfið sjálft og forsendur þess. Þótt t.d. sami skuldari beri tvö skuldaskjöl, þá eru forsendur skjalanna ekki eins: Ef annað er tekið verður léttara um hitt. Þannig er réttlát „bankaleg“ greining ævinlega mismunun því að forsendur tveggja skjala eru aldrei eins, jafnvel þótt sömu meginlínum sé fylgt.

Pólitísk viljaákvörðun

En lánastarfsemi er vandasöm. Allt skekkist ef menn fylgja öðrum sjónarmiðum sem miðast við ytri áhrif úr öðrum áttum. Þannig eru pólitísk inngrip eitur í bankastarfsemi, eins og reynslan hefur margsannað.

Orðið „afskriftir“ er oft villandi. „Bankaleg“ afskrift er ísköld ályktun: Þetta lán er nú þegar tapað, skuldarinn ræður ekki við það. Pólitísk „afskrift“ af láni er annars eðlis: Þetta er vinur okkar og atkvæði, aðstoðum hann.

Höfuðstólslækkunin nú er ekki bankaleg raunsæisaðgerð heldur pólitísk viljaákvörðun sem flokkslegur verkefnisstjóri stýrir. Um þetta hafa leiðtogar stjórnarflokkanna talað heiðarlega, þótt þeir hagi orðum sínum hver með sínum hætti.

En „almennur forsendubrestur“ eftir pólitísku ytra mati hæfir lánastofnun illa. Það er alvarlegt að nú hafa stjórnmálamenn tekið sér bankavald með pólitískum inngripum í útistandandi lán, og slíkt boðar sjaldnast farsæld. Ýmsar hættur geta fylgt þessum aðgerðum.

Allt öðru máli gegnir um niðurstöðu dómstóls. Af henni verða aðeins dregnar beinar ályktanir. Almennar reglur um lánakerfið, stærð eða samkeppnishætti, eða um lánategundir þurfa ekki heldur að valda hættu, svo sem stuðningur við byggðir, námsfólk, nýsköpun, eða lágtekjuhópa. Pólitískar vinsældaákvarðanir geta hins vegar orðið hættulegt fordæmi, með endurtekningar og framhald, skaðabótamál og vefengingar, o.fl.

Hætt á hrun viðskiptakerfis

„Bankalegar“ ákvarðanir um 110%-leið eða greiðsluaðlögun standast aldrei vinsældamat á við pólitíska fyrirgreiðslu. Fyrri ríkisstjórn fór með öfgar í skattamálum og fiskveiðigjöldum, en hún gætti sín þegar kom að lánakerfinu. Hún uppskar auðvitað óvinsældir.

Vonandi fer núverandi ríkisstjórn ekki lengra en orðið er út á þessa hættubraut. Nú er nefnilega hætta á því að í hvert sinn sem hér verður einhver bylta krefjist menn sambærilegra aðgerða. Kjörorðið verður á hvers manns vörum: „Almennur forsendubrestur.“ Argentínumenn þekkja svipað ástand og hafa sopið seyðið af árum saman.

Næsta stig getur orðið pólitískar ákvarðanir um vaxtakjör og gengi, og síðan um það hverjir fá lán og hverjir ekki, og hverjir fá afskrifað. Þetta þekkja Íslendingar líka. Verði látið undan hrynur ekki aðeins lánakerfi og gjaldeyriskerfi heldur gervallt viðskiptakerfi þjóðarinnar.

Því er brýnt að staðfest verði opinberlega að höfuðstólslækkunin skapar alls ekki fordæmi heldur er einstök og sérstæð einskiptisaðgerð.

Fréttamaður í heita pottinum

Skoðun
Yngvi Örn Kristinsson
hagfræðingur Samtaka fjármálafyrirtækja

Þorbjörn Þórðarson fréttamaður hefur viðrað skoðanir sínar á notkun kaupaukakerfa í fjármálafyrirtækjum á þessum vettvangi. Hann virðist andsnúinn því að fjármálafyrirtæki noti slík hvatakerfi. Skoðun sína virðist hann byggja á tveimur sjónarmiðum. Annars vegar að ekki verði til raunveruleg verðmæti í fjármálafyrirtækjum. Þau séu stoðfyrirtæki og þar af leiðandi eigi laun í fjármálafyrirtækjum að vera lág til að gera framleiðslu raunverulegra verðmæta sem ódýrasta. Fyrra svar mitt við pistlum Þorbjarnar miðaði að því að leiðrétta þessa firru. Nútímahagfræði gerir engan greinarmun á virðismyndun í framleiðslu og þjónustustarfsemi. Launastefna og launamyndun eiga sér stað með sama hætti hvort sem um er að ræða framleiðslu eða þjónustustarfsemi. Virðisauki í þjónustu telur með sama hætti inn í landsframleiðslu og virðisauki í framleiðslu.

Mun stífari kaupaukareglur hér

Hins vegar vísar Þorbjörn til síðustu skýrslu Seðlabankans um fjármálastöðugleikann. Í henni er að finna greiningu á undirliggjandi afkomu stóru viðskiptabankanna og telur Þorbjörn hana ekki réttlæta kaupaukagreiðslur. Þetta eru ekki rök gegn kaupaukakerfum heldur fyrst og fremst spurning hvort heppilegt sé að kaupaukar séu greiddir út um þessar mundir.

Kaupaukakerfi fjármálafyrirtækja hafa verið í brennidepli beggja vegna Atlantsála allt frá því að fjármálakreppan skall á. Kenningar eru uppi um að kaupaukakerfi kunni að hafa ýtt undir áhættusækni starfsmanna fjármálafyrirtækja í aðdraganda fjármálakreppunnar. Á vettvangi Evrópusambandsins hafa verið settar

tilskipanir sem ætlað er að draga úr meintri hættu kaupaukakerfa í fjármálafyrirtækum. Sett hafa verið ákvæði í lög um hámark kaupaukagreiðslna af föstum launum, ákvæði sem hindra að þeir séu greiddir af tímabundnum eða hverfulum hagnaði og ákvæði sem heimila að kaupaukagreiðslur geti orðið afturkræfar við vissar aðstæður.

Í evrópskri löggjöf er miðað við að hámark á kaupaukagreiðslum sé alla jafna 100% af föstum launum en hluthafafundir geti heimilað greiðslu sem nemur allt að tvöföldum árslaunum. Íslensk stjórnvöld hafa innleitt þessa tilskipun með mun stífari hætti en þekkist á hinum sameiginlega markaði auk þess sem ákvæði núgildandi reglna ganga lengra en sjálf tilskipunin. Hámark kaupaukagreiðslu samkvæmt reglum FME er fjórðungur af árslaunum.

Kaupaukar og rekstraráhætta

Samtök fjármálafyrirtækja hafa varað við svo þröngum mörkum og bent á að það geti leitt til þess að hluti fastra launa verði of hár sem dregið gæti úr sveigjanleika til að mæta erfiðleikum í rekstri. Þau kaupaukakerfi sem fjármálafyrirtæki hafa sett upp eru í samræmi við þær reglur sem FME hefur sett. Rétt er að taka fram að reglurnar gilda ekki eingöngu um stóru viðskiptabankana heldur öll fjármálafyrirtæki. Íslenska útfærslan takmarkar þannig heimildir lítilla fjármálafyrirtækja sem ekki eru kerfislega mikilvæg til að umbuna starfsmönnum þegar vel gengur og draga úr rekstraráhættu þegar illa árar.

Kaupaukakerfi hafa kosti og galla. Almennt eru þau til þess fallin að auka sveigjanleika í rekstri fyrirtækja þar sem launagreiðslur tengjast afkomu fyrirtækisins. Þannig draga þau úr áhættu í rekstri fyrirtækja og veita starfsmönnum hlutdeild í afkomu fyrirtækisins þegar vel gengur. Áhættan er að starfsmenn taki magn fram yfir gæði vegna ásóknar í kaupauka og það komi niður á rekstrinum þegar fram líða stundir. Áhyggjur af áhættusækni starfsmanna fjármálafyrirtækja eru af þessum meiði. Við þessu er brugðist með eftirliti innan fyrirtækjanna og með opinberu eftirliti. Kaupaukakerfi eru í víðtækri notkun hér á landi, bæði í framleiðslufyrirtækjum og þjónustufyrirtækjum og sennilega eru fáar eða engar atvinnugreinar þar sem þeim er ekki beitt. Kostir slíkra kerfa eru taldir meiri en gallar þeirra og því almennt ekki reistar skorður við notkun þeirra.

Undir lok seinni pistils síns setur Þorbjörn fram þá skoðun að bankarnir ættu frekar að nota það fé sem fer í rekstur Samtaka fjármálafyrirækja í „einhverja raunverulega verðmætasköpun“. Væntanlega verðmætasköpun sem er „raunveruleg“ samkvæmt huglægu mati fréttamannsins.

Fyrra svar mitt við skoðunum fréttamannsins skilaði litlum árangri. Pistlar fréttamannsins minna á umræður sem heyra má í pottum sundlauganna. Með þessum pistli hef ég skýrt þá umgjörð sem er um kaupaukakerfi í fjármálafyrirtækjum. Læt ég hér staðar numið.

Krókháls – Til leigu
350 til 400 fermetra skrifstofuhúsnæði

- Leiguhúsnæði Krókhálsi 6, 3. hæð.
- 350 til 400 fermetra skrifstofuhúsnæði.
- Laust til leigu strax.
- Nýuppgert.
- Töluvert til af skrifborðum sem geta fylgt með.

Nánari upplýsingar gefur Viktor í síma: 696-9420.

Koma jólin á fasteignamarkaði í ár?

Hin hliðin

Sigríður Hrund Guðmundsdóttir, rekstrarhagfræðingur og sölustjóri Fasteignakaupa

Mikið væri nú gott að sjá vexti lækka. Þá fengju heimilin og atvinnulífið loksins tækifæri til að fjármagna sig með minni vaxtakostnaði.

Það er engu líkara en jólin séu þegar komin hjá mörgum. Það mátti heyra á flestum sem hringdu inn í síðdegisþátt á föstudag, að þeir voru almennt ánægðir með skuldaleiðréttinguna. Það er afrek útaf fyrir sig að svo almenn og víðtæk efnahagsaðgerð verði nú loksins að veruleika.

Hækkandi fasteignaverð

Heimilin munu án efa njóta góðs af þessari aðgerð, beint í formi lækkunar á greiðslubyrði og óbeint þar sem þetta er mikil innspýting inn í hagkerfið. Yngra fólk er stærsti hópurinn sem fær leiðréttingu. Sá hópur er á barneignaraldri og eflaust hafa margir þurft að stækka við sig en ekki treyst sér til þess. Ef þessi hópur fer nú að hugsa sér til hreyfings hefur það keðjuverkandi áhrif á fasteignaverð. Undanfarin misseri hafa minnstu eignirnar selst vel og hækkað hlutfallslega meira en aðrar, en svokallaðar millieignir hafa setið eftir. Betri greiðslugeta, aukin bjartsýni og meira atvinnuöryggi eru forsendur þess að fólk ræðst frekar í fasteignakaup. Það hefur jákvæð áhrif á allan fasteignamarkaðinn.

Almenn jákvæð efnahagsaðgerð

Spáð er auknum hagvexti á næsta ári. Með skuldaniðurfærslu ríkisstjórnarinnar verður innspýting inn í hagkerfið allt að 150 milljarðar á næstu 3 árum. Það ætti að hafa jákvæð áhrif á einkaneyslu sem kallar á fleiri störf og sennilega betri kjör. Hvað verður um þessa 80 milljarða sem fara í beinar höfuðstólsleiðréttingar strax á næsta ári? Íbúðalánasjóður, bankar og lífeyrissjóðir fá þessa peninga til sín og þurfa að koma þeim aftur í ávöxtun. Fjárfestingartækifæri eru mjög takmörkuð fyrir lífeyrissjóði, jafnvel þó gjaldeyrishöftunum verði aflétt, því þeir verða líklega síðastir til að fá að fara með peningana úr landi. Bankar og aðrar lánastofnanir þurfa að koma peningunum aftur í vinnu með útlánum. Skapist meira framboð af lánsfé en eftirspurn, þá eru komnar forsendur fyrir því að vextir lækki loksins … að því gefnu að Seðlabankinn grípi ekki inn í. Mikið væri nú gott að sjá vexti lækka. Þá fengju heimilin og atvinnulífið loksins tækifæri til að fjármagna sig með minni vaxtakostnaði. Fólk myndi þá ráða miklu betur við afborganir af húsnæðislánum og eiga auðveldara með að standast greiðslumat. Það hefði einnig jákvæð áhrif á fasteignamarkaðinn.

Nú á Seðlabankinn leikinn og þarf að lækka vexti til að hagsældin sem nú er framundan skili sér til heimilanna, í formi betri lífskjara.

ENNEMM / SÍA / NM65808

Við vitum að allt getur gerst í atvinnurekstri

REYNSLA OG SÉRÞEKKING HJÁ FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTU VÍS

Eins og stjórnendur og starfsmenn vita eru nær engin takmörk fyrir því sem getur komið upp á í rekstri fyrirtækja. Sérfræðingar fyrirtækjaþjónustu VÍS bjóða sérsniðna tryggingavernd eftir breytilegum þörfum hvers og eins. Þannig getur þú einbeitt þér að því sem þú gerir best.

VÍS – þar sem tryggingar snúast um fólk.

VÍS | ÁRMÚLA 3 | 108 REYKJAVÍK | SÍMI 560 5000 | VIS.IS

vís

MARKAÐURINN

Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** Sími **512 5000** Fax 512 5301
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang **visir.is**

Gengi gjaldmiðla

USD 123,49	DKK 20,76	NOK 18,33	CHF 128,65
GBP 193,27	EUR 154,57	SEK 16,73	JPY 1,06

FTSE 100
6.704,80 +32,83 (0,49%)

Viðskiptavefur Vísis
@VisirVidskipti

SJÖ SAGT UPP

Uppsagnir hjá Marel

Hátæknifyrirtækið Marel hefur sagt upp sjö starfsmönnum hér á landi og fóru uppsagnirnar fram í síðustu viku. „Við erum í því ferli að skerpa á áherslum í rekstrinum og óhjákvæmilega fylgja því uppsagnir," segir Auðbjörg Ólafsdóttir, yfirmaður samskipta- og fjárfestatengsla Marels. Alls starfa 550 manns hjá fyrirtækinu í Garðabæ.

17.11.2014 Vaxtagreiðslur ríkissjóðs á ári hverju eru upp undir 80 milljarðar. Ef þeir 80 milljarðar – sem er í rauninni miklu, miklu hærri tala en segjum 80 milljarðar sem fara núna beint í skuldaleiðréttingu án alls afleidds kostnaðar – færu í greiðslu opinberra skulda mundi það spara hátt í sex milljarða á ári. Það er fjárfesting sem mundi borga sig á um fjórtán árum, allhressilega, og skapa svigrúm í ríkisrekstrinum.

***Guðmundur Steingrímsson** alþingismaður*

VON Á 550 ÞÁTTTAKENDUM

Hitamál úr sjávarútvegi rædd

„Við erum að vonast eftir 550 manns sem er svipað og í fyrra en þarna verða rædd bæði hitamál úr sjávarútvegi og sígild efni," segir Erla Kristinsdóttir, formaður ráðstefnuráðs Sjávarútvegsráðstefnunnar.

Ráðstefnan verður haldin í fimmta sinn á Grand Hóteli Reykjavík á morgun og föstudag. Í ýmsum málstofum verður fjallað meðal annars um framtíð fiskveiðistjórnunarkerfisins og auðlindagjaldið á sjávarútvegsfyrirtækin.

STJÓRNARMAÐURINN

Lyftistangir hlutabréfamarkaðar

Íslenskur hlutabréfamarkaður má muna sinn fífil fegri. Meðalmánaðarvelta nemur 23 milljörðum króna það sem af er ári. Hærri velta en á sama tíma í fyrra, en fölleit í samanburði við miðbik síðasta áratugar þegar ekki var óalgengt að sjá slíkar veltutölur yfir einstaka daga, ekki mánuði.

HVAÐ VELDUR SAMDRÆTTINUM? Nokkrir þættir hafa þar mest áhrif:

A) Félögum hefur fækkað um meira en helming frá því er mest var.

B) 43% af skráðum hlutabréfum eru í beinni eða óbeinni eigu lífeyrissjóðanna og skipta því sjaldnar um hendur.

C) Umsvif annarra fjárfesta á markaðnum, annarra fyrirtækja, en ekki síður einstaklinga, hafa dregist verulega saman.

FORSVARSMENN Kauphallarinnar vita vel af þessum vanda. Í síðustu viku stóðu þeir, ásamt markaðsaðilum, að útgáfu skýrslu sem meðal annars inniheldur tíu tillögur að aukinni virkni og gagnsemi íslensks verðbréfamarkaðar. Vert er að staldra sérstaklega við tvær tillögur.

LAGT ER TIL að setja upp sérstakan sjóð sem styður við rannsóknir á sviði verðbréfamarkaðar. Nú, átta árum eftir hrun, leggja greiningardeildir bankanna megináherslu á greiningu og spár um þróun hagvísa. Óhætt er því að fullyrða að lítið er um hágæðagreiningu á rekstri skráðra fyrirtækja. Stjórnarmaðurinn fagnar því að leggja eigi áherslu á að mennta markaðinn en furðar sig jafnframt á því að enginn af bönkunum eða öðrum markaðsaðilum sjái sér hag í því að vera með slíka útgáfu.

Í SKÝRSLUNNI er einnig sett fram tillaga þess efnis að veita einstaklingum skattaafslátt til hlutabréfakaupa. Stjórnarmanninum þykir þessi tillaga sérstaklega varhugaverð. Meginástæða lystarleysis einstaklinga á hlutabréfamarkaði er sú að traust þeirra á markaðnum er í sögulegu lágmarki. Ekki verður að því hlaupið að auka þetta traust, þó betra og tímanlegra upplýsingaflæði frá fyrirtækjum, innleiðing bestu starfshátta, almennt gagnsæi og aukin umræða og greining á fjárfestingarkostum séu allt liðir í því.

SKATTAAFSLÁTTUR myndi vafalítið auka þátttöku á markaðnum svo einhverju næmi: Sérstaklega þó í formi spákaupmennsku, enda erfitt að stunda vel ígrunduð verðbréfaviðskipti án fyrrnefndra skilyrða. Varhugavert er að hvetja almenning til viðskipta við slíkar aðstæður, einkum með fjárhagslegum hvata. Væri þá betur heima setið en af stað farið.

@stjornarmadur

uppboð

SÝSLUMAÐURINN Á HÚSAVÍK

UPPBOÐ

Einnig birt á www.naudungarsolur.is.

Framhald uppboðs á eftirfarandi eignum verður háð á þeim sjálfum, sem hér segir:

Víðibakki fnr. 216-6788, 671 Kópaskeri, Norðurþingi,
þingl. eig. Árni Logi Sigurbjörnsson, gerðarbeiðendur Íbúðalánasjóður og Vátryggingafélag Íslands hf,
þriðjudaginn 25. nóvember 2014, kl. 10:30.

Duggugerði 7 fnr. 216-6885, 670 Kópaskeri, Norðurþingi,
þingl. eig. Einar Snorri Magnússon, gerðarbeiðendur Íbúðalánasjóður og Sjóvá-Almennar tryggingar hf,
þriðjudaginn 25. nóvember 2014 kl. 11:45.

Sandvík, fnr. 216-6538, 671 Kópaskeri, Norðurþingi,
þingl. eig. Hans Alfreð Kristjánsson, gerðarbeiðendur Norðurþing og Sýslumaðurinn á Blönduósi,
þriðjudaginn 25. nóvember 2014 kl. 13:00.

Garðarsbraut 71, fnr. 215-2687, 640 Húsavík, Norðurþingi,
þingl. eig. Jon Christian Vendelbo Andersen,
gerðarbeiðandi Íbúðalánasjóður,
miðvikudaginn 26. nóvember 2014 kl. 10:30.

Uppsalavegur 24, 215-3454, 640 Húsavík Norðurþingi,
þingl. eig. Aðalbjörg Friðbjarnardóttir,
gerðarbeiðandi Íbúðalánasjóður,
miðvikudaginn 26. nóvember 2014 kl. 09:45.

Snæbjarnarstaðir lóð 202089, fnr. 229-4193, (Hálshreppur), Þingeyjarsveit, 601 Akureyri,
þingl. eig. Konráð Jón Birgisson,
gerðarbeiðandi Vátryggingafélag Íslands hf,
miðvikudaginn 26. nóvember 2014 kl. 13:00.

Sýslumaðurinn á Húsavík
18. nóvember 2014.

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

til leigu

Krókháls – Til leigu

350 til 400 fermetra skrifstofuhúsnæði

- Leiguhúsnæði Krókhálsi 6, 3. hæð.
- 350 til 400 fermetra skrifstofuhúsnæði.
- Laust til leigu strax.
- Nýuppgert.
- Töluvert til af skrifborðum sem geta fylgt með.

Nánari upplýsingar gefur Viktor í síma: 696-9420.

tilkynningar

BREYTING Á AÐALSKIPULAGI SÚÐAVÍKURHREPPS 1999-2018

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps samþykkti 23. október 2014, tillögu að breytingu á aðalskipulagi Súðavíkurhrepps 1999-2018 samkvæmt 2.mgr. 36.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felst í því að færa inn á uppdrátt eftirfarandi breytingar á legu Djúpvegar:

- Í Álftafjarðarbotni
- Þverun Reykjarfjarðar.

Einnig er útfærð nánar stefnumörkun sveitarstjórnar um frístundabyggð í Reykjanesi í samræmi við þau sjónarmið sveitarstjórnar sem fram koma í greinargerð gildandi aðalskipulags.

Breytingin hefur verið send Skipulagsstofnun til staðfestingar. Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til skipulagsfulltrúa Súðavíkurhrepps.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Súavíkurhrepps.

atvinna

MÚRARAR – MÚRARAR

Óskum eftir að ráða múrara.
Næg vetrarvinna.

Múrdeildin ehf
Sigurður H. Sigurðsson múrarameistari
S. 899 2346

fasteignir

JÖFUR ATVINNUHÚSNÆÐI **534 1020** Ármúla 7, Reykjavík - www.jofur.is

TIL LEIGU/SÖLU **Faxafen 10, 108 Reykjavík**

668,4 fm. skrifstofu-/kennsluhúsnæði á jarðhæð

Húsnæðið skiptist í 6 stór vinnurými/skólastofur, 2 stór fundarherbergi, eitt tæknirými, rúmgott anddyri, stórt opið rými með móttökuborði, rúmgóða kaffistofu með innréttingu, Wc, þ.a. eitt með aðstöðu fyrir fatlaða auk sturtu. **HÆGT ER AÐ BREYTA RÝMINU Í VERSLUNARHÚSNÆÐI**. Laust strax!

Allar nánari upplýsingar veitir:

Helgi Már Karlsson
Löggiltur leigumiðlari / Löggiltur fasteignasali
534 1024 / 897 7086
hmk@jofur.is

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

Eiðistorg 1 – Seltjarnarnesi.
OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.15 – 17.45

2ja herbergja útsýnisíbúð á efstu hæð.

Falleg og vel skipulögð 78,1 fm. útsýnisíbúð á efstu hæð með stórum svölum til suðurs og austurs í góðu fjölbýlishúsi á Seltjarnarnesi. Mikil lofthæð er í íbúðinni og kamína er í stofu. Rúmgóð og björt stofa með kamínu. Þvottaherbergi og geymsla innan íbúðar auk sér geymslu í kjallara.
Verð 27,9 millj. Íbúð merkt 0402. ***Verið velkomin***

Helluvað 13. - 4ra herbergja endaíbúð
OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.15 – 17.45

Glæsileg 109,2 fm. íbúð að meðtalinni 9,0 fm sér geymslu á 2. hæð í Norðlingaholtinu. Um endaíbúð er að ræða með gluggum á þrjá vegu. Rúmgóð stofa með útgengi á svalir til suðvesturs. Þrjú góð svefnherbergi. Sérmerkt stæði í lokaðri bílageymslu fylgir. Aðeins tvær íbúðir á hverri hæð.
Vel skipulögð eign á frábærum stað. **Verð 33,9 millj.**
Íbúð merkt 0208. ***Verið velkomin***

| KL. 20:05

Heimsókn

Sindri Sindrason heimsækir Sæbjörgu Guðjónsdóttur, innanhússhönnuð, á fallegt heimili hennar í Árbænum.

Frábært miðvikudagskvöld

| KL. 20:30

A To Z

Rómantískir gamanþættir þar sem við fylgjumst með Andrew og Zeldu og þeirra undarlega og skemmtilega ástarsambandi.

| KL. 20:55

Grey's Anatomy

Geysivinsælir dramaþættir sem fjalla um flókið einkalíf læknanna á Grey-Sloan spítalanum í Seattle-borg.

| KL. 21:40

Forever

Stórgóð þáttaröð um Dr. Henry Morgan, réttarmeinafræðing, sem á sér afar litríka og langa fortíð. Hann getur nefnilega ekki dáið.

| KL. 20:30

Tenure

Gamanmynd um ungan háskólakennara sem keppir um fastráðningu við kvenkyns starfsfélaga.

| KL. 22:25

Cold Case

Magnþrunginn myndaflokkur um lögreglukonuna Lilly Rush sem starfar við morðdeildina við að leysa úr gömlum sakamálum.

Krakka stöðin | KL. 18:00

Dóra landkönnuður

Við fylgjumst með Dóru og hundinum Klossa í ævintýrum þeirra yfir fjöll og firnindi.

Fáðu þér áskrift! 365.IS

SUDOKU

LÉTT

8	1			4			2	
	7	9			3	4	5	
		4	5					
	4	1	6					2
9		6	8	1				
3			2		4	9		
			3				4	9
7				8	5	1	6	
	6	3						

MIÐLUNGS

	1	2		6			7	
	8			1		9		
4		7						
	4	6			8		5	1
8				5			9	
1			4	2	7	6		3
5			2					
7	3					5		2
					1		4	

ÞUNG

1	8			3	5			
					7	8		
5			8			6		
	4		2			3	8	
		8			1	4		
3				4				
	6			1			2	4
		9		2				
	2						5	6

3	4	8	6	5	2	9	7	1
9	1	2	7	3	8	6	4	5
5	6	7	4	9	1	8	2	3
4	3	1	8	6	7	5	9	2
2	7	6	5	4	9	3	1	8
8	5	9	2	1	3	4	6	7
1	2	4	9	8	5	7	3	6
6	8	3	1	7	4	2	5	9
7	9	5	3	2	6	1	8	4

4	7	9	5	6	3	8	2	1
1	5	3	2	8	4	9	6	7
6	8	2	7	9	1	3	5	4
7	2	6	4	1	9	5	8	3
5	9	8	3	7	2	1	4	6
3	1	4	6	5	8	7	9	2
8	4	5	1	2	7	6	3	9
9	3	7	8	4	6	2	1	5
2	6	1	9	3	5	4	7	8

4	7	3	6	9	2	5	1	8
6	8	1	5	7	3	4	9	2
2	5	9	1	8	4	3	6	7
9	3	2	7	1	8	6	4	5
1	6	8	9	4	5	2	7	3
5	4	7	3	2	6	9	8	1
7	2	4	8	5	9	1	3	6
3	1	5	4	6	7	8	2	9
8	9	6	2	3	1	7	5	4

LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Øverli

GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

SPAKMÆLI DAGSINS

„Dagur án sólskins er, þið vitið, nótt."

Steve Martin.

SKÁK

Gunnar Björnsson

Gunnar Björnsson (2.055), Skákfélaginu Hugin, hafði svart gegn Stefáni Bergssyni (2.085), Skákfélagi Akureyrar, á Íslandsmóti skákfélaga.

Svartur á leik:

Svartur lék **16. ... Hb6** og skákinni lauk með jafntefli um síðir. 16. ... b4! hefði hins vegar tryggt unnið tafl. Til dæmis 17. Rxb4 a5 18. Rd5 Hxb2+!! Jafntefli varð hjá Carlsen og Anand í tilþrifalítilli skák í gær. Carlsen leiðir í einvíginu 4½-3½.

www.skak.is Frídagur í dag.

KROSSGÁTA

1	■	2	3	4	5
6	7	■	8		
9		10	■	11	
12			13		■
■	14				15
16		■	17		
18		19	■	20	
21				■	

LÁRÉTT

2. hreinsiefni, **6.** í röð, **8.** tangi, **9.** rénun, **11.** í röð, **12.** miklu, **14.** rófa, **16.** karlkyn, **17.** bar, **18.** lærir, **20.** pfn., **21.** óskipulag.

LÓÐRÉTT

1. líkamshluti, **3.** utan, **4.** ávaxtatré, **5.** suss, **7.** kæna, **10.** nam burt, **13.** stormur, **15.** rótartauga, **16.** nögl, **19.** átt.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. sápu, **6.** áb, **8.** nes, **9.** lát, **11.** rs, **12.** stóru, **14.** skott, **16.** kk, **17.** krá, **18.** les, **20.** ég, **21.** ólag.

LÓÐRÉTT: 1. háls, **3.** án, **4.** perutré, **5.** uss, **7.** bátskel, **10.** tók, **13.** rok, **15.** tæga, **16.** kló, **19.** sa.

NÝJAR GLÆSILEGAR ÍBÚÐIR

HRÓLFSSKÁLAMELUR 10-18 SELTJARNARNESI

AÐEINS NOKKRAR EFTIR

Í DAG ER OPIÐ HÚS AÐ HRÓLFSSKÁLAMEL

Komið í dag á milli klukkan 17 og 18

Fasteignasalan Borg og **Stólpar ehf.** kynna þessar glæsilegu íbúðir að Hrólfsskálamel 10-18 á Seltjarnarnesi. Glæsileg fullbúin sýningaríbúð á annarri hæð, þar sem útsýnið er glæsilegt yfir borgina og til suðurs.

Nú er ein íbúð eftir á þriðju hæð, fimm íbúðir á annari hæð og svo nokkrar á fyrstu hæð. Öllum íbúðum fylgir stæði í bílageymslu, sem er sérstaklega rúmgóð og með góðu aðgengi.

3ja metra lofthæð og háar innihurðir. Á Seltjarnarnesi eru fallegar gönguleiðir og stutt í alla þjónustu, íþróttir og útivist.

Sjón er sögu ríkari.

Verð á íbúð frá 43.990.000

Ráðgjafar frá Borg verða á staðnum og veita persónulega þjónustu.

- **Þóra Birgisdóttir** Fasteignasali sími 777 2882
- **Brandur Gunnarsson** Sölumaður sími 897 1401
- **Gunnlaugur Þráinsson** Sölumaður sími 844 6447
- **Héðinn Birnir Ásbjörnsson** Fasteignasali sími 848 4806
- **Sigurður Fannar Guðmundsson** Sölumaður sími 897 5930
- **Hildur Birkisdóttir** Sölumaður Sími 663 4539
- **Margrét Gunnarsdóttir** Fasteignasali sími 691 3555
- **Stefán Páll Jónsson** Sölumaður sími 781 5151
- **Stefán Jóhann Ólafsson** Fasteignasali sími 864 8808
- **Úlfar Þór Davíðsson** Fasteignasali sími 897 9030
- **Fasteignsalan BORG** sími 519 5500

BORG FASTEIGNASALA | Stólpar | HEIMILI & HUGMYNDIR

MENNING

LEIKSTJÓRINN Meðal frummælenda er Þorleifur Örn Arnarsson, leikstjóri uppfærslu Þjóðleikhússins á Sjálfstæðu fólki.
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Kjallaraspjall um Sjálfstætt fólk

Umræður um Sjálfstætt fólk og aðlögun á skáldskap Laxness fyrir leikhús í Stúdentakjallaranum.

Kjallaraspjall um Sjálfstætt fólk eftir Halldór Laxness fer fram í Stúdentakjallaranum í Háskóla Íslands í dag frá klukkan 17 til 18.30. Tilefnið er uppsetning Þjóðleikhússins á Sjálfstæðu fólki í leikstjórn Þorleifs Arnar Arnarssonar, sem er jólasýning leikhússins í ár.

Framsögumenn verða þau Dagný Kristjánsdóttir, prófessor í íslenskum bókmenntum, Hannes Hólmsteinn Gissurarson, prófessor í stjórnmálafræði, Illugi Jökulsson fjölmiðlamaður, Símon Birgisson dramatúrgur og Þorleifur Örn Arnarsson leikstjóri. Stjórnandi umræðna verður Brynja Þorgeirsdóttir, sjónvarpskona og framhaldsnemi í bókmenntafræði.

Sjónum verður beint að aðlögun á skáldskap Laxness fyrir leikhús en einnig að bókmenntaverkinu sem slíku og hugmyndinni um sjálfstæði. Átökin á milli einangrunarhyggju og alþjóðahyggju verða tekin fyrir og hvernig persóna Bjarts í Sumarhúsum hefur verið notuð í ýmsum tilgangi í íslenskri rökræðu. Sem dæmi má nefna Bjart sem holdgervingu þeirra sem eru á móti Evrópusambandinu. Hvað er þetta frelsi og sjálfstæði sem Bjartur berst svo heitt fyrir?

Umræðurnar eru skipulagðar af Stúdentakjallaranum í samstarfi við Torfhildi, nemendafélag bókmenntafræðinema, Menningarfélagið, nemendafélag framhaldsnema í Íslensku og menningardeild og Þjóðleikhúsið.

Falleg lög sem munu lifa

TÓNLIST ★★★★☆

Lög eftir Sigvalda Kaldalóns og Þorvald Gylfason
Kór Langholtskirkju undir stjórn Jóns Stefánssonar
TÓNLEIKAR Í LANGHOLTSKIRKJU SUNNUDAGINN 16. NÓVEMBER.

KÓR LANGHOLTSKIRKJU „Kórinn söng af alúð og öryggi, samhljómurinn var þéttur og fágaður," segir Jónas Sen.

Tónleikar Kristins Sigmundssonar, þar sem hann söng lagaflokk eftir Þorvald Gylfason fyrr í haust, komu ekki vel út að mati undirritaðs. Söngurinn var daufur og útsetningarnar voru ekki sannfærandi. En sjö lög eftir Þorvald við ljóð eftir Kristján Hreinsson, sem frumflutt voru á tónleikum Kórs Langholtskirkju undir stjórn Jóns Stefánssonar á sunnudaginn var, hljómuðu miklu betur.

Útsetningarnar voru flottar, t.d. var síðasta lagið, Minning, sérlega grípandi. Lagið fjallar um dauðann og minningarnar sem eru ódauðlegar; þar var orgelleikurinn ákaflega myrkur en söngurinn bjartur. Kannski var orgelið í hlutverki dauðans, en raddirnar holdgerving hinna ódauðlegu minninga. Andstæðurnar voru afar vel útfærðar og eftir því áhrifamiklar.

Laglínurnar í öllum lögunum voru fallegar, einfaldar í byrjun en fóru svo gjarnan í óvæntar áttir. Það er svo auðvelt að semja alþýðlegar melódíur sem eru klisjur! Þorvaldur datt aldrei í þá gryfju. Þvert á móti voru lögin hans hrífandi. Mörg hver eiga örugglega eftir að lifa með þjóðinni.

Kórinn söng af alúð og öryggi, samhljómurinn var þéttur og fágaður. Orgelleikur Tómasar Guðna Eggertssonar var líka pottþéttur, nákvæmur og hæfilega litríkur.

Svipaða sögu er að segja um flutninginn á nokkrum kórlögum eftir Sigvalda Kaldalóns. Fyrir utan ónákvæmni karlanna í einu laginu var söngurinn fagur og tilfinningaríkur, túlkunin full af ákefð og lífi.

Ave María eftir Sigvalda var á dagskránni, að þessu sinni í kórútsetningu Jóns Stefánssonar. Hún var stórglæsileg. Venjulega er hún flutt af einum söngvara við píanóméðleik, og verður stundum dálítið væmin. Þetta er vissulega fallegt lag, en það þarf ákveðið látleysi til að ná að rísa upp í hæstu hæðir. Margir söngvarar missa sig í tilfinningaseminni og útkoman verður óttaleg vella. Hér var söngurinn agaður. Fyrir vikið fékk lagið að njóta sín alveg ómengað í tign sinni. Það var virkilega tilkomumikið.

Í undirbúningi mun vera heildarútgáfa á verkum Sigvalda. Kór Langholtskirkju sér þar um kórlögin, sem eru um fimmtíu talsins. Miðað við það sem ég heyrði á tónleikunum, þá er ég strax farinn að hlakka til.

Jónas Sen

NIÐURSTAÐA: Lög Þorvalds Gylfasonar og Sigvalda Kaldalóns voru heillandi í vönduðum flutningi Kórs Langholtskirkju og Tómasar Guðna Eggertssonar.

PRÁKTÍSKA - SÍA - 144103

LJÓÐSTAFUR
Jóns úr Vör



Lista- og menningarráð Kópavogsbæjar efnir í fjórtánda sinn til árlegrar ljóðasamkeppni undir heitinu Ljóðstafur Jóns úr Vör.

Veitt verða vegleg verðlaun og fær verðlaunaskáldið auk þess til varðveislu, í eitt ár, göngustaf áletraðan með nafni sínu. Dómnefnd velur úr þeim ljóðum sem berast.

Öllum skáldum er velkomið að senda ljóð í keppnina en **skilafrestur rennur út 21. desember**. Ljóðum skal skilað með dulnefni.
Nafn, heimilisfang og símanúmer skáldsins skal fylgja með í lokuðu umslagi, sem auðkennt er með sama dulnefni. Ljóðin mega ekki hafa birst áður. Einungis má senda inn eitt ljóð.

Utanáskrift er: **Ljóðstafur Jóns úr Vör,**
Listhús Kópavogsbæjar
Fannborg 2, 200 Kópavogur

Greint verður frá niðurstöðum samkeppninnar og verðlaun veitt á afmælisdegi Jóns úr Vör 21. janúar 2015. Jón úr Vör bjó nánast allan sinn starfsaldur í Kópavogi en tilgangur keppninnar er að efla og vekja áhuga á íslenskri ljóðlist.

Kópavogsbær
kopavogur.is

Unglingar á áttunda áratugnum

BÆKUR ★★★★☆

Eleanor og Park
Rainbow Rowell Þýðandi Marta Hlín Magnadóttir
BÓKABEITAN

Eleanor og Park er nýkomin út hjá Bókabeitunni, en hún kom út árið 2013 í Bandaríkjunum og sló þar rækilega í gegn. Um er að ræða unglingabók sem unnið hefur til fjölda verðlauna og viðurkenninga og snert alls konar fólk í hjartastað.

Og það er ekki skrítið. Sagan er vel skrifuð og skilur mikið eftir. Persónur eru aðlaðandi, frumlegar og auðvelt að tengja við þær. Sagan fjallar um Eleanor og Park, skólasystkini sem sitja hlið við hlið í skólabílnum. Eleanor er ný í skólanum og henni er ekki tekið opnum örmum á nýja staðnum. Vægast sagt. Það sem krakkarnir vita ekki er að heimilisaðstæður hennar eru enn verri en eineltið í skólanum, svo hún hefur byggt upp nokkuð þykkan skráp. En dropinn holar steininn og enginn hefur endalausa þolinmæði fyrir ljótum athugasemdum. Park kemur úr nokkuð öruggu umhverfi en á í flóknu sambandi við föður sinn sem virðist sífellt vilja breyta honum. Þótt Park reyni í fyrstu að forðast þennan nýja sessunaut sinn (Eleanor) til þess að lenda ekki í einelti sjálfur, tengjast þau smám saman í gegnum sameiginleg áhugamál; tónlist og teiknimyndasögur. Og þá upphefst hjartnæm saga um unglingaást.

Sagan gerist á áttunda áratugnum og það gefur andrúmsloftinu nostalgískan blæ. Nútímatækni er víðs fjarri, smáskilaboð og internetið er enn ekki orðið að hugmynd, en AA-rafhlöður – einnota – eru dýrmætari en gull, því þær halda vasadiskóinu gangandi.

Þrátt fyrir undirliggjandi harm er sagan engu að síður uppfull af gleði og fallegum tilfinningum. Bókin fjallar um sjálfstjáningu, sjálfsuppgötvun, sjálfsöryggi og óöryggi. Unglingar eru unglingar. Yndislega fallegar og einlægar senur í bland við aðrar hræðilega ljótar, uppfullar af illkvittni unglingsáranna.

Uppbyggingin er vel heppnuð. Köflunum er skipt niður þannig að lesandinn skiptist á að lesa út frá sjónarhorni Eleanor og Parks. Það er sérstaklega eftirtektarvert hvernig höfundur notar þessa leið til að skapa takt í sögunni, því í upphafi les lesandinn sömu senuna út frá hvoru sjónarhorni fyrir sig, en þegar spenna færist í leikinn fara Eleanor og Park að kallast á, sem sagt taka við hvort af öðru að færa söguþráðinn áfram.

Íslenska þýðingin hefði mátt við einum prófarkarlestri í viðbót, því enn er nokkuð um innsláttarvillur sem er svolítið pirrandi. En þýðingin er að öðru leyti góð.

Halla Þórlaug Óskarsdóttir

NIÐURSTAÐA: Unglingabók um mörg mikilvæg málefni sem snertir lesendur í hjartastað. Falleg ástarsaga snert af djúpum harmi.

TIL HAMINGJU!

Í DAG KL 17:00 LAUGAVEGI 77

Vildarverð kr. 5.199
Verð áður kr. 6.499

Penninn Eymundsson óskar Steinunni Sigurðardóttur til hamingju með verðlaun Jónasar Hallgrímssonar.

**Við bjóðum gesti velkomna að hitta höfund í nýrri verslun okkar að Laugavegi 77, klukkan 17.
Haukur Ingvarsson stýrir stuttri dagskrá. Höfundur segir nokkkur orð.
Bækur verða á tilboðsverði og höfundur er fús að árita.**

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36
Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vildarverð gilda aðeins fyrir meðlimi Vildarklúbbs Eymundsson. Gildistími tilboðs er frá 19.nóvember til og með 20.nóvember. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

LAUGARÁS BÍÓ



LAUGARÁSBÍÓ	Sýningartímar	
DUMB & DUMBER TO	5:40, 8, 10:20	7
NIGHTCRAWLER	8, 10:30	16
JOHN WICK	10:10	16
BORGRÍKI 2	5:50, 8	16
KASSATRÖLLINN 2D	5:50	L

SAMbíó.is

ÁLFABAKKA		
DUMB AND DUMBER TO	KL. 5:40 - 8 - 10:20	7
INTERSTELLAR	KL. 6 - 8 - 10	10
INTERSTELLAR VIP	KL. 5 - 8:30	10
ALGJÖR SVEPPI	KL. 5:40 - 8	L
JOHN WICK	KL. 10:20	16
THE REWRITE	KL. 5:40 - 8	7
ANNABELLE	KL. 10:20	16
TÖFRAHÚSIÐ ÍSLTAL	KL. 5:50	L
EGILSHÖLL		
INTERSTELLAR 4K	KL. 8	10
INTERSTELLAR	KL. 6:30 - 10	10
ST. VINCENT	KL. 5:40 - 8 - 10:20	10
ALGJÖR SVEPPI	KL. 5:40	L
JOHN WICK	KL. 5:40 - 8 - 10:20	16
KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI		
INTERSTELLAR	KL. 5:30 - 8 - 9	10
ALGJÖR SVEPPI	KL. 5:40	L
THE JUDGE	KL. 10:20	7
AFINN	KL. 5:40 - 8	L
KEFLAVÍK		
DUMB AND DUMBER TO	KL. 8 - 10:20	7
INTERSTELLAR	KL. 8	10
AKUREYRI		
INTERSTELLAR	KL. 6 - 8:30 - 9:30	10
ALGJÖR SVEPPI	KL. 6	L

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbíó.is

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ



SMÁRA BÍÓ 5%

DUMB AND DUMBER	KL. 5.30 - 8 - 10.20	7
DUMB AND DUMBER LÚXUS	KL. 5.30 - 8	7
INTERSTELLAR	KL. 5.30 - 9	12
INTERSTELLAR LÚXUS	KL. 10.25	12
GRAFIR OG BEIN	KL. 5.45 - 8	16
FURY	KL. 8 - 10.50	16
BORGRÍKI	KL. 5.45	16
GONE GIRL	KL. 10.10	16
KASSATRÖLLIN ÍSL TAL 2D	KL. 3.30	L
SMÁHEIMAR ÍSL TAL 2D	KL. 3.30	L

HÁSKÓLA BÍÓ 5%

DUMB AND DUMBER	KL. 5.30 - 8 - 10.30	7
ST. VINCENT	KL. 5.30 - 8 - 10.20	L
NIGHTCRAWLER	KL. 8 - 10.25	16
GRAFIR OG BEIN	KL. 5.50 - 8	16
BORGRÍKI	KL. 5.45 - 10.10	16

GWYNETH PALTROW Hefur opnað sína eigin pop up-verslun.

Paltrow með pop up-verslun

Leikkonan Gwyneth Paltrow hefur opnað pop-up verslun í borginni Dallas. Iron Man-leikkonan hefur verið dugleg við að gefa góð ráð á vefsíðu sinni Goop allt frá árinu 2008, en núna hefur hún ákveðið að ganga skrefi lengra og opna verslun.

Goop-verslunin var opnuð á mánudaginn og verður opin til fjórtánda desember næstkomandi. Þar verða fáanlegar alls kyns vörur frá þekktum fatahönnuðum á borð við Stellu McCartney, Calvin Klein og Monique Lhuillier.

Syngur aftur hjá Secret

Tilkynnt var í gær að söngkonan Taylor Swift muni koma fram í annað sinn á árlegri undirfatasýningu Victoria's Secret, sem að þessu sinni verður haldin í Bretlandi. Ásamt Swift mun ungstirnið Ariana Grande taka lagið og einnig breski söngvarinn Ed Sheeran. Sérstaka athygli vekur að írski söngvarinn Hozier mun einnig koma fram, en hann kom fram á Iceland Airwaves-hátíðinni í byrjun mánaðar. Sýningin verður haldin 2. desember og sýnd í sjónvarpi 9. desember.

BOB GELDOF Segir að smáskífulagið hafi safnað einni milljón punda á fimm mínútum.

Ánægður með viðbrögðin

Bob Geldof er hæstánægður með viðbrögðin við útgáfu Band Aid 30 af laginu Do They Know It's Christmas? og segir að smáskífulagið hafi safnað tæpum 200 milljónum króna á aðeins fimm mínútum. Þessi nýja útgáfa var frumflutt í þættinum The X Factor í Bretlandi á sunnudag og viðbrögðin létu ekki á sér standa. Fjölmargir keyptu lagið í gegnum iTunes. „Fjórum eða fimm mínútum eftir að þátturinn var búinn höfðum við safnað milljón pundum. Það er ótrúlegt," sagði Geldof við BBC Radio. Allur ágóðinn rennur til baráttunnar gegn ebóluveirunni í V-Afríku.

Er bara eitthvað svo eftir mig

BAKPANKAR
Ragnheiðar Tryggvadóttur

Ég er svangur, sagði sá minnsti, klifraði yfir mig fram og aftur svo allur friður var úti. Klukkan var 6:45 en ekki um annað að ræða en vinda sér fram úr og finna eitthvað til í morgunmat. Öðrum í það verk var ekki til að dreifa þar sem bóndinn hafði farið norður í land á skytterí. Sú eldri vaknaði líka, jafnsvöng. Barnatíminn í sjónvarpinu fór í gang með tilheyrandi samstuði systkinanna um efnisval og hljóðstyrk og áður en klukkan varð sjö var ástandið á heimilinu eins og á sportbar, rétt eftir leik.

MÉR varð hugsað til bóndans, sofandi makindalega á koddanum undir dúnsæng í sveitakyrrðinni. Kannski myndi hann vakna við fuglasöng.

EFTIR að ég hafði slafrað í mig seríósi og mjólk sem var á síðasta snúningi fór morgunninn í þvotta og upphengingar, samanbrot og frágang. Tiltekt var einnig á dagskránni en árangur af henni var engan að sjá þar sem fjörkálfarnir, enn í náttfötunum þó nálgast færi hádegi, léku lausum hala um húsið. Ég styrkti taugarnar með kaffi. Fékk mér aftur í bollann.

BÓNDANN sá ég fyrir mér horfa hugsi út á veiðilendurnar í kyrrðinni, með rjúkandi morgunkaffið í bolla. Kannski fengi hann sér hrærð egg og beikon í morgunmat, áður en hann færi út í hreina loftið.

VIÐ erum svöng, góluðu fjörkálfarnir aftur í eftir sundferðina sem ég dreif á til að geta afgreitt helgarbaðið í einni atrennu. Við fórum í Ikea og borðuðum kjötbollur með sultu í mannmergð og glymjandi hávaðinn reif í hljóðhimnurnar. Hvað verður í kvöldmat? spurðu kálfarnir. Ég bauð upp á súrmjólk og banana.

BÓNDANN vissi ég etandi nautasteik með bernaise, skálandi fyrir veiði dagsins í rauðvíni. Kaka í desert.

ÉG er svangur, sagði sá minnsti klukkan 6:45. Það var mánudagsmorgunn en ég bjóst við að snúa mér á hina. Bóndinn var kominn heim.

ÉG er bara eitthvað svo eftir mig, sagði hann, genginn upp að hnjám og bólginn yfir ristina, sagði hann. Get hreinlega ekki stigið í fótinn, bætti hann við og sneri sér á hina.

Frábært mánudagspartí Bombay

★★★★☆

Bombay Bicycle Club
Silfurberg
HARPAN

„Ég er svo spenntur að ég spila lögin alltof hratt," sagði Jack Steadman, söngvari bresku hljómsveitarinnar Bombay Bicycle Club, eftir nokkur lög, en hljómsveitin spilaði í annað sinn á Íslandi á mánudagskvöld.

Hann sagðist hafa hlakkað mikið til þess að koma og spila fyrir „uppáhaldsfólkið sitt". Sveitin kom hingað fyrst árið 2010 þegar hún spilaði á Airwaves en árið 2012 kom Steadman einn til landsins og spilaði á órafmögnuðum tónleikum á Hressó. Það er viss skemmtun út af fyrir sig að fylgjast með Steadman, söngvaranum síbrosandi með einstöku röddina.

Tónleikarnir byrjuðu af krafti og fyrsta lagið, Overdone af nýjustu plötunni, So Long, See You Tomorrow, fór vel í salinn. Á eftir fylgdu þekktir slagarar eins og Shuffle og Lights Out Words Gone af plötunni Different Kind of Fix. Hápunktur tónleikanna var án efa þegar þeir tóku lögin Rinse Me Down og Ivy And Gold af plötunni Flaws sem kom út 2010. Steadman sagði að platan hefði einungis komið út í Bretlandi og á Íslandi og þakkaði hann sérstaklega útvarpsmönnum hér á landi sem komu henni í spilun.

SNILLINGAR Bombay Bicycle Club stóð svo sannarlega fyrir sínu og er meira en velkomið að koma aftur. NORDICPHOTOS/GETTY

Allt ætlaði að verða vitlaust þegar þeir óku lagið Evening/Morning af plötunni I Had Them Blues But I Shook Them Loose frá 2009. Tökulag kvöldsins, var eins og gítarleikarinn Ed Nash orðaði það „pretty darn funky". Hann hafði hárrétt fyrir sér þegar þeir tóku lagið With Every Heartbeat með hinni sænsku Robyn í fönkaðri dansútgáfu, sem tókst hreint út sagt stórkostlega. Dansinn hélt áfram og lagið Feel af nýjustu plötunni fór vel í áhorfendur sem dönsuðu með.

Að lokum trylltu þeir salinn með laginu I's Always Like This og allir sungu og klöppuðu með. Þegar hljómsveitin gekk af sviði tók salurinn ekki vel í það og klappaði hana upp. Fyrstur á svið eftir uppklapp var trommarinn Suren de Saram sem barði bassatrommuna föstum takti og salurinn tók undir með honum. Eftir uppklapp tóku þeir What If og enduðu á Carry Me. Að lokum óskar undirrituð eftir að fá að sækja um starf syngjandi tambúrínustelpunnar þeirra, það virtist ekki vera leiðinlegt að vera hún.

Adda Soffía Ingvarsdóttir

NIÐURSTAÐA: Þessir tónleikar voru algjör veisla fyrir aðdáendur Bombay þar sem sveitin tók sín bestu lög af öllum plötunum. Ef eitthvað, þá má setja út á hljóðið í Silfurbergi, það mætti vera hærra í græjunum.

Prufusýnir óklárað draumaverk

Leifur Þór Þorvaldsson sýnir í kvöld verk um drauma, sem er enn í vinnslu.

„Ég er búinn að vinna að þessu verki í og með í fjögur ár," segir Leifur Þór Þorvaldsson listamaður, sem í kvöld verður með prufusýningu á verki sínu Draumfarir. Þar vinnur hann með hugmyndir og rannsóknir sínar á draumum og hvað myndi gerast ef maður gæti stjórnað því hvað mann dreymir.

„Ég hef haft áhuga á draumum lengi og hugmyndin að þessu spratt út frá draumi sem mig dreymdi um að ég væri að skoða stjörnuhimininn með sjónauka," segir Leifur. Sýningin, sem verður opnuð á næsta ári, fjallar mikið um sköpunarferlið sjálft og hvernig draumur fléttast saman við raunveruleikann, hvernig væri ef maður færi að skoða stjörnuhimininn í draumi og hvort það sé hægt að kortleggja undirmeðvitundina.

„Ég er að vinna mikið með hugmyndir sem eru óþekkt stærð. Þess vegna finnst mér gott að sýna fólki verkið í miðri vinnslu, það gefur mér mögulega nýja sýn. Ég vinn aðallega með textann og viðfangsefnið núna, mun vinna meira með sjónræna hlutann og tónlistina í framhaldinu," segir hann.

Sýningin hefst kl. 20 í Tjarnarbíói og er ókeypis inn. Á fimmtudag verður svo önnur sýning. - asi

SKOÐAR DRAUMAHEIMINN Á sýningunni skoðar Leifur hvað gæti gerst ef maður gæti stjórnað draumum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



BÍÓ ★ PARADÍS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-20

The Tribe (síðustu sýningar) 17:30
Salóme (síðustu sýningar) 18:00
París norðursins (Eng sub) 18:00
Clouds of Sils Maria 20:00, 22:30
20.000 Days on Earth 20.00, 22.15
Turist ..... 20:00 (Eng sub), 22:00

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
SAFT

VÖRU-GJÖLD AFNUMIN

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

0% VEXTIR
Vaxtalausar raðgreiðslur í tólf mánuði*

ORMSSON HEFUR AFNUMIÐ VÖRUGJÖLD Í ÖLLUM VERSLUNUM SÍNUM FYRSTIR ALLRA

Vegna niðurfellingar vörugjalds hafa öll helstu heimilistækin lækkað í verði um **17%** og sjónvörp, hljómtæki og annað um **20%.**

MÍNUS 20%

SAMSUNG

UE32/40/48H5005
LED SJÓNVARP · 100 Hz.
Full HD 1920x1080p · Mega skerpa · Afspilun USB: kvikmyndir, ljósmyndir, tónlist · Sjónvarpsmóttakari: Digital DVB-T2

32" **87.920** áður 109.900
40" **111.920** áður 139.900
48" **151.920** áður 189.900

MÍNUS 20%

SAMSUNG

UE48H6675
LED SJÓNVARP · 600 Hz. · Full HD 1920x1080p
3D · SMART TV · Gervihnatta móttakari · Micro Dimming · Gervihnatta móttakari

48" **229.920** Verð áður 287.400

MÍNUS 20%

SAMSUNG

UE32/40/55/65H6475
LED sjónvarp · 400 CMR (rið)
3D · smart TV með þráðlausu neti.

32" **119.920** áður 149.900
40" **151.920** áður 189.900
55" **279.920** áður 349.900
65" **519.920** áður 649.900

MÍNUS 20%

SAMSUNG

UE46/55/65H8005
LED SJÓNVARP · 1000 Hz. · Full HD 1920x1080p SMART TV · CURVED

46" **399.920** áður 499.900
55" **495.920** áður 619.900
65" **719.920** áður 899.900

SAMSUNG

SOUNDBAR
310W og þráðlaus tenging við síma eða tölvu. Til í svörtu og silfur.

MÍNUS 20%

HWH550
111.920 áður 139.900

MÍNUS 20%

HWH751
310W og þráðlaus tenging við síma eða tölvu.

151.920 áður 189.900

MÍNUS 20%

HWH7501
310W og þráðlaus tenging við síma eða tölvu.

151.920 áður 189.900

EKKI EFTIR NEINU AÐ BÍÐA

Við höfum náð samningum við okkar helstu birgja, sem gerir okkur mögulegt að afnema þessi gjöld nú þegar. Fólk þarf því ekki að bíða eftir nýju ári til að gera hagstæð innkaup fyrir heimilið, heldur getur þú nú komið í verslanir ORMSSON um allt land og fengið umtalsvert meira fyrir peninginn en áður.

SAMSUNG SETRIÐ
SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900 · ormsson.is

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

ORMSSON	ORMSSON	KS	SR - BYGG	ORMSSON	ORMSSON	ORMSSON	ORMSSON	ORMSSON	GEISLI
KEFLAVÍK	ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI	SAUÐÁRKRÓKI	SIGLUFIRÐI	AKUREYRI	HÚSAVÍK	VÍK-EGILSSTÖÐUM	PAN-NESKAUPSTAÐ	ÁRVIRKINN-SELFOSSI	VESTMANNAEYJUM
SÍMI 421 1535	SÍMI 456 4751	SÍMI 455 4500	SÍMI 467 1559	SÍMI 461 5000	SÍMI 464 1515	SÍMI 471 2038	SÍMI 477 1000	SÍMI 480 1160	SÍMI 481 3333

Fimleikarnir nýttust rosalega vel

Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir, Evrópumeistari með unglingalandsliði Íslands í hópfimleikum árið 2012, tók handboltann fram yfir fimleikana og komst í gær í A-landslið kvenna í handbolta í fyrsta sinn. Hún er einn af þremur nýliðum fyrir leiki í forkeppni HM.

HANDBOLTI Ágúst Þór Jóhannsson, landsliðsþjálfari kvenna í handbolta, valdi í gær 22 leikmenn í landsliðshóp sinn fyrir leiki við Ítalíu og Makedóníu í forkeppni HM 2015. Þrír nýliðar eru í hópnum, Díana Dögg Magnúsdóttir úr ÍBV, Þórey Ásgeirsdóttir sem spilar með Kongsvinger í Noregi og svo Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir, 19 ára leiðtogi Selfossliðsins, sem á að baki mjög merkilega leið inn í íslenska A-landsliðið.

Mátti ekkert segja alla helgina

„Ég er mjög ánægð. Ég fékk að vita þetta fyrir helgi en ég mátti ekki segja neinum frá því fyrr en það var búið að birta hópinn. Það var auðvitað svolítið erfitt en alveg hægt," sagði Hrafnhildur Hanna í léttum tón þegar Fréttablaðið heyrði í henni í gær. Allan hópinn má finna inni á Vísi.

„Ég er að sjálfsögðu búin að vera að stefna að þessu og það er gaman að fá tækifæri núna," segir Hrafnhildur Hanna en af hverju heldur hún að kallið hafi komið núna?

„Ég veit það nú ekki. Ég er búin að standa mig ágætlega, held ég, það sem af er tímabils og hef náð að halda ágætum dampi. Ég hef verið að skora aðeins meira en síðustu ár og það er kannski ákveðinn plús," segir Hrafnhildur Hanna. Hún hefur skorað 7,8 mörk að meðaltali í Olís-deildinni í vetur en var með 5,5 mörk í leik í fyrra.

Hrafnhildur Hanna er ekki aðeins afrekskona í handbolta heldur náði hún einnig flottum árangri í fimleikum. „Ég var í fimleikum en hætti síðasta haust. Ég ákvað að velja á milli því þetta var orðið of mikið. Ég var bara alltaf að æfa og álagið var orðið það mikið að ég bara varð að velja á milli til að geta sinnt þessu alveg 120 prósent. Ég komst ekki alveg á allar æfingar þegar ég var í báðum greinum. Mér fannst þetta vera jafn skemmtilegt þannig að þetta var mjög erfitt," segir Hrafnhildur Hanna.

„Ég var næstum því komin í ofþjálfun. Stundum fór ég á þriggja tíma fimleikaæfingu og svo beint á handboltaæfingu eftir hana í einn og hálfan tíma. Ég var þá kannski búin að æfa um morguninn líka," segir Hrafnhildur Hanna og það leynir sér ekki að það var kominn tími til að velja.

Vann bæði gull og brons á EM

Hrafnhildur Hanna var í hópfimleikum og fór tvisvar á Evrópumeistaramót með unglingalandsliðinu og kom heim með verðlaun í bæði skiptin. „Við unnum brons 2010 og gull 2012," segir Hrafnhildur Hanna en í íslenska handboltalandsliðinu í dag er því fyrrverandi Evrópumeistari í hópfimleikum.

Hrafnhildur Hanna segir fimleikana hafa verið góðan grunn fyrir handboltann. „Fimleikarnir nýttust mér rosalega vel, bæði hvað varðar styrk og snerpu. Andlegi þátturinn hefur hjálpað mér líka. Fimleikarnir hafa hjálpað mér mjög mikið og ég sé alls ekki eftir því að hafa verið í fimleikunum," segir Hrafnhildur Hanna og nefnir til fjölbreyttar æfingar sem hafi komið sér vel. Hrafnhildur Hanna fer fyrir liði Selfoss sem er skipað ungum og efnilegum stelpum.

„Við erum á mikilli uppleið á Selfossi og við erum í uppbyggingarstarfi. Þetta er þriðja tímabilið okkar í Olís-deildinni og við höfum bætt okkur á hverju ári. Við erum á góðri leið með að fara lengra núna heldur en við gerðum á síðasta tímabili. Það er björt framtíð hérna," segir Hrafnhildur Hanna og hún sér fleiri elta sig inn í landsliðið.

Fullt af sprækum stelpum

„Það er fullt af sprækum stelpum hérna og allar á svipuðum aldri og ég. Þær eiga því mikla möguleika á því að komast í landsliðið í framtíðinni," segir Hrafnhildur Hanna en landsliðsþjálfarinn, Ágúst Jóhannsson, velur ekki bara leikmenn úr efstu liðum deildarinnar.

„Mér finnst það frábært að það geti fleiri komist í landsliðið en þær sem spila með efstu liðunum. Það verður gaman að sjá hvernig þetta verður og kynnast þessu aðeins. Það er alltaf fyrsta skrefið," segir Hrafnhildur Hanna að lokum.

ooj@frettabladid.is

7,8 MÖRK Í LEIK Hrafnhildur Hanna fer fyrir sóknarleik Selfoss. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Frænka hennar er líka í landsliðinu

Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir er ekki sú eina úr fjölskyldunni sem er í landsliðinu að þessu sinni því þar er einnig frænka hennar, Karen Helga Díönudóttir. Pabbi Karenar Helgu og mamma Hrafnhildar Hönnu eru systkini. „Við erum því náskyldar," segir Hrafnhildar Hanna Þrastardóttir. „Hún kom fyrst inn í æfingatörninni síðast og er því í annað skiptið með núna. Ég er eitthvað aðeins búin að vera í sambandi við hana. Það er gott að vera tvær saman í þessu. Það er líka gaman að fá prófa það að spila með henni því ég hef alltaf verið að spila á móti henni," segir Hrafnhildur Hanna en Karen Helga er þremur árum eldri en hún og spilar með Haukum.

- ooj

McMURDO

Dregur nafn sitt af **STÆRSTU RANNSÓKNARSTÖÐINNI Á ANTARKTÍKU**, McMurdo

GÆSADÚNN einangrar og heldur á þér hlýju, jafnvel í versta vetrarkuldanum

HYVENT ÖNDUNARFILMA veitir frábæra vatnsvörn

NÓG AF VÖSUM, ytri og innri, fyrir allt sem þú þarft að hafa með þér

NORTH FACE HEITIR EFTIR KÖLDUSTU HLIÐ FJALLS OG SEGIR ÞAÐ SITT UM GÆÐI FATNAÐARINS, SEM ER HANNAÐUR TIL AÐ VERJA ÞIG FYRIR HVERS KYNS VEÐRI.

THE NORTH FACE

NEVER STOP EXPLORING

ÚTILÍF

síðan 1974

GLÆSIBÆ KRINGLUNNI SMÁRALIND utilif.is

ARNASYNIR

DAGSKRÁ

Stöð 2 kl. 20.05
Heimsókn
Sjónvarpsstjarnan Sindri Sindrason lítur inn hjá íslenskum fagurkerum, bæði hér heima og erlendis, og fær að forvitnast um heimilin sem þeir halda.

Í KVÖLD

Grey's Anatomy
STÖÐ 2 KL. 20.55 Ellefta röð þessara vinsælu dramaþátta sem gerast á skurðstofu á Grey Sloan-spítalanum í Seattle þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar.

Two and a Half Men
GULL KL. 19.40 Sjöunda sería þessa bráðskemmtilega þáttar um bræðurna Charlie og Alan. Charlie er eldhress piparsveinn sem kærir sig ekki um neinar flækjur en Alan er sjúklegur snyrtipinni sem á í stökustu vandræðum með sjálfstraustið.

A to Z
STÖÐ 2 KL. 20.30 Frábærir nýir rómantískir gamanþættir þar sem við fylgjumst með Andrew sem starfar á stefnumótasíðu. Zelda er lögfræðingur sem kallar ekki allt ömmu sína og nennir engu kjaftæði þegar kemur að karlmönnum.

Bylgjan kl. 10.00
Ívar Guðmundsson
Léttur og ferskur á miðvikudegi. Ívar Guðmundsson er með þér til klukkan 13.00.

STÖÐ 2
07.00 Barnatími Stöðvar 2
07.45 Wonder Years
08.10 Victorious
08.30 I Hate My Teenage Daughter
08.55 Mindy Project
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Doctors
10.15 Spurningabomban
11.00 Mad Men
11.50 Grey's Anatomy
12.35 Nágrannar
13.00 Dallas
13.55 Fairly Legal
14.40 Gossip Girl
15.25 Victorious
15.50 Grallararnir
16.15 New Girl
16.40 Hello Ladies
17.10 Bold and the Beautiful
17.32 Nágrannar
17.57 The Simpsons
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.11 Veður
19.20 Bad Teacher
19.40 The Middle
20.05 Heimsókn
20.30 A to Z
20.55 Grey's Anatomy
21.40 Forever
22.25 Bones
23.10 Getting on
23.40 NCIS
00.25 The Blacklist
01.10 Bad Ass
02.35 The Crazies
04.15 Heimsókn
04.35 Fréttir og Ísland í dag

SPORT *besta sætið*
12.50 Pýsku mörkin
13.20 Austurríki - Rússland
15.00 Svartfjallaland - Svíþjóð
16.40 Pýskaland - Gíbraltar
18.20 Hang Time Road Trip
19.10 Göppingen - Kiel Bein
20.40 Ítalía - Króatía
22.20 Euro 2016 - Markaþáttur
23.10 Göppingen - Kiel

SPORT 2 *enski boltinn*
12.35 Liverpool - Chelsea
14.20 West Ham - Aston Villa
16.00 Skotland - Írland
17.40 An Alternative Reality: The Football Manager Documentary
18.55 Southampton - Leicester
20.40 Man. Utd. - Man. City 20.09.09
21.10 QPR - Man. City
22.55 Premier League World 2014
23.25 Swansea - Arsenal

INN
20.00 Björn Bjarnason **20.30** Tölvur og tækni **21.00** ABC barnahjálp **21.30** Frá Haga í maga

STÖÐ 3
18.15 Last Man Standing
18.40 Are You There, Chelsea?
19.00 Hart of Dixie
19.45 Jamie's 30 Minute Meals
20.10 Baby Daddy
20.35 Flash
21.20 Arrow
22.00 Sleepy Hollow
22.45 Wilfred
23.10 Originals
23.55 Supernatural
00.40 Hart of Dixie
01.25 Jamie's 30 Minute Meals
01.50 Baby Daddy .
02.15 Flash
03.00 Arrow
03.45 Sleepy Hollow
04.30 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

Krakkastöðin
07.00 Áfram Diego, áfram! **07.24** Svampur Sveins **07.45** Elías **07.55** UKI **08.00** Brunabílarnir **08.22** Lína Langsokkur **08.43** Ævintýraferðin **08.56** Tommi og Jenni **09.00** Kalli á þakinu **09.25** Latibær **09.47** Hvellur keppnisbíll **10.00** Könnuðurinn Dóra **10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **10.45** Doddi litli og Eyrnastór **10.55** Rasmus Klumpur og félagar **11.00** Áfram Diego, áfram! **11.24** Svampur Sveins **11.45** Elías **11.55** UKI **12.00** Brunabílarnir **12.22** Lína Langsokkur **12.43** Ævintýraferðin **12.56** Tommi og Jenni **13.00** Kalli á þakinu **13.25** Latibær **13.49** Hvellur keppnisbíll **14.00** Könnuðurinn Dóra **14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **14.45** Doddi litli og Eyrnastór **14.55** Rasmus Klumpur og félagar **15.00** Áfram Diego, áfram! **15.24** Svampur Sveins **15.44** Elías **15.54** UKI **16.00** Brunabílarnir **16.22** Lína Langsokkur **16.43** Ævintýraferðin **16.56** Tommi og Jenni **17.00** Kalli á þakinu **17.25** Latibær **17.49** Hvellur keppnisbíll **18.00** Könnuðurinn Dóra **18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **18.45** Doddi litli og Eyrnastór **18.55** Rasmus Klumpur og félagar **19.00** Happily N'Ever After **20.25** Sögur fyrir svefninn.

GULLSTÖÐIN
17.50 Strákarnir
18.20 Friends
18.45 Arrested Development
19.10 Modern Family
19.35 Two and a Half Men
20.00 Örlagadagurinn
20.30 Heimsókn
21.00 The Mentalist
21.40 Chuck
22.25 Cold Case
23.10 E.R.
23.55 The Untold History of the United States
00.55 Örlagadagurinn
01.25 Heimsókn
01.45 The Mentalist
02.30 Chuck
03.10 Cold Case

BÍÓSTÖÐIN
12.20 The Decoy Bride
13.50 Honey
15.40 Tenure
17.10 The Decoy Bride
18.40 Honey
20.30 Tenure
23.40 Pacific Rim
01.50 The Crazies

RÚV
16.25 Lottóhópurinn
17.20 Disneystundin
17.21 Finnbogi og Felix
17.43 Sígildar teiknimyndir
17.50 Herkúles
18.15 Táknmálsfréttir
18.25 Nigellissima
18.54 Víkingalottó
19.00 Fréttir
19.20 Íþróttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Kastljós
19.55 Óskalögin 1984–1993
20.00 Neyðarvaktin
20.45 Hæpið
21.15 Kiljan
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.20 Netfíkill
23.35 Höllin
00.35 Kastljós
00.55 Fréttir
01.10 Dagskrárlok

SKJÁREINN
06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Everybody Loves Raymond
08.20 Dr. Phil
09.00 The Talk
09.45 Pepsi MAX tónlist
15.25 The Royal Family
15.50 Welcome to Sweden
16.15 Minute to Win It Ísland
17.05 Extant
17.50 Dr. Phil
18.30 The Tonight Show
19.10 The Talk
19.50 30 Rock
20.10 Survivor
21.00 Madam Secretary
21.45 Unforgettable
22.30 The Tonight Show
23.20 Scandal
00.05 Extant
00.50 Madam Secretary
01.35 Unforgettable
02.20 The Tonight Show
03.10 Pepsi MAX tónlist

Golfstöðin
08.00 PGA Tour 2014
11.00 PGA Tour 2014 - Highlights
11.55 Golfing World 2014
12.45 Inside The PGA Tour 2014
13.10 FedExCup Playoffs Official Film
14.10 European Tour 2014
19.10 Golfing World 2014
20.00 PGA Tour Latinoamerica
20.25 PGA Tour 2014 - Highlights
21.20 Golfing World 2014
22.10 PGA Tour Latinoamerica
22.35 LPGA Tour 2014

ÚTVARP
FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

BYKO KLÚBBURINN

ALLIR VELKOMNIR Á KLÚBBAKVÖLD

Miðvikudaginn 19. nóvember kl. 18 - 21

í verslun Breidd, Selfossi, Akureyri, Keflavík og Reyðarfirði.

- **20%** afsláttur af gæludýravörum
- **25%** afsláttur af GJØCO málningu
- **25%** afsláttur af ljósum og perum
- **20%** afsláttur af smáraftækjum
- **20%** afsláttur af rafmagnshandverkfæri
- **25%** afsláttur af búsáhöldum
- **25%** afsláttur af garni og fylgihlutum
- **25%** afsláttur af leikföngum
- **20%** afsláttur af parketi
- **20%** afsláttur af slökkvitækjum og reykskynjurum
- **25%** afsláttur af jólavörum
- **25%** afsláttur af hreinsiefnum

Komið og gæðið ykkur á ljúffengum veitingum, piparkökur, vöfflur, kaffi, heitt súkkulaði og Svali fyrir börnin.

Hreimur Örn leikur ljúfa tóna á milli klukkan 19 og 20 í BYKO Breidd.

Verður heppnin með þér?
Heppnir viðskiptavinir geta unnið 10.000 króna gjafakort frá BYKO eða leikhúsmiða á Línu langsokk.

Kynningar á hinum ýmsu vörum eins og slökkvitækjum og reykskynjurum,hreinsiefnum, ljósaperum, gæludýrafóðri og fleiru.

Ráðgjafar okkar verða á staðnum og aðstoða við val á gólfefnum, málningu og rafmagnsverkfærum.

VIÐ ERUM Í JÓLASKAPI

35 DAGAR TIL JÓLA!

BYKO

BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

www.vert.is / VERT markaðsstofa

MORGUNMATURINN

„Ég fæ mér nánast undantekningarlaust ristað brauð með smjöri, osti og sultu. Svo fæ ég mér líka kaffi.“

Álfrún Helga Örnólfsdóttir, leikkona og jógakennari.

Segist staðráðin í að verða leikkona

Svava Sól Matthíasdóttir vakti athygli þegar hún söng í siguratriði hæfileikakeppninnar Skrekks.

Svava Sól Matthíasdóttir, nemandi í 9. bekk Seljaskóla, vakti athygli þegar hún söng Russian Roulette, lag Rihönnu, í siguratriði Skrekks, hæfileikakeppni grunnskóla Reykjavíkur, á mánudagskvöld.

„Atriðið var um tækni og hvernig hún er að taka yfir allt hjá okkur,“ segir Svava. Nemendur skólans sömdu atriðið og hún ásamt níu öðrum var í hugmyndateyminu.

„Þetta var rosa mikil vinna. Við vorum í tvo mánuði að undirbúa og æfa eftir skóla, alls þrjátíu og fimm krakkar svo það var mikið skipulag,“ segir hún.

Sigurinn segir hún hafa komið þeim á óvart. „Við vorum alveg viss um að annar skóli myndi vinna. Þegar búið var að nefna tvö efstu sætin og sá skóli var ekki þar, vorum við alveg búin að missa vonina.“

Svava er þessa dagana á fullu að æfa í Leitinni að jólunum í Þjóðleikhúsinu. Hún er því vön að standa á sviði, en áður hefur hún tekið þátt í Galdrakarlinum í Oz, Dýrunum í Hálsaskógi og Eldrauninni.

Þegar var búið að segja tvö efstu sætin, vorum við alveg búin að missa vonina.

Aðspurð hvort þetta taki ekki mikinn tíma frá skólanum segir hún svo vera. „En það er alveg þess virði,“ segir þessi hæfileikaríka stelpa sem er staðráðin í að verða leikkona þegar hún verður eldri. - asi

HÆFILEIKARÍK Svava segir æfingarnar taka sinn tíma frá skólanum, en það sé alveg þess virði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

BYRJAÐI SEM TÖLVULEIKUR Jakob Hrafnsson og Hreggviður Magnússon, sölu- og markaðsstjóri RVK Escape. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Lofa hraðasta klukkutíma lífsins

Brátt verður boðið upp á nýja tegund afþreyingar undir heitinu Reykjavík Escape. Þátttakendur lokaðir í herbergi.

„Þetta er hraðasti klukkutími sem þú munt upplifa á ævinni,“ segir Jakob Hrafnsson, maðurinn á bak við Reykjavík Escape.

Um er að ræða nýja og ansi villta tegund afþreyingar. „Þriggja til fimm manna hópur er lokaður inni í herbergi þar sem er einhver leikmynd eða saga ásamt endalausum vísbendingum, gátum og þrautum sem lið þarf að vinna sig í gegnum til að komast út. Þau hafa 60 mínútur til þess en leikurinn er oft gerður að einhverju leyti drungalegur,“ segir Jakob og til dæmis heitir einn leikurinn Prison Break, þar sem brotist er út úr fangaklefa.

Að sögn Jakobs eru sambærilegir leikir orðnir gríðarlega vinsælir erlendis. „Þetta er vinsælasta afþreyingin í París, Berlín, Bangkok og New York en þetta byrjaði allt sem tölvuleikur í Japan. Svo fyrir fimm eða sex árum þá hefur það gerst að einhver sagði: „Af hverju gerum við þetta ekki í alvörunni?“

Þriggja til fimm manna hópur er lokaður inni í herbergi þar sem er einhver leikmynd eða saga ásamt endalausum vísbendingum, gátum og þrautum.

Ég held að fyrsta verkefnið hafi verið opnað í Japan í kringum árið 2007, svo á seinustu tveimur árum hefur þetta greinilega orðið rosalega vinsælt erlendis, ef marka má til dæmis síður eins og Tripadvisor.“

Þrautirnar eru ansi erfiðar og flestir sem komast út úr herberginu gera það í blálokin. Jakob segir að um verndað umhverfi sé að ræða en við hurðina er ávallt neyðarlykill sem er ekki hluti af leiknum og hægt er að grípa í ef eitthvað kemur upp á.

Stefnt er á að opna Reykjavík Escape í byrjun næsta árs en það verður í húsnæði gömlu Rúgbrauðsgerðarinnar í Borgartúni 6. - þij

Konur eiga að tala um húð, hár og neglur

Frumkvöðullinn Fida Abu Libdeh hjá Geosilica framleiðir fæðubótarefni úr kísil.

Fida Abu Libdeh er frumkvöðull, framkvæmdastýra og meðstofnandi fyrirtækisins Geosilica, sem framleiðir kísilfæðubótarefni úr affallsvatni frá jarðvarmavirkjunum landsins.

Fida er fædd og uppalin í Palestínu en flutti til Íslands árið 1995, um það bil sem hún átti að byrja í menntaskóla. „Íslenska var auðvitað ekki móðurmálið mitt. Ég reyndi að fá undanþágu og hafði mikinn áhuga á að klára menntun mína en það gekk erfiðlega,“ segir Fida.

Árið 2008 lauk hún námi við viðskipta- og hagfræðideild háskólabrúar Keilis. Vorið 2012 útskrifaðist hún svo með B.sc.-gráðu í umhverfis- og orkutæknifræði frá Háskóla Íslands. „Þetta byrjaði út frá lokaverkefninu mínu og við stofnuðum Geosilica í kjölfarið. Verkefnið okkar snýst fyrst og fremst um nýtingu á auðlindum,“ útskýrir Fida.

„Við erum að leysa vandamál sem er búið að vera til staðar í mörg ár. En við finnum fyrir því að gert er ráð fyrir því konur eigi frekar að vera í framleiðslu á fegrunarvörum, við eigum að vera að tala um húð, hár og neglur en ekki græna orku og nýtingu á auðlindum.“

Hjá Geosilica starfa fimm starfsmenn, þrjár konur og tveir karlmenn. „Það er oftast fyrst haft samband við strákana þó svo að við séum með sömu menntun,“ segir Fida. „Það eru fáar konur sem hafa farið í þetta. Það er því erfitt að finna fyrirmyndir og það er baráttа á hverjum degi að sanna það að við erum klárar líka.“

Hún segir Geosilica stefna á að koma kísilfæðubótarefninu á markað í desember. „Sé kísill tekinn inn reglulega með fæðu getur hann komið í veg fyrir beinþynningu. Fólk er að taka kalk og mjólkurvörur eru d-vítamínbættar en ef kísill er ekki tekinn með á líkaminn erfitt með að koma steinefnunum fyrir í beinunum.“

FRUMKVÖÐULL Fida segir gert ráð fyrir að konur eigi að hafa áhuga á fegrunarvörum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kísill er þekktur fyrir að hafa góð áhrif á húð, hár og neglur en áhrif hans takmarkast ekki þar. „Hann styrkir líka bandvef, brjósk, sinar og liðbönd. Þar sem hann styrkir bandvefinn getur hann dregið úr tíðni íþróttameiðsla.“

Fida segir frá Geosilica og deilir reynslu sinni af því að fá hugmynd og koma henni í framkvæmd á alþjóðlegum degi frumkvöðlakvenna í Hannesarholti klukkan hálf fjögur í dag.

→ Kísill er efnasamband kísils (Si) og súrefnis. Kísill er eftirsótt hráefni í margs konar iðnað en hefur í auknum mæli verið notaður sem fæðubótarefni til inntöku.

gydaloa@frettabladid.is

Síminn

Snjallpakkarnir okkar eru sveigjanlegri

Sveigðu pakkann

Ef þú klárar gagnamagnið í farsímaleiðinni geturðu nú skipt mínútum út fyrir gagnamagn og haldið áfram að vafra.

90 mín. | 50MB — 60 mín. | 200MB — 30 mín. | 500MB
fleiri mín. — 990 kr. — fleiri MB

120 mín. | 500MB — 90 mín. | 750MB — 60 mín. | 1GB
fleiri mín. — 1.990 kr. — fleiri MB/GB

350 mín. | 1GB — 250 mín. | 3GB — 120 mín. | 10GB
fleiri mín. — 3.990 kr. — fleiri GB

Kynntu þér nýju sveigjanlegu Snjallpakkana

Allir sem eiga snjallsíma vita að suma mánuði talar maður meira en aðra mánuði er maður meira á netinu í símanum. Sveigjanlegu Snjallpakkarnir okkar eru farsímaleið þar sem þú sveigir pakkann þinn, hvort sem er í áskrift eða Frelsi, með því að skipta mínútum út fyrir gagnamagn eða öfugt, allt eftir þörfum hverju sinni. Þú stjórnar og aukakostnaðurinn er enginn!

Þú getur meira með Símanum

ENNEMM / NM65658

siminn.is

JÓLAKVÖLD
HÚSGAGNAHALLARINNAR
Í REYKJAVÍK

20%
AFSLÁTTUR
AF ALLRI SMÁ-
VÖRU*

*Gildir ekki ofan á önnur tilboð,
til dæmis ef vara er fyrir á jólatilboði!

iittala ALESSI IW home&table Rosenthal by nord VIDIVÌ nuance eva solo S.O.U.L SPIRIT OF ULTIMATE LIFESTYLE Rosti Mepal broste COPENHAGEN bodum S&P Salt&Pepper

HÚSGAGNAHÖLLIN • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • **OPIÐ** Virka daga 10-18, laugard. 11-17 og sunnud. 13-17

Í KVÖLD

MIÐVIKUDAG 19. NÓVEMBER

FRÁ KL. 19^{00} TIL 22^{00}

SKEMMTIATRIÐI OG LÉTTAR VEITINGAR!

- Kynnar eru þeir Svali & Svavar frá K-100
- KK & Ellen taka jólalög
- MS kynnir Dalaosta
- Mekka kynnir Van Gogh hvítvín
- Rúnar kokkur kynnir einstaka heimalagaða 36 mánaða hráskinku
- krom.is kynna NYX förðun og bPro fyrir hárið
- Omnom kynnir íslenskt handgert súkkulaði
- Kynning á Viking jólabjór
- Tariello kynnir sælkeravörur sínar
- Dísa frá Laugum Spa kynnir FACE-BODY-HOME

KOMDU OG UPPLIFÐU FRÁBÆRT KVÖLD MEÐ OKKUR!

omnom · Dalaostar · kokkarnir VEISLUÞJÓNUSTA · TARIELLO · KRÓM · VÍKING JÓLABJÓR · LAUGAR SPA FACE BODY HOME

ALLIR SEM VERSLA FARA Í POTT OG EIGA MÖGULEIKA Á AÐ VINNA SKEMMTILEGA VINNINGA!

HÚSGAGNAHÖLLIN

– FYRIR LIFANDI HEIMILI –

100 FYRSTU FÁ GLAÐNING FRÁ HÖLLINNI

OG Dalsbraut 1 • Akureyri OPIÐ Virka daga kl 10–18 og laugardaga 11-16 EITT SÍMANÚMER 558 1100

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

LÆGRA VERÐ STUNDVÍSI BREIÐASTA BROSIÐ NÝRRI VÉLAR
LOFORÐ WOW

FRÉTTIR AF FÓLKI

Hætt við gamanþætti

Ákveðið hefur verið að ráðast ekki í framleiðslu bandarísku gamanþáttaraðarinnar We Hate Paul Revere, með Ólafi Darra Ólafssyni í einu hlutverkanna. Kapalstöðin AMC tilkynnti að þættirnir væru í bígerð í júlí síðastliðnum og voru miklar vonir bundnar við þá. Hálftíma-langur prufuþáttur var tekinn upp, en hann þótti ekki nógu góður og heillaði ekki stjórnendur stöðvarinnar. AMC hefur áður getið sér gott orð fyrir hina vinsælu sjónvarps-þætti Breaking Bad og Mad Men.

- fb

Jólalegur bankastjóri

Már Guðmundsson seðlabanka-stjóri ætlar að klæðast jólapeysu þegar hann kynnir vaxtaákvörðun í desember, fái hann nægilega margar áskoranir til þess. Þetta mun hann gera til þess að leggja sitt lóð á vogarskálarnar í baráttunni gegn einelti. „Ég stýri stórum vinnustað og ég vil ekki hafa einelti þar, ég veit hvað það getur verið skemmandi og ég eins og margir aðrir sá einelti þegar ég var á skólaárunum," segir Már á YouTube-myndskeiði sem Barnaheill – Save the Children tóku upp. Jólapeysunni, fjáröflunarátaki Barnaheilla, verður formlega ýtt úr vör á morgun í leik-skólanum Kirkjubóli í Garðabæ. Í ár er safnað fyrir Vináttu, forvarnarverk-efni sam-takanna gegn einelti í leik-skól-um.

- jhh

Mest lesið VÍSIR

1. Tómas og Hrafnhildur komin í leitirnar
2. Ætlar að opna kannabisbúð: „Ég veit að þetta verður lögleitt"
3. Átta ungir fíklar hafa látið lífið á rúmu ári
4. Selir þröngva mörgæsum til samræðis
5. Gísli ræddi við Sigríði daginn sem gögnin voru birt

Við kynnum Philips Ambilight 9000 sjónvörpin

Engin venjuleg upplifun

með Android

PHILIPS

Heimilistæki ht.is

WOW air

BESTA VEÐRIÐ..

SÓL, SÓL SKÍN Á ÞIG!

ALICANTE frá 18.999 kr.*
Tímabil: apríl - maí 2015

TENERIFE frá 18.999 kr.*
Tímabil: apríl - maí 2015

LÆGSTA HÓTELVERÐIÐ!

3.109 gistirými á Alicante

685 gistirými á Tenerife

Verð í 7 nætur frá 21.619 kr.**

BÓKAÐU ALLT Á WOWAIR.IS

WOW MOMENT

KATRÍNARTÚN 12 WOWAIR.IS WOWAIR@WOWAIR.IS

*Verð miðast við flug aðra leið með sköttum, 999 kr. bókunargjald - og töskugjald ekki innifalið.

**Á mann í tvíbýli